

# EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi  
Evrópusambandsins

**Nr. 17**

27. árgangur

19.3.2020

	<b>I EES-STOFNANIR</b>	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II EFTA-STOFNANIR</b>	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
2020/EES/17/01	Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 083/19/COL frá 28. nóvember 2019 – Trondheim Spektrum .....	1
	3. EFTA-dómstóllinn	
2020/EES/17/02	Dómur dómstólsins frá 13. desember 2019 í máli nr. E-1/18 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi .....	39
2020/EES/17/03	Dómur dómstólsins frá 14. desember 2019 í máli nr. E-1/19 – Andreas Gyrre gegn norska ríkinu, þar sem barna- og jafnréttisráðuneytið er í fyrirsvari .....	40
	<b>III ESB-STOFNANIR</b>	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2020/EES/17/04	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9507 – Salini Impregilo/Astaldi) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	41
2020/EES/17/05	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9592 – Freudenberg/Low& Bonar) .....	42
2020/EES/17/06	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9662 – Generali/Klesia/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	43
2020/EES/17/07	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9675 – Apollo Capital Management/Lopesan Group/IFA Faro Hotel/IFA Buenaventura Hotel) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	44
2020/EES/17/08	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9705 – EXOR/GEDI) .....	45

<b>2020/EES/17/09</b>	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9742 – Sinopec Group/Joint Stock Company Novatek/Gazprombank/SINOVA Natural Gas Company) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	46
<b>2020/EES/17/10</b>	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9747 – Lagardère Travel Retail/BTA/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	47
<b>2020/EES/17/11</b>	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9755 – MAIF 2/PSP/AirTrunk) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	48
<b>2020/EES/17/12</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9417 – Volvo Cars/AB Volvo/World of Volvo JV) .....	49
<b>2020/EES/17/13</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9590 – Oaktree/RAFI) .....	49
<b>2020/EES/17/14</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9642 – Acerinox/VDM) .....	50
<b>2020/EES/17/15</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9647 – GHT Mobility/Stadtwerke Düsseldorf/CleverShuttle Düsseldorf) .....	50
<b>2020/EES/17/16</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9649 – TSR Recycling/Sims Metal Management (Certain Recycling Assets)) .....	51
<b>2020/EES/17/17</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9665 – General Real Estate/Apleona Real Estate/Property Management JV) .....	51
<b>2020/EES/17/18</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9719 – FFHL/OMERS/Riverstone) .....	52
<b>2020/EES/17/19</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9733 – ENGIE/Mirova/Predica/JV) .....	52
<b>2020/EES/17/20</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9740 – ISQ/Rubis/Rubis Terminal) .....	53
<b>2020/EES/17/21</b>	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir ...	54

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2020/EES/17/01

nr. 083/19/COL

frá 28. nóvember 2019

Trondheim Spektrum

(Noregur)

Eftirlitsstofnun EFTA („eftirlitsstofnunin“) hefur,  
með vísan til sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 61. gr. og 62. gr.,  
með vísan til bókunar 26 við EES-samninginn,  
með vísan til sammings milli EFTA-rikkjana um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 24. gr.,  
með vísan til bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, einkum 2. mgr. 1. gr. I hluta og 3. mgr. 7. gr. II hluta,  
með vísan til ákvörðunar eftirlitsstofnunarinnar nr. 195/04/COL (með áorðnum breytingum),  
eftir að hafa leitað eftir athugasemdum hagsmunaaðila og að teknu tilliti til athugasemda sem borist hafa,  
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

### I. MÁLSATVIK

#### 1 Málsmeðferð

##### 1.1 Fyrri kvörtunin

1) Eftirlitsstofnun EFTA barst kvörtun 14. mars 2017 <sup>(1)</sup> þar sem staðhæft er að sveitarfélagið Þrándheimur („sveitarfélagið“) hafi veitt Trondheim Spektrum AS („TS“), fyrirtæki sem á og starfrækir Trondheim Spektrum, fjölnota íþróttahús í Þrándheimi, Noregi, ólögmeta ríkisaðstoð. Eftirlitsstofnunin bauð norskum stjórnvöldum að tjá sig um kvörtunina með bréfi dags. 27. mars 2017 <sup>(2)</sup>. Norsk stjórnvöld svöruðu með bréfi dags. 2. júní 2017 <sup>(3)</sup>.

##### 1.2 Síðari kvörtunin

2) Eftirlitsstofnun EFTA barst önnur kvörtun 27. júlí 2017 <sup>(4)</sup>, þar sem einnig var staðhæft að sveitarfélagið hafi veitt TS ólögmeta ríkisaðstoð. Eftirlitsstofnunin bauð norskum stjórnvöldum að tjá sig með bréfi dags. 24. ágúst 2017 <sup>(5)</sup>. Í sama bréfi óskaði eftirlitsstofnunin eftir frekari upplýsingum frá norskum stjórnvöldum varðandi athugasemdir þeirra við fyrstu kvörtunina. Eftirlitsstofnunin framsendi norskum stjórnvöldum frekari upplýsingar frá síðari kvartandanum með bréfi dags. 1. september 2017 <sup>(6)</sup>.

3) Norsk stjórnvöld gerðu athugasemdir við síðari kvörtunina með bréfi dags. 20. september 2017 og veittu upplýsingar sem eftirlitsstofnunin hafði beðið um að því er varðar fyrri kvörtunina <sup>(7)</sup>. Fjallað var um málið frekar á árlegum þakkafundi í Osló 29. september 2017. Í framhaldi af því voru umræðurnar reifaðar í eftirfylgnibréfi <sup>(8)</sup>.

<sup>(1)</sup> Skjöl nr. 847105 og 848590 til 848601.

<sup>(2)</sup> Skjal nr. 849708.

<sup>(3)</sup> Skjöl nr. 859505, 859499, 859501 og 859503.

<sup>(4)</sup> Skjöl nr. 867151, 868181 og 868182.

<sup>(5)</sup> Skjal nr. 870428.

<sup>(6)</sup> Skjal nr. 870360.

<sup>(7)</sup> Skjöl nr. 874440 og 874442.

<sup>(8)</sup> Skjal nr. 876728.

### 1.3 *Beiðni um upplýsingar*

- 4) Eftirlitsstofnun EFTA sendi norskum stjórnvöldum beiðni um upplýsingar 20. október 2017 <sup>(9)</sup>. Norsk stjórnvöld og eftirlitsstofnunin ræddu upplýsingabeiðnina á myndfundi 22. nóvember 2017. Svar norskra stjórnvalda barst með bréfi dags. 8. desember 2017 <sup>(10)</sup>.

### 1.4 *Viðbótarupplýsingar frá síðari kvartandanum*

- 5) Síðari kvartandinn lagði fram frekari upplýsingar 19. september 2017 <sup>(11)</sup>. Síðari kvartandinn lagði fram upplýsingar til viðbótar við það 6. nóvember 2017 <sup>(12)</sup>. Hinn 9. nóvember 2017 tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA norskum stjórnvöldum um viðbótarupplýsingar frá einum kvartandanna <sup>(13)</sup>. Hinn 22. nóvember og 13. desember 2017 áttu norsk stjórnvöld og eftirlitsstofnunin viðræður um málið á myndfundum. Hinn 1. desember 2017 veittu norsk stjórnvöld eftirlitsstofnuninni viðbótarupplýsingar <sup>(14)</sup>.
- 6) Síðari kvartandinn lagði fram frekari viðbótarupplýsingar 26. október 2018 <sup>(15)</sup>.

### 1.5 *Beiðni um frekari upplýsingar*

- 7) Hinn 16. janúar 2018 sendi Eftirlitsstofnun EFTA norskum stjórnvöldum beiðni um upplýsingar <sup>(16)</sup> og svoruðu þau beiðninni með bréfum dags. 1. og 5. febrúar 2018 <sup>(17)</sup>.

### 1.6 *Tilkynning um leigusamninginn frá 2019*

- 8) Norsk stjórnvöld tilkynntu 29. nóvember 2018 <sup>(18)</sup> um leigusamning („leigusamningurinn frá 2019“) sem ráðgert er að taki gildi 1. desember 2019. Eftirlitsstofnun EFTA óskaði eftir viðbótarupplýsingum frá norskum stjórnvöldum með bréfi dags. 28. janúar 2019. Svar norskra stjórnvalda barst með bréfi dags. 21. febrúar 2019 <sup>(19)</sup>.
- 9) Hinn 13. mars 2019 áttu norsk stjórnvöld og eftirlitsstofnunin viðræður um málið á myndfundum. Norsk stjórnvöld lögðu fram frekari upplýsingar í kjölfar fundarins <sup>(20)</sup>. Norsk stjórnvöld lögðu fram upplýsingar til viðbótar 18. mars 2019 <sup>(21)</sup>. Hinn 11. júní, 15. júlí og 18. október 2019 áttu norsk stjórnvöld og eftirlitsstofnunin viðræður um málið á myndfundum.

### 1.7 *Samantekt upplýsinga (GBER-eyðublað) varðandi hlutafjárakningu*

- 10) Norsk stjórnvöld lögðu fram GBER <sup>(22)</sup> eyðublað <sup>(23)</sup> 10. desember 2018 sem varðaði tímabundna aðstoð við TS í formi hlutafjárakningar að upphæð 55 milljónir NOK (u.þ.b. 5,68 milljónir EUR), þar sem fram kom að ráðstöfunin félli undir hópundanþágu.

<sup>(9)</sup> Skjal nr. 877379.

<sup>(10)</sup> Skjöl nr. 887522, 887524 og 887526.

<sup>(11)</sup> Skjal nr. 874067.

<sup>(12)</sup> Skjal nr. 881377.

<sup>(13)</sup> Skjal nr. 888352.

<sup>(14)</sup> Skjöl nr. 885827, 885829, 888351 og 888354.

<sup>(15)</sup> Skjal nr. 936140.

<sup>(16)</sup> Skjal nr. 888021.

<sup>(17)</sup> Skjöl nr. 896723, 896725, 896727 og 896729.

<sup>(18)</sup> Skjöl nr. 1040641, 1040643, 1040645, 1040647 og 1040649.

<sup>(19)</sup> Skjöl nr. 1054292, 1054294, 1054296 og 1054298.

<sup>(20)</sup> Skjöl nr. 1059166, 1059170 og 1059171.

<sup>(21)</sup> Skjöl nr. 1059842 til 1059848.

<sup>(22)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans (Stjtúð. ESB L 187, 26.6.2014, bls. 1), sem vísað er til í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn, sjá ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2014, birt í Stjtúð. ESB L 342, 27.11.2014, bls. 63, og EES-viðbæti nr. 71, 27.11.2014, bls. 61, breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1084 frá 14. júní 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 651/2014 að því er varðar aðstoð vegna grunnvirkja hafna og flugvalla, tilkynningarmörk fyrir aðstoð vegna menningar og varðveislu menningararfleifðar og aðstoð vegna íþróttagrunnvirkja og fjölnota tómsundagrunnvirkja og svæðisbundin rekstraraðstoðarkerfi á ystu svæðum og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 702/2014 að því er varðar útreikning á aðstoðarhæfum kostnaði (Stjtúð. ESB L 156, 20.6.2017, bls. 1), sjá ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 185/2017, birt í Stjtúð. ESB L 174, 27.6.2019, bls. 56, og EES-viðbæti nr. 52, 27.6.2019, bls. 67.

<sup>(23)</sup> Mál nr. 82883, [GBER 30/2018/Sports](#).

### 1.8 Formleg rannsókn

- 11) Eftirlitsstofnun EFTA hóf formlega rannsókn með ákvörðun nr. 32/19/COL („ákvörðun um að hefja rannsókn“). Norsk stjórnvöld báðu með bréfi dags. 2. maí 2019 <sup>(24)</sup> um framlengingu á frestinum, sem upphaflega var til 20. maí 2019, til að leggja fram athugasemdir og láta af hendi öll skjöl, upplýsingar og gögn sem nauðsynleg væru til þess að leggja mat á ráðstöfunina. Samþykkti eftirlitsstofnunin með bréfi dags. 10. maí 2019 <sup>(25)</sup>, að lengja frestinn til 20. júní 2019. Hinn 19. júní 2019 óskuðu norsk stjórnvöld eftir frekari framlengingu á frestinum til 30. ágúst 2019 og féllst eftirlitsstofnunin á það 20. júní 2019 <sup>(26)</sup>.
- 12) Norsk stjórnvöld svöruðu ákvörðuninni um að hefja rannsókn með bréfi dags. 30. ágúst <sup>(27)</sup>.
- 13) Ákvörðunin um að hefja rannsókn var birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og EES-viðbætinum 23. maí 2019 <sup>(28)</sup>. Bárust eftirlitsstofnuninni athugasemdir frá einum hagsmunaaðila, eða einum kvartendanna. Eftirlitsstofnunin framsendi þær með bréfi dags. 27. júní 2019 <sup>(29)</sup> til norskra stjórnvalda til þess að gefa þeim kost á að svara. Norsk stjórnvöld gerðu athugasemdir við athugasemdir hagsmunaaðila með bréfi dags. 30. ágúst 2019 <sup>(30)</sup>.

## 2 Forsaga

- 14) Sveitarfélagið hefur það að markmiði að sjá íbúum Þrándheims fyrir aðstöðu til íþrótt- og tómstundaiðkunar. Trondheim Spektrum hýsir stóra og smáa íþróttaviðburði, auk annarra viðburða á borð við tónleika, kaupstefnur og ráðstefnur. Trondheim Spektrum mun t.d. halda Evrópu-meistaramót kvenna og karla í handbolta árið 2020.
- 15) Árið 2004 markaði sveitarfélagið stefnu um gjaldfrjálsa aðstöðu í þágu íþróttafélaga sveitarfélagsins. Gerir þetta börnum og ungmennum kleift að taka þátt í íþróttum, óháð tekjum fjölskyldna þeirra.
- 16) Sveitarfélagið er eigandi og rekstraraðili nokkurra íþróttahúsa í því skyni að uppfylla markmiðið um að sjá íbúum fyrir íþróttaaðstöðu, en leigir einnig aðstöðu sem er í eigu og rekstri af hálfu þriðja aðila. Sveitarfélagið kaupir aðstöðu af TS, íþróttafélögum sem eru með sína eigin aðstöðu, öðrum stofnunum á vegum ríkisins (t.d. í framhaldsskólabyggingum) og að mjög takmörkuðu leyti af einkaaðilum.
- 17) Sveitarfélagið leigir aðstöðu af þessu tagi með sérstökum leigusamningum og er hin sameiginlega aðstaða gerð aðgengileg án endurgjalds og henni skipt á milli íþróttafélaga. Skipting aðstöðunnar er í höndum íþróttaráðs staðarins (*Idrettsrådet*), sem er hluti af skipulagsheild norska íþróttasambandsins (*Norges idrettsforbund*).
- 18) Ráðstöfun þeirrar heildaraðstöðu sem er til afnota er því í höndum íþróttaráðs staðarins. Íþróttaráðið hefur sett á laggirnar nefnd sem ætlað er að ráðstafa aðstöðunni sem sveitarfélagið hefur gert aðgengilega. Nefndin dreifir klukkustundunum sem eru til afnota á grundvelli leiðbeininga sem íþróttaráðið gefur út.
- 19) TS á og starfrækir Trondheim Spektrum, fjölnota aðstöðu sem staðsett er miðsvæðis í Þrándheimi. eru átta fjölnota salir til ráðstöfunar í húsinu. Salirnir eru nýttir sem þjálfunarstaðir fyrir íþróttafélög staðarins, sem og smærri og stærri íþróttaviðburði og aðra viðburði á borð við tónleika, kaupstefnur og ráðstefnur.
- 20) Saga TS nær allt aftur til fyrirtækisins Nidarøhallen og stofnunar þess árið 1961 með það fyrir augum að annast byggingu og rekstur íþrótt- og sýningarhallar í Þrándheimi. Hinn 5. júní 2002 var heiti fyrirtækisins breytt í Trondheim Spektrum AS.

<sup>(24)</sup> Skjal nr. 1067253.

<sup>(25)</sup> Skjal nr. 1068858.

<sup>(26)</sup> Skjal nr. 1079516.

<sup>(27)</sup> Skjal nr. 1085424.

<sup>(28)</sup> Stjúið. ESB C 177, 23.5.2019, bls. 27, og EES-viðbætur nr. 41, 23.5.2019, bls. 1.

<sup>(29)</sup> Skjal nr. 1078019.

<sup>(30)</sup> Skjal nr. 1085424.

- 21) Sveitarfélagið hefur verið og er sem stendur stærsti hluthafinn í TS. Á það sem stendur 99,68% hluta í fyrirtækinu <sup>(31)</sup>.
- 22) Bygging fyrsta hluta aðstöðunnar lauk 1963 (salir A og B). Aðstaðan hefur verið stækkuð fjórum sinnum, árið 1971 (salur C), 1980 (salur G), 1988 (salur D og E/H) og 2000 (salur F).
- 23) Frá sumrinu 2017 hefur Trondheim Spektrum gengist undir umtalsverðar endurbætur og stækkun.
- 24) Sveitarfélagið leigir aðstöðu af TS og ráðstafar henni til íþróttaráðsins. Samkvæmt leigusamningnum er Trondheim Spektrum að mestu ætlað fyrir íþróttastarf ungs fólks frá september fram í maí <sup>(32)</sup>. Önnur aðstaða sem er til afnota á tímabilinu frá september til maí, til viðbótar við heildaraðstöðuna út árið, er leigð út af TS fyrir aðra íþróttastarfsemi, kaupstefnur og tónleika, o.s.frv. TS heldur fjölda sýninga, m.a. árlega sjávarútvegssýningu. Einnig hefur TS tekjur af rekstri söluturns, kaffihúss og veitingahúss.
- 25) Í framtíðarviðskiptaáætlun TS er miðað að því að svipaðar og nánast jafn miklar tekjur fái af leigusamningnum við sveitarfélagið og af annarri starfsemi, hvoru um sig, eins og raunin hefur verið í gegnum tíðina <sup>(33)</sup>.

### 3 Lýsing á ráðstöfununum

#### 3.1 Yfirstandandi aðstoð

- 26) Ákvörðunin um að hefja rannsókn varðaði nokkrar meintar aðstoðarráðstafanir í þágu TS. Í ákvörðuninni um að hefja rannsókn lagði Eftirlitsstofnun EFTA ekki mat á eðli ráðstafananna, eða hvort, ef þær teldust fela í sér aðstoð, um væri að ræða yfirstandandi aðstoð í skilningi b-liðar 1. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól“). Þær ráðstafanir falla því ekki undir þessa ákvörðun. Ráðstafanirnar vörðuðu i) lán sveitarfélagsins (ráðstöfun 1), ii) ábyrgð sveitarfélagsins (ráðstöfun 2), iii) leigusamninga (ráðstöfun 3), og iv) aðstoð með fjármagni norskra getrauna (ráðstöfun 8) <sup>(34)</sup>.

#### 3.2 Meintar aðstoðarráðstafanir

- 27) Eins og fram kemur í 120. mgr. ákvörðunarinnar tók rannsóknin til eftirfarandi ráðstafana:
  - Ráðstöfun 4 (að hluta): leigusamningar milli TS og sveitarfélagsins, sem gerðir voru frá 2007 til 2017.
  - Ráðstöfun 5: nýr leigusamningur frá 2019 milli TS og sveitarfélagsins (tilkynntur).
  - Ráðstöfun 6: hlutafjárukning í tengslum við nýjan og óvæntan kostnað við stækkun og endurbætur á Trondheim Spektrum.
  - Ráðstöfun 7: fjármögnun kostnaðar vegna grunnvirkja.
  - Ráðstöfun 9: óbein ábyrgð sem lánsamningur Nordea og TS felur í sér.
- 28) Vísar eftirlitsstofnunin til 4. kafla ákvörðunarinnar um að hefja rannsókn, að því er varðar ítarlegri lýsingar á ráðstöfununum.

#### 3.3 Ráðstöfun 4 – leigusamningar sem gerðir voru frá 1999 til 2017

- 29) Stærstur hluti aðstöðunnar í Trondheim Spektrum hefur að jafnaði verið nýttur í þágu íþróttafélaga á grundvelli leigusamninga milli TS og sveitarfélagsins. Sveitarfélagið hefur haft aðstöðuna á leigu frá opnun árið 1963. Leigði sveitarfélagið aðstöðuna af Trondheim Spektrum fyrir u.þ.b. 12 milljónir NOK á ári frá 1990 til 2002.

<sup>(31)</sup> Skjal nr. 1085422, bls. 11.

<sup>(32)</sup> TS hefur rétt til að nýta aðstöðuna í samtals 3 000 klukkustundir á þessu tímabili.

<sup>(33)</sup> Skjal nr. 1040641, bls. 4.

<sup>(34)</sup> Ráðstöfun 1 til 3 og ráðstöfun 8. Sjá 120. mgr. ákvörðunarinnar um að hefja rannsókn um niðurstöðuna að því er varðar nýja og yfirstandandi aðstoð.

- 30) Kvartendurnir hafa haldið því fram að um sé að ræða leigu yfir markaðsverði. Það er, að leigufjárhæðin byggist á þörfum TS en ekki umfangi þeirrar aðstöðu sem sveitarfélagið þarf til afnota. Kvartendurnir halda því fram að leigugreiðslurnar hafi aldrei verið niðurstaða samningaviðræðna milli óskyldra aðila, heldur verið ákvarðaðar einhliða af stjórn sveitarfélagsins.
- 31) Samkvæmt norskum stjórnvöldum hefur leigan sem sveitarfélagið greiðir TS verið í samræmi við markaðskjör og því feli hún ekki í sér ríkisástoð. Ef Eftirlitsstofnun EFTA kemst að annari niðurstöðu telja norsk stjórnvöld að öll ný ástoð myndi hvað sem öðru liði teljast í samræmi við framkvæmd EES-samningsins.
- 32) Við málsmeðferðina í aðdraganda ákvörðunarinnar um að hefja rannsókn höfðu norsk stjórnvöld haldið því fram að leigusamningarnir væru hluti af yfirstandandi aðstoðarkerfi. Í ákvörðuninni um að hefja rannsókn var það bráðabirgðaniðurstaða eftirlitsstofnunarinnar að leigusamningarnir sem gerðir voru frá 1999 til 2017 teldust ekki vera aðstoðarkerfi. Norsk stjórnvöld hafa ekki mótmælt þessari bráðabirgðaniðurstöðu eftirlitsstofnunarinnar í athugasemdum sínum við ákvörðunina um að hefja rannsókn.
- 33) Skv. 1. mgr. 15. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól gildir tíu ára fyrningarfrestur um heimildir eftirlitsstofnunarinnar til þess að láta endurgreiða ástoð. Fyrningarfrestur hefst daginn sem hin ólöglega ástoð er veitt þiggjanda, annaðhvort sem stök ástoð eða ástoð samkvæmt aðstoðarkerfi. Sérhver aðgerð af hálfu eftirlitsstofnunarinnar vegna ólöglegrar ástoðar, rýfur fyrningarfrestinn <sup>(35)</sup>.
- 34) Í ákvörðuninni um að hefja rannsókn takmarkaði eftirlitsstofnunin mat sitt við þá leigusamninga þar sem fyrningarfrestur er ekki liðinn <sup>(36)</sup>. Var það mat eftirlitsstofnunarinnar að fyrningarfrestur hafi verið rofinn 27. mars 2017 <sup>(37)</sup>.
- 35) Samkvæmt þessu eru leigusamningarnir þar sem fyrningarfrestur er ekki liðinn eftirfarandi:
- a) Leigusamningur 2007-2008.
  - b) Leigusamningur 2009-2010.
  - c) Leigusamningur 2011 (endurnýjaður árlega).
- 36) Ástæðan er sú að samkvæmt upplýsingum sem norsk stjórnvöld hafa veitt virðist leigusamningurinn hafa tekið gildi 1. janúar 2008 <sup>(38)</sup>, sem er því dagurinn sem ástoð af einhverju tagi var veitt samkvæmt samningnum, þar sem ekkert hefur komið fram sem bendir til hins gagnstæða.
- 37) Eftirlitsstofnunin sagði hins vegar í ákvörðuninni um að hefja rannsókn að hana skorti upplýsingar varðandi leigusamninginn sem var í gildi árið 2007 þar sem leigusamningurinn sem norsk stjórnvöld hafa skráð sem þann næsta á undan leigusamningnum 2007-2008 rann út 31. desember 2006. Enn fremur hafði eftirlitsstofnunin ekki upplýsingar um hvenær leigusamningurinn 2007-2008 var undirritaður og hvort dagsetning undirritunar gæti verið dagsetningin þegar ástoð af einhverju tagi var veitt á grundvelli samningsins.
- 38) Í athugasemdum við ákvörðunina um að hefja rannsókn sögðu norsk stjórnvöld að þau gætu ekki lagt leigusamninginn sem var í gildi 2007 fram þar sem svo virtist sem enginn leigusamningur hefði verið gerður. Báru norsk stjórnvöld, að þar sem leigan var greidd í samræmi við leigusamninginn fyrir tímabilið á undan benti það til þess að samningurinn hafi verið framlengdur með þegjandi samkomulagi, sem sé í samræmi við reglur norsks samningaréttar. Hvað sem því líður leiða upplýsingarnar sem norsk stjórnvöld hafa veitt í ljós þá leiguupphæð sem sveitarfélagið greiddi fyrir tiltekið umfang aðstöðu.

<sup>(35)</sup> Ákvæði 2. mgr. 15. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

<sup>(36)</sup> Sjá enn fremur kafla 5.1.6.4 í ákvörðuninni um að hefja rannsókn.

<sup>(37)</sup> Sjá ákvörðunina um að hefja rannsókn, kafla 5.1.6.

<sup>(38)</sup> Fylgiskjal Q með skjali nr. 859501.

- 39) Eftirlitsstofnunin bað ekki um frekari upplýsingar að þessu leyti þar sem norsk stjórnvöld mótmæltu ekki mati eftirlitsstofnunarinnar á fyrningarfrestinum og þar sem norsk stjórnvöld hafa veitt upplýsingar um upphæðina sem var greidd samkvæmt leigusamningnum. Skortur á skjallægri staðfestingu hefur því ekki áhrif á mat eftirlitsstofnunarinnar á ráðstöfuninni sem þessi ákvörðun varðar.

### 3.4 Ráðstöfun 5 – leigusamningur frá 2019 – tilkynning

- 40) Eins og fram kemur í mgr. 8) að framan tilkynntu norsk stjórnvöld um leigusamninginn frá 2019. TS og sveitarfélagið hafa gert nýjan leigusamning sem tekur gildi 1. desember 2019<sup>(39)</sup>. Leigusamningurinn rennur út 30. apríl 2035.
- 41) Hafa norsk stjórnvöld útskýrt að leigusamningurinn byggist á sömu reglum og þeim sem liggja fyrri leigusamningum til grundvallar. Hafa norsk stjórnvöld enn fremur útskýrt að nýi leigusamningurinn feli í sér umtalsverða aukningu á umfangi þeirrar aðstöðu sem íþróttafélögin hafi aðgang að. Samkvæmt nýja leigusamningnum eru samtals leigðar 16 848 klukkustundir árlega, en áður hafi verið um að ræða 12 500 klukkustundir. Felur nýi leigusamningurinn í sér hækkun á leigu á klukkustund úr u.þ.b. 1 200 NOK í 1 700 NOK (úr u.þ.b. 124 EUR í 176 EUR). Tvær ástæður eru fyrir þessari hækkun. Í fyrsta lagi var leigan sem sveitarfélagið hefur greitt í gegnum tíðina ákvörðuð í samræmi við viðmið sem sett voru 1989 og 1990 og hefur þeim ekki verið breytt síðan. Í öðru lagi leiðir byggingarkostnaður, sem kemur til af því að boðið er upp á sveigjanleika og þörfum íþróttagreina af fjölbreyttu tagi er sinnt, til þess að rekstrarkostnaður á fermetra fer langt fram úr kostnaði á fermetra á núverandi mótsstað.
- 42) Báðir kvartendurnir hafa haldið því fram að leigan í nýja leigusamningnum sé yfir markaðskjörum því hún byggist á þörfum TS en ekki þeirri aðstöðu sem sveitarfélagið þarfnast. Halda kvartendurnir því fram að leiguupphæðin sé ekki grundvölluð á samningaviðræðum óskyldra aðila heldur ákvörðuð svo unnt sé að mæta byggingarkostnaði við stækkun Trondheim Spektrum.
- 43) Einn kvartendanna hefur enn fremur haldið því fram að helstu kostnaðarþættir viðbyggingar- og endurbótaverkefnisins tengist kröfum vegna annarrar starfsemi en leigusamningurinn tekur til, s.s. tónleika, íþróttaviðburða og sýninga. Einn kvartendanna fullyrðir að skipting kostnaðar milli ólíkrar starfsemi sé því röng þar sem hægt hefði verið að mæta þörfum íþróttafélaganna með lægri kostnaði.
- 44) Samkvæmt norskum stjórnvöldum hefur leigan sem sveitarfélagið greiðir TS á grundvelli nýja leigusamningsins verið í samræmi við markaðskjör og feli hún því ekki í sér ríkisaðstoð. Geti eftirlitsstofnunin ekki útilokað að ríkisaðstoð sé fyrir hendi í nýja leigusamningnum hafa norsk stjórnvöld tilkynnt leigusamninginn sem aðstoð sem samrýmist framkvæmd EES-samningsins skv. c-lið 3. mgr. 61. gr.

### 3.5 Ráðstöfun 6 – hlutfjárukning vegna nýs og óvænts kostnaðar – hópundanþága

- 45) Eins og segir í mgr. 10 að framan, lögðu norsk stjórnvöld 10. desember 2018 fram GBER-eyðublað<sup>(40)</sup>, sem varðaði sérstaka aðstoð við TS að upphæð 55 milljónir NOK (u.þ.b. 5,68 milljónir EUR) í formi hlutfjárukningar. Norsk stjórnvöld hafa veitt TS hlutfjárukninguna á grundvelli 55. gr. GBER.

<sup>(39)</sup> Nýi leigusamningurinn er með fyrirvara um að hann sé í samræmi við markaðskjör. Samningurinn heimilar breytingar af hálfu sveitarfélagsins svo markaðsáhrifareglan sé virt, ef eftirlitsstofnunin fer fram á það. Ákvæði 12. gr. leigusamningsins hljóðar svo (á norsku): 'Denne avtalen forutsettes å være inngått på markedsmessige vilkår. Det tas forbehold om at avtalen vil – forut for og i avtaleperioden – justeres for å tilfredsstille eventuelle føringer/krav fra EFTAs overvåkningsorgan (ESA), og/eller andre offentlige myndigheter. Dette for at avtalen til enhver tid skal tilfredsstille markedsinvestorprinsippet.' Skjal nr. 887522, bls. 7.

<sup>(40)</sup> Mál nr. 82883, GBER 30/2018/Sports.



- 46) Vegna breytinga á umfangi verkefnisins árið 2018 jókst fjárheimildin úr NOK 536 milljónum í 591 milljón (u.þ.b. EUR 61,05 milljónir) <sup>(41)</sup>. Norsk stjórnvöld hafa útskýrt að TS geti ekki mætt viðbótarkostnaðinum með fyrirbyggjandi úrræðum eða með fjármögnun til viðbótar á markaði. Því óskaði TS eftir hlutfjárukningu 6. júlí 2018. Hlutfjárinnspýtingin var heimiluð 5. desember 2018.
- 47) Sá viðbótarkostnaður sem nemur 55 milljónum NOK skýrist af eftirfarandi, samkvæmt norskum stjórnvöldum:
- Nýr kostnaður: breytingar á verkefninu nema 40,5 milljónum NOK í viðbótarkostnað.
  - Óvæntur kostnaður: farið var fram úr fjárheimildum sem nemur 14,5 milljónum NOK.
- 48) Norsk stjórnvöld hafa útskýrt að í ljósi þess að TS var þegar mjög skuldsett, hefði nýtt fjármagn verið ákjósanlegra en viðbótarlán til þess að standa straum af þessum viðbótarkostnaði. Því hefði reynst erfitt að útvega fjármagn (í formi viðbótarláns) á markaði. TS leit því til eigenda sinna til að verða sér út um nauðsynlega fjármögnun.
- 49) Sveitarfélagið var á þeim tíma meirihluta eigandi TS (um 78%), aðrir eigendur gáfu ekki til kynna að þeir ætluðu að taka þátt í hlutfjárukningunni <sup>(42)</sup>. Sveitarfélagið stóð þar af leiðandi frammi fyrir vali: að leggja til viðbótarfjármagn og ljúka verkefninu eða sætta sig við að TS myndi ekki geta lokið verkefninu í samræmi við breyttar lokaáætlanir sem höfðu verið gerðar eftir að vinna við upphaflega verkefnið var hafin.
- 50) Að mati norskra stjórnvalda lágu nokkur sjónarmið því til grundvallar að hlutfjárinnspýting var talin hagkvæm fyrir meirihluta eiganda TS, sveitarfélagið.
- 51) Stækkun salarins um 3 200 sæti mun gera TS mögulegt að hýsa stærri viðburði sem aftur mun gera mótsstaðinn eftirsóknarverðari í augum viðburðastjórnenda. Gerir TS ráð fyrir að geta skipulagt fjóra til sex slíka stóra viðburði á ári. Til viðbótar við leiguna auka stórir viðburðir tekjustreymi í gegnum VIP-atburði, veitingaþjónustu og tekjur af fatahengi. Því var stækkunin sem slík til þess fallin að leiða til umtalsverðrar tekjuaukningar fyrir TS.
- 52) Norsk stjórnvöld hafa sagt að vinna við endurnýjun hafi byrjað áður en TS óskaði eftir hlutfjárukningunni. Vinnan hófst áður en lokahönd var lögð á ítarlegar áætlanir um framkvæmd verkefnisins. Ástæðan fyrir flýtinum að baki því að ráðast í byggingarframkvæmdir var sú að tryggja þurfti að verkefninu yrði lokið í tæka tíð svo TS gæti haldið Evrópumeistaramót kvenna og karla í handknattleik árið 2020.
- 53) TS fær ekki bara stóran hluta tekna sinna með leigugreiðslum, heldur einnig af miðasölu. Aukasætin 3 200 voru því til þess fallin að auka tekjur af miðasölu, ekki síst þar sem stækkunin gerði að verkum að TS gæti hýst viðburði á borð við „Disney On Ice“.
- 54) Valkosturinn við stækkun var að setja upp bráðabirgðasæti fyrir Evrópumeistaramót í handbolta og aðra stórviðburði. Tæki það um 11 daga að setja upp og taka niður bráðabirgðasætin og yrði TS að loka viðkomandi sal fyrir allri íþróttastarfsemi á meðan. Notkun bráðabirgðasæta hefði þannig leitt til tekjusamdráttar TS.
- 55) Aukin geymslugeta og fleiri lyftur mun leiða til lægri kostnaðar og aukinnar skilvirkni. Fleiri lyftur gera að verkum að unnt er að flytja búnað á öruggan og skilvirkan hátt til mismunandi svæða aðstöðunnar. Skilvirknin ein og sér mun líklega lækka daglegan rekstrarkostnað TS. Hinn kosturinn hefði verið sá að flytja búnaðinn handvirkt um leikvanginn og með bifreiðum. Var það talin dýr og óhagkvæm lausn, sérstaklega í ljósi komandi meistaramóta.

<sup>(41)</sup> Samkvæmt mati TS yrði heildarkostnaður 595,4 milljónir NOK. Sveitarfélagið samþykkti hins vegar ekki að leggja til meira en 591 milljón NOK.

<sup>(42)</sup> Að undanskildum tennisklúbbi sem á tvo hluti. Tennisklúbburinn tók ekki þátt í hlutfjárukningunni þegar allt kom til alls.

- 56) Geymslurnar voru nauðsynlegar til að tryggja hagkvæma aðdrætti og skilvirkan rekstur stórra viðburða, þar með talið handboltameistaramótsins. Enn fremur taldi stjórnin að möguleiki væri á útleigu á geymsluhúsnæðinu, til dæmis á milli stórviðburða, sem aftur yrði önnur örugg tekjulind fyrir TS.
- 57) Loks gerðu aðstæðurnar sveitarfélaginu mögulegt að verða ígildi eina hluthafa TS. Í kjölfar hlutafjárútkningarinnar sem var heimiluð 5. desember 2018 jókst hlutur sveitarfélagsins í 99,68% <sup>(43)</sup>. Yfir 99% hlutur gerir sveitarfélaginu kleift að kaupa þá hluti sem eftir eru, jafnvel án samþykkis núverandi minnihlutaeigenda. Sem eini hluthafinn er sveitarfélagið í hagstæðri stöðu samkvæmt norsku hlutafélagalögunum <sup>(44)</sup> þar sem það getur ákveðið einhliða hvernig TS skuli starfrækt eftirleiðis.
- 58) Það þýðir einnig að sveitarfélagið gæti ákveðið að breyta samþykktum svo að TS geti tekið ákvarðanir án samþykkis minnihlutaeigenda. Hlutafjárinnspýtingin gerði sveitarfélaginu því kleift að njóta ágætis arðsemi af fjárfestingu sinni til langs tíma, sem eini hluthafi og eigandi nútímalegs fjölnota mannvirkis sem auk þess er góður viðskiptakostur <sup>(45)</sup>.
- 59) Hið gagnstæða hefði falist í því að vera áfram meirihlutaeigandi í fyrirtæki þar sem einu eignirnar væru mannvirki í mun síðra ástandi og sem auk þess væri mun lakari viðskiptakostur og horfurnar til framtíðar neikvæðari samkvæmt því <sup>(46)</sup>.
- 60) Einn kvartendanna hefur haldið fram að hlutafjárútkningin sé ekki í samræmi við öll skilyrðin sem sett eru fram í I. kafla GBER.

### 3.6 Ráðstöfun 7 – fjármögnun kostnaðar vegna grunnvirkja

- 61) Hinn 14. mars 2017 samþykkti bæjarstjórn skipulagsáætlun fyrir svæðið þar sem Trondheim Spektrum er staðsett og garðsvæðið umhverfis það. TS hafði frumkvæði að þessu ferli með það fyrir augum að stækka aðstöðuna í húsnæði með fjölpætta notkunarmöguleika sem henta myndi fyrir tónleika og viðamikla íþróttaviðburði, til viðbótar við aukna nýtingarmöguleika fyrir íþróttafélög, kaupstefnur og ráðstefnur.
- 62) Norsk yfirvöld hafa útskýrt að verkefni á borð við stækkun Trondheim Spektrum grundvallist á deiliskipulagi <sup>(47)</sup>. Deiliskipulagið – þ.m.t. bindandi fyrirkomulag <sup>(48)</sup> (á norsku *rekkefølgekrav*) – leggur engar efnahagslegar kvaðir á framkvæmdaraðilann heldur mælir fyrir um nýtingu svæðisins sem verkefnið varðar og gefur til kynna hvaða (opinberu) grunnvirki þurfa að vera til staðar áður en framkvæmd verkefnisins hefst <sup>(49)</sup>.
- 63) Norsk stjórnvöld hafa útskýrt að fasteignapróunarsamningar, svo sem samningur sveitarfélagsins og TS í þessu máli, séu tæki til að aðstoða framkvæmdaraðila og sveitarfélög við að tryggja að kröfur samkvæmt deiliskipulagi og í formi bindandi fyrirkomulags (*rekkefølgekrav*), þ.m.t. vegna almennra ráðstafana vegna grunnvirkja, séu uppfylltar.

<sup>(43)</sup> Norsk stjórnvöld hafa útskýrt að núverandi hlutafjäreign sé bæði afleiðing hlutafjárinnspýtingarinnar og þýningar hluta annarra hluthafa í kjölfarið, og kaupa á hlutabréfum annarra stærri hluthafa eða Danske Bank, Sparebank 1 SMN og Nordea, sem samþykktu að yfirfæra hlutabréf sín til sveitarfélagsins fyrir 1 NOK.

<sup>(44)</sup> *Lov om aksjeselskaper (aksjeloven)*, LOV-1997-06-13-44.

<sup>(45)</sup> Skjal nr. 1085433, kafla 3.2.

<sup>(46)</sup> Skjal nr. 1085422, bls. 10 til 15.

<sup>(47)</sup> Norsk stjórnvöld vísa til 11. gr. skipulags- og byggingarlaga; *lov om planlegging og byggesaksbehandling (plan- og bygningsloven)*, LOV-2008-06-27-71.

<sup>(48)</sup> Með „bindandi fyrirkomulagi“ er mælt fyrir um í hvaða röð framkvæmdir skuli eiga sér stað svo tryggja megi að almenningsþjónusta, tæknilegir innviðir og græn mannvirki séu til staðar áður en svæði eru tekin í notkun og á hvaða tímamarki verður heimilt að nýta svæði til byggingar og mannvirkjagerðar, m.a. kröfur um í hvaða röð þróunarframkvæmdir eigi sér stað. Sjá gr. 11-9 norskra skipulags- og byggingarlaga.

<sup>(49)</sup> Norsk stjórnvöld vísa til 18. gr. skipulags- og byggingarlaga.

- 64) Samningar um þróun fasteigna geta, en þurfa ekki endilega, falið í sér ákvæði, sem leggja einhverjar af þeim efnahagslegu byrðum á framkvæmdaraðila sem varða almenna uppbyggingu grunnvirkja. Mikilvægt er að hafa í huga að samningar um fasteignapróun eru niðurstaða samningaviðræðna milli sveitarfélags og framkvæmdaraðila <sup>(50)</sup>.
- 65) Norsk yfirvöld hafa útskýrt að almennar ráðstafanir vegna grunnvirkja séu ekki á ábyrgð framkvæmdaraðila heldur sveitarfélaganna. Enn fremur er ekki heldur skylt að ganga til samninga um fasteignapróun, hvorki hvað varðar sveitarfélagið né framkvæmdaraðilann <sup>(51)</sup>.
- 66) Ef gerður er samningur um þróun fasteignar setur viðeigandi löggjöf skorður við því hvaða kostnað er hægt að leggja á framkvæmdaraðilann. Rökin að baki því eru valdamisræmið sem er til staðar að því er varðar samningaviðræðurnar og gerð fasteignapróunarsamninga sveitarfélaginu í hag.
- 67) Bæjarstjórn samþykkti meginregluna um fulla yfirfærslu útgjalda árið 1993, en þar er kveðið á um að byggingarframkvæmdir verði að bera allan kostnað vegna grunnvirkja sem kemur til vegna framkvæmdanna. Hins vegar verður sveitarfélagið við beitingu á þessari meginreglu að taka mið af þriðju málsgrein gr. 17-3 í skipulags- og byggingarlögum, sem kveður á um hvað fasteignapróunarsamningur þarf að fela í sér <sup>(52)</sup>.
- 68) Einn kvartenda heldur því fram að sveitarfélagið hafi leyst TS undan kostnaði vegna grunnvirkja sem framkvæmdaraðili myndi að jafnaði þurfa að bera vegna framkvæmda af þessu tagi og TS hafi þar með haft ávinning af því.
- 69) Kostnaður vegna grunnvirkja sem sveitarfélagið greiðir (að hluta) varðar eftirfarandi þætti:
- Vatns-/fráveitukerfi í Klostergata
    - Norsk yfirvöld hafa útskýrt að nauðsynlegt hafi verið að skipta um vatns-/fráveitukerfið óháð því hvort endurnýjun Trondheim Spektrum ætti sér stað.
    - Gerist það á sama tíma og byggingarframkvæmdir tengdar Trondheim Spektrum standa yfir.
    - Hlutur TS er 20 milljónir NOK.
  - Brúartenging frá Nidarø til Ilen-kirkju
    - Norsk yfirvöld hafa útskýrt að brúin sé hluti af útivistarsvæði og kerfi.
    - Núverandi brú er úrelt og þarf að endurnýja hana.
    - Brúin mun tengja miðhluta borgarinnar og tengja mikilvæg útivistar- og garðasvæði og er því í þágu allra íbúa og gesta Þrándheims.
  - Grænt mannvirki og almenningsgarður
    - Norsk yfirvöld hafa útskýrt að græna mannvirkinu og almenningsgarðinum sé ætlað að tryggja að aðlaðandi staðir þar sem almenningur getur athafnað sig og notið afþreyingar séu til.
    - Hlutur TS er 26 milljónir NOK.

<sup>(50)</sup> Skjal nr. 1085422, bls. 16.

<sup>(51)</sup> Skjal nr. 1085422, bls. 16.

<sup>(52)</sup> Skjal nr. 874440, bls. 20. Hið ítarlega deiliskipulag fyrir hluta Nidarø var samþykkt af stjórn sveitarfélagsins hinn 14.3.2017 í máli 25/17.

### 3.7 Ráðstöfun 9 – óbein ábyrgð sem felst í lánsamningi Nordea og TS

70) Hinn 11. desember 2017 undirritaði TS lánsamning að upphæð 490 milljónir NOK við Nordea <sup>(53)</sup>. Nordea mun leggja til rekstrarfé á framkvæmdatímanum. Norsk stjórnvöld hafa útskýrt að sveitarfélagið sé ekki aðili að lánsamningnum og ekki né séu neinar samningsskyldur til staðar sem geri að verkum að sveitarfélagið leggi til fjármagn eða hlutafé til TS <sup>(54)</sup>.

71) Hins vegar er að finna eftirfarandi yfirlýsingar í lánsamningnum <sup>(55)</sup>:

„Nordea hefur lagt mikla áherslu á að Trondheim Spektrum AS hyggist gera breytingar á skipulagi fyrirtækisins eða aðrar ráðstafanir sem auka líkur á því að sveitarfélagið Trondheim, geti, ef nauðsyn krefur, án þess að það sé í andstöðu við lög, veitt Nordea ábyrgð sem dregur úr hættunni á kostnaði umfram áætlun.“

„Nordea hefur einnig lagt mikla áherslu á eignarhald sveitarfélagsins Þrándheims og ákvörðun sveitarstjórnar 25. júní 2015 í máli 144/14 þar sem segir í annarri málsgrein að sveitarfélagið Þrándheimur, sem meirihlutaeigandi Trondheim Spektrum, sé tilbúið til þess að taka á sig nauðsynlega fjárhagslega ábyrgð sem kemur til vegna endurnýjunar og þróunar á Trondheim Spektrum.“

72) Þessar yfirlýsingar varða ákvæði í lánsamningnum þar sem segir undir „aðrir skilmálar“ <sup>(56)</sup>:

„Áhættan sem leiðir af kostnaði umfram áætlun á byggingartímanum og sem lántaki sjálfur getur ekki greitt: Trondheim Spektrum AS mun gera breytingar á fyrirtækinu eða gera aðrar ráðstafanir sem munu gera sveitarfélaginu Þrándheimi kleift, ef nauðsyn krefur og án þess að það sé í andstöðu við lög, að veita Nordea ábyrgð.“

73) Undir sömu yfirskrift segir í næstu málsgrein <sup>(57)</sup>:

„Ekki er hægt að breyta/stytta leigusamninginn við sveitarfélagið Þrándheim frá 26.10.2017 án skriflegs leyfis Nordea fyrirfram.“

74) Loks segir í lánsamningnum <sup>(58)</sup>, undir yfirskriftinni „Breyting á eignarhaldi – skylda til að flýta endurgreiðslu“ <sup>(59)</sup>:

„Skilyrði fyrir því að gera og viðhalda byggingarlánsamningnum er að sveitarfélagið Þrándheimur eigi að minnsta kosti 77,93% af lántakanum og að það eignarhald haldist óbreytt.“

<sup>(53)</sup> Skjal nr. 1054294.

<sup>(54)</sup> Skjal nr. 1054298, bls. 6.

<sup>(55)</sup> Skjal nr. 1054294, lánsamningur milli Nordea og TS, dags. 11.12.2017, bls. 1, 5. og 6. mgr. Óopinber þýðing sem norsk stjórnvöld lögðu fram. Á norsku: *‘Nordea har lagt betydelig vekt på at Trondheim Spektrum AS har til hensikt å gjøre selskapsendringer eller andre tiltak som åpner muligheten for at Trondheim kommune, uten å komme i strid med lovverket, om nødvendig kan stille en garanti overfor Nordea som reduserer risikoen ifm kostnadsoverskridelser.’ / ‘Nordea har for øvrig lagt sterk vekt på eierskapet fra Trondheim kommune og vedtaket i formannskapet datert 25. juni 2014 i sak 144/14, hvor det blant annet fremgår av punkt 2 at Trondheim kommune, som største eier av Trondheim Spektrum AS, er innstilt på å ta det nødvendige økonomiske ansvaret som følger av rehabilitering og utvikling av Trondheim Spektrum.’*

<sup>(56)</sup> Skjal nr. 1054294, lánsamningur milli Nordea og TS, dags. 11.12.2017, bls. 5, „Aðrir skilmálar“ – áhersluatriði 3. Óopinber þýðing sem norsk stjórnvöld lögðu fram. Á norsku: *‘Risikoen som følge av at det oppstår kostnadsoverskridelser i byggeperioden og kredittkunden selv ikke kan betale disse: Trondheim Spektrum AS vil gjøre selskapsendringer eller andre tiltak som åpner muligheten for at Trondheim kommune, uten å komme i strid med lovverket, om nødvendig kan stille garanti overfor Nordea.’*

<sup>(57)</sup> Skjal nr. 1054294, lánsamningur milli Nordea og TS, dags. 11.12.2017, bls. 5, „Aðrir skilmálar“ – áhersluatriði 4. Óopinber þýðing sem norsk stjórnvöld lögðu fram. Á norsku: *‘Leieavtalen med Trondheim kommune av 26.10.2017 kan ikke endres/redueres uten Nordeas forutgående skriftlige samtykke.’*

<sup>(58)</sup> Skjal nr. 1054294, lánsamningur milli Nordea og TS, dags. 11.12.2017, bls. 4. Óopinber þýðing sem norsk stjórnvöld lögðu fram. Á norsku: *‘Det er et vilkår for inngåelse og opprettholdelse av Bygge kredittavtalen, at Trondheim Kommune eier minst 77,93% av Kredittkunden, og opprettholder sin eierandel uendret. For det tilfellet at eiersammensetningen endres, uten Nordeas forutgående skriftlige samtykke, skal Bygge kreditten og ethvert utestående tilbakebetales som angitt i klausul 11 (Førtidig forfall av byggekreditten).’*

<sup>(59)</sup> Á norsku: *‘eierskifte – obligatorisk førtidig tilbakebetaling’.*

Ef samsetning á eignarhaldi breytist án þess að skriflegt leyfi Nordea sé fengið fyrirfram, skal endurgreiða byggingarlánið og allar útstandandi fjárhæðir s.s. lýst er í ákvæði 11 (gjaldldagi byggingarlánsins færður fram).“

- 75) TS og Nordea höfðu áður gert lánsamning, dags. 27. júlí 2017. Í samningnum var það skilyrði að allur kostnaður umfram áætlun vegna framkvæmdanna yrði greiddur annað hvort af TS eða sveitarfélaginu. Fjármálastjóri sveitarfélagsins meðundirritaði lánsamninginn. Því var að finna í samningnum ákvæði varðandi ábyrgð sveitarfélagsins að því er varðar kostnað umfram áætlanir af verkefninu, auk skuldbindinga varðandi leigusamninginn sem á þeim tíma hafði ekki verið lokið við <sup>(60)</sup>.
- 76) Meðundirritun lánsamningsins var síðar talin ábyrgð af hálfu sveitarfélagsins í samræmi við 51. gr. sveitarstjórnarlaga <sup>(61)</sup>. Var það niðurstaða stjórnar sveitarfélagsins Þrándheims að svo ábyrgðin tæki gildi þyrfti samþykki ríkisins. Yrði ábyrgðin líklega ekki samþykkt af ýmsum ástæðum og því var sveitarstjóra ráðlagt að tilkynna Nordea þegar í stað að sveitarfélagið gæti ekki verið aðili að lánsamningnum. Þessi samningur er ógildur. Því skrifuðu TS og Nordea undir núgildandi lánsamning án opinberrar aðkomu sveitarfélagsins.

#### 4 Athugasemdir hagsmunaaðila

- 77) Hinn 12. júní 2019 bárust eftirlitsstofnuninni athugasemdir frá hagsmunaaðila, einum kvartendanna í málinu. Athugasemdirnar sneru að verðinu sem sveitarfélagið greiddi öðrum íþróttavettvangi, sem renndu stoðum undir fyrri staðhæfingar um yfirverðlagningu leigusamningsins.

#### 5 Athugasemdir norskra stjórnvalda við athugasemdir hagsmunaaðilanna

- 78) Norsk stjórnvöld útskýrðu að mótsstaðurinn sem athugasemdir þriðja aðila tengjast sé hluti af skólahúsnæði og að fullu í eigu fylkisins þar sem hann er staðsettur. Sveitarfélagið keypti fleiri klukkustundir á þessum mótsstað á árunum 2018 og 2019 til bráðabirgða svo hægt væri að sjá íþróttafélögunum fyrir nægilegu salarrými þar sem hluti Trondheim Spektrum var ekki tiltækur vegna yfirstandandi byggingarframkvæmda. Eftir þann tíma er hvorki þörf á né fjárhagslegur möguleiki fyrir sveitarfélagið að viðhalda samningi við þennan mótsstað.
- 79) Norsk yfirvöld telja ekki að bráðabirgðafyrirkomulagið sé sambærilegt við leigusamninginn. Fylkið, sem eigandi mótsstaðarins, var tilbúið að bjóða afnot af salarrými að einhverju marki undir markaðsverði á meðan stækkun Trondheim Spektrum á sér stað. Þessu fyrirkomulagi var ekki ætlað að vera viðvarandi og það var ekki á markaðskjörum og ekki hægt að telja að það gefi til kynna að leigusamningur sveitarfélagsins við Trondheim Spektrum sé ekki í samræmi við markaðskjör.

## II. MAT

### 6 Hvort ráðstöfun telst ríkisaðstoð

#### 6.1 Inngangur

- 80) Ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

<sup>(60)</sup> Skjal nr. 1054298, bls. 5.

<sup>(61)</sup> *Lov om kommuner og fylkeskommuner (kommuneloven)*, LOV-1992-09-25-107. Í 51. gr. segir: „1. Vedtak om å stille kausjon eller annen økonomisk garanti for virksomhet som drives av andre enn kommunen eller fylkeskommunen selv, skal godkjennes av departementet. 2. Det kan ikke stilles kausjon eller annen økonomisk garanti knyttet til næringsvirksomhet som drives av andre enn kommunen eller fylkeskommunen selv.“ Óopinber þýðing: „1. Ákvörðun um tryggingar eða aðra fjárhagslega ábyrgð vegna starfsemi sem aðrir en sveitarfélagið eða fylkið sjálft inna af hendi, er háð samþykki ráðuneytisins. 2. Ekki er unnt að veita tryggingar eða aðra fjárhagslega ábyrgð á atvinnustarfsemi sem aðrir en sveitarfélagið eða fylkið sjálft annast.“

- 81) Við mat á því hvort ráðstöfun telst aðstoð í skilningi ákvæðisins þurfa öll eftirfarandi skilyrði því að vera uppfyllt: i) ráðstöfunin er veitt af hálfu ríkisins eða með ríkisfjármunum, ii) fyrirtæki hefur hagræði af ráðstöfuninni, iii) hún ívinnar tilteknum fyrirtækjum (er sértæk) og iv) er til þess fallin að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti.

## 6.2 Hugtakið fyrirtæki

- 82) Svo um sé að ræða ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins verður fyrirtæki að hafa ávinning af ráðstöfun. Fyrirtæki eru einingar sem stunda atvinnustarfsemi, óháð því hver lögformleg staða þeirra er og hvernig þau eru fjármögnuð<sup>(62)</sup>. Því hefur ekki þýðingu hvað það varðar að um sé að ræða „fyrirtæki“, í skilningi laga um ríkisaðstoð, hvort um er að ræða einkaaðila eða opinberan aðila, eða hvort hann er í eigu hins opinbera að hluta eða í heild, eða í einkaeigu<sup>(63)</sup>.
- 83) Atvinnustarfsemi felst í því að bjóða vörur og þjónustu á markaði<sup>(64)</sup>. Hins vegar teljast aðilar, sem stunda ekki atvinnustarfsemi, í þeim skilning að þeir bjóða ekki vörur og þjónustu á tilteknum markaði, ekki vera fyrirtæki. Almennt telst bæði bygging og rekstur mannvirkis atvinnustarfsemi í sjálfu sér (og fellur því undir ríkisaðstoðarreglur) ef grunnvirknið er, eða verður, notað til að selja vörur eða þjónustu á markaði<sup>(65)</sup>. Ríkisaðstoð getur átt sér stað á ýmsum stigum: byggingarstigi, rekstrarstigi og við nýtingu grunnvirkis<sup>(66)</sup>.
- 84) Trondheim Spektrum er fjölnota aðstaða sem m.a. hýsir tónleika, viðamikla íþróttaviðburði, sýningar og ráðstefnur. Einnig er ráðgert að Trondheim Spektrum haldi Evrópumeistaramót karla og kvenna í handbolta árið 2020. TS annast því atvinnustarfsemi.
- 85) TS leigir einnig út aðstöðu til sveitarfélagsins sem aftur gerir hana tiltæka fyrir íþróttafélög. Sú staðreynd að sveitarfélagið býður íþróttafélögum sveitarfélagsins aðstöðuna sem það leigir af TS endurgjaldslaust hefur ekki áhrif á eðli viðskiptanna milli TS og sveitarfélagsins, sem er atvinnustarfsemi. TS er því fyrirtæki í skilningi 61. gr. EES-samningsins.

## 6.3 Hvort ríkisfjármunir hafi verið nýttir

- 86) Ráðstöfun þarf að vera á vegum ríkisins eða fara fram með nýtingu ríkisfjármuna svo um sé að ræða ríkisaðstoð.
- 87) Yfirfærsla ríkisfjármuna getur tekið á sig ýmsar myndir og getur til dæmis verið um að ræða beina styrki, lán, ábyrgðir, beina fjárfestingu í eiginfé fyrirtækja, eða fríðindi. Til ríkisfjármuna teljast allir fjármunir hins opinbera, einnig sveitarfélaga<sup>(67)</sup>.

### 6.3.1 Ráðstöfun 4 & 5 - leigusamningar gerðir frá 2007 til 2017 og leigusamningur frá 2019

- 88) Ef leigusamningarnir milli sveitarfélagsins og TS (ráðstafanir 4 og 5) fela í sér þætti ríkisaðstoðar myndi slík ráðstöfun teljast koma frá ríkinu og vera veitt með ríkisfjármunum í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins þar sem fjármunirnir kæmu beint frá sveitarfélaginu.

### 6.3.2 Ráðstöfun 6 - hlutafjárukning

- 89) Hlutafjárukningin (ráðstöfun 6) er greidd beint af sveitarfélaginu til TS og felur því í sér ríkisfjármuni í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

### 6.3.3 Ráðstöfun 7 – fjármögnun kostnaðar vegna grunnvirkja

- 90) Fjármögnun kostnaðar vegna grunnvirkis, sem yfirleitt er á herðum framkvæmdaraðila, af hálfu sveitarfélagsins yrði greidd með beinum hætti af sveitarfélaginu og teldist því ríkisfjármunir í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

<sup>(62)</sup> Dómur í málinu *Höfner and Elser v Macrotron*, C-41/90, EU:C:1991:161, mgr. 21–23.

<sup>(63)</sup> Dómur í málinu *Congregación de Escuelas Pías Provincia Betania*, C-74/16, EU:C:2017:496, mgr. 42.

<sup>(64)</sup> Dómur í málinu *Cassa di Risparmio di Firenze and others*, C-222/04, EU:C:2006:8, mgr. 108.

<sup>(65)</sup> Dómur í málinu *Mitteldeutsche Flughafen and Flughafen Leipzig-Halle v Commission*, C-288/11 P, EU:C:2012:821, mgr. 40–43.

<sup>(66)</sup> Ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar nr. 496/13/COL frá 11.12.2013 um fjármögnun tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, mgr. 50.

<sup>(67)</sup> Dómur í málinu *Germany v Commission*, C-248/84, EU:C:1987:437, og Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð (NoA), mgr. 48.

#### 6.3.4 Ráðstöfun 9 – óbein ábyrgð sem felst í lánsamningi Nordea og TS

- 91) Hinn 11. desember 2017 undirritaði TS lánsamning um 490 milljónir NOK (u.þ.b. 50,67 milljónir EUR) við Nordea <sup>(68)</sup>. Nordea mun leggja til veltufé á framkvæmdatímanum <sup>(69)</sup>.
- 92) Eins og fram kemur í kafla 3.7, eru ákvæði í lánsamningnum þar sem nefnt er að TS hyggist gera ráðstafanir til þess að gera sveitarfélaginu kleift, án þess að það sé í andstöðu við lög, ef nauðsyn krefur, að gefa út ábyrgð gagnvart Nordea vegna áhættunnar sem fylgir kostnaði umfram áætlun á byggingartímanum <sup>(70)</sup>.
- 93) Enn fremur er ákvæði í lánsamningnum sem segir að leigusamningurinn milli TS og sveitarfélagsins geti ekki tekið breytingum nema með skriflegu samþykki Nordea fyrirfram <sup>(71)</sup>. Enn fremur er það skilyrði í lánsamningnum að sveitarfélagið eigi að minnsta kosti 77,93% í TS <sup>(72)</sup>.
- 94) Norsk stjórnvöld hafa haldið því fram að sá hluti lánsamningsins þar sem segir að ekki sé unnt að breyta leigusamningnum við sveitarfélagið án skriflegs samþykkis Nordea fyrirfram sé ekki bindandi fyrir sveitarfélagið. Ef leigusamningnum yrði breytt væri það hlutverk TS að tryggja samþykki lánardrottins síns, þ.e. Nordea.
- 95) Hvað varðar það skilyrði fyrir því að veita og viðhalda byggingarláninu, að sveitarfélagið eigi að minnsta kosti 77,93% í TS, minnst norsk stjórnvöld þess að stjórn TS, sem gerði lánsamninginn, hafi ekki vald til þess að binda hluthafa sína og þar með sveitarfélagið, einnig hvað varðar mögulega sölu á hlutabréfum í framtíðinni. Lánsamningurinn endurspeglar vitneskju Nordea um að samningurinn sé ekki bindandi fyrir sveitarfélagið, þar sem annar hluti kveður á um að breytingar á eignarhaldi án samþykkis jafngildi broti á samningsskyldum TS <sup>(73)</sup>.
- 96) Norsk stjórnvöld hafa veitt frekari upplýsingar um lánsamninginn, með áherslu á að sveitarfélagið sé ekki aðili að lánsamningnum og að stjórn TS geti ekki á nokkurn hátt bundið meirihlutaeiganda sinn, sveitarfélagið. Í ákvæðunum þar sem mælt er fyrir um skyldu TS til þess að gera tilteknar skipulagsbreytingar á fyrirtækinu og gera ráðstafanir til þess að gera sveitarfélaginu kleift, ef nauðsyn krefur, að veita ábyrgð er ekki um að ræða afgerandi og sérstaka lagaskyldu sem getur bundið sveitarfélagið.
- 97) Norsk stjórnvöld hafa vísað til bréfs frá sveitarfélaginu til fylkisstjóra (á norsku: *Fylkesmannen*). Bréfið var sent í kjölfar atburða sem leiddu til þess að fyrri lánsamningur var í kjölfar lagalegs mats talinn ógildur og í því sagði að sveitarfélagið gæti ekki verið aðili að lánsamningnum og gæti ekki gengist í ábyrgð.
- 98) Í þessu bréfi lét sveitarfélagið fylkisstjórnann vita að „TS og Nordea væru að vinna að öðrum fjármálalausnum án aðkomu sveitarfélagsins“ <sup>(74)</sup>.
- 99) Norsk stjórnvöld hafa einnig sagt að ef sveitarfélagið hefði verið bundið til íhlutunar samkvæmt lögum hefði TS ekki þurft að óska eftir hlutafjárukningu <sup>(75)</sup>, og sveitarfélagið hefði ekki átt þess kost að mæla með eða gegn þeirri ráðstöfun.
- 100) Því greina norsk stjórnvöld frá því að lánsamningurinn feli ekki í sér samningsskyldu fyrir sveitarfélagið sem jafngildi staðfestri og áþreifanlegri skuldbindingu um að gera ríkisfjármuni tiltæka.

<sup>(68)</sup> Skjal nr. 1054294.

<sup>(69)</sup> Skjal nr. 1054298, bls. 6.

<sup>(70)</sup> Skjal nr. 1054294, lánsamningur milli Nordea og TS, dags. 11.12.2017, bls. 5, „Aðrir skilmálar“ – áhersluatriði 3.

<sup>(71)</sup> Skjal nr. 1054294, lánsamningur milli Nordea og TS, dags. 11.12.2017, bls. 5, „Aðrir skilmálar“ – áhersluatriði 4.

<sup>(72)</sup> Skjal nr. 1054294, lánsamningur milli Nordea og TS, dags. 11.12.2017, bls. 4, „Breyting á eignarhaldi – skylda til þess að flýta endurgreiðslu“ – fyrsta málsgrein.

<sup>(73)</sup> Skjal nr. 1054298, bls. 7.

<sup>(74)</sup> Skjal nr. 1085428.

<sup>(75)</sup> Vísað er til þessa sem ráðstöfunar 6 í þessari ákvörðun, sjá kafla 3.5.

- 101) Yfirfærsla ríkisfjármuna getur tekið á sig ýmsar myndir og getur til dæmis verið um að ræða beina styrki, lán, ábyrgðir, beina fjárfestingu í eiginfé fyrirtækja og fríðindi. Staðfest og áþreifanleg skuldbinding um að gera ríkisfjármuni tiltæka síðar telst einnig yfirfærsla á ríkisfjármunum <sup>(76)</sup>. Sé stofnað til áþreifanlegrar hættu á því að auknar byrðar séu lagðar á ríkið í framtíðinni, með ábyrgð eða samningsbundnu tilboði, telst það nægilegt svo skilyrðum 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins sé fullnægt <sup>(77)</sup>. Þar sem ráðstafanir ríkisins taka á sig mismunandi myndir og nauðsynlegt er að greina þær út frá áhrifum sínum er ekki hægt að útiloka að ávinningur í formi ríkisábyrgðar falið í sér auknar byrðar á ríkið <sup>(78)</sup>.
- 102) Eftirlitsstofnunin hefur lagt mat á eðli ákvæða lánsamningsins sem áður hefur verið lýst í ljósi upplýsinga sem norsk stjórnvöld hafa veitt.
- 103) Hafa norsk stjórnvöld sýnt fram á að sveitarfélagið sé ekki formlega aðili að núverandi samningi <sup>(79)</sup>. Ákvæði lánsamningsins vísa til ákvörðunarinnar frá 25. júlí 2015 af hálfu sveitarstjórnar þar sem segir að sveitarfélagið sé reiðubúið til þess að taka á sig nauðsynlega fjárhagslega ábyrgð sem leiðir af endurbótum og þróun TS. Hins vegar hafa norsk stjórnvöld lagt fram gögn sem sýna að sveitarstjóri hafi árið 2016 lýst yfir að sveitarfélagið muni ekki fjármagna bygginguna heldur einungis leigugetu <sup>(80)</sup>.
- 104) Þótt fjármálastjóri sveitarfélagsins hafi meðundirritað fyrsta lánið, í ljósi reglna norskra laga þar sem krafist samþykkis hins opinbera vegna slíkra ábyrgða, var undirritunin úrskurðuð ógild og aðilunum tilkynnt um það.
- 105) Því yrði ekki unnt að leita fullnustu réttinda á grundvelli ákvæða lánsamningsins þar sem vísað er til sveitarfélagsins, einnig að því er varðar núverandi lán, fyrir innlendum dómstólum, í samræmi við kröfur í norskum lögum.
- 106) Í ljósi þess sem að framan greinir, ber að líta á yfirlýsingar í lánsamningnum, sem vísa til þess sem Nordea hefur lagt áherslu á við mat á því á hvort veita skuli TS lán, sem einhliða sjónarmið Nordea.
- 107) Þau ákvæði lánsamningsins þar sem segir að ekki megi breyta samningnum nema með samþykki Nordea, auk ákvæðisins sem tiltekur það skilyrði lánsins að sveitarfélagið eigi að minnsta kosti 77,93% í TS getur ekki, án þess að sýnt sé fram á formlega aðkomu sveitarfélagsins með gögnum, talist staðfest og áþreifanleg skuldbinding að því er varðar meðferð ríkisfjármuna. TS er hlutafélag með takmarkaða ábyrgð <sup>(81)</sup> sem ekki nýtur nokkurra viðbótarréttinda vegna eignarhalds sveitarfélagsins samanborið við önnur fyrirtæki sem hlíta norskum lögum.
- 108) Þar sem ekki eru fyrir hendi upplýsingar sem sýna fram á staðfesta og áþreifanlega skuldbindingu af hálfu sveitarfélagsins er ekki hægt að færa sönnur á að þessi ákvæði lánsamningsins séu þess eðlis að í því felist skuldbinding um ráðstöfun ríkisfjármuna.
- 109) Þar sem engin önnur ákvæði lánsamningsins hafa valdið efasemdum eftirlitsstofnunarinnar í ákvörðuninni um að hefja rannsókn, og í ljósi þess að Nordea er einkaaðili á markaði, er það niðurstaða eftirlitsstofnunarinnar að samningurinn milli TS og Nordea feli ekki í sér ríkisaðstoð. Því verður ekki lagt frekara mat á þessa ráðstöfun hér á eftir.

#### 6.4 Ávinningur

- 110) TS verður að hafa ávinning af ráðstöfuninni sem leysir það undan kostnaði sem að jafnaði væri greiddur af rekstrarfé.

<sup>(76)</sup> Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð (NoA) 51. mgr.

<sup>(77)</sup> Sjá dóm í málinu *Ecotrade*, C-200/97, EU:C:1998:579, mgr. 41, *Bouygues and Bouygues Télécom v Commission and others*, C-399/10 P og C-401/10 P, EU:C:2013:175, mgr. 137–139.

<sup>(78)</sup> Sbr. hvað þetta varðar *Ecotrade*, C-200/97, mgr. 43, og málið *Bouygues et Bouygues Télécom v Commission and Others*, C-399/10 og C-401/10 P, mgr. 107.

<sup>(79)</sup> Skjal nr. 1085428.

<sup>(80)</sup> Skjal nr. 87440, bls. 21.

<sup>(81)</sup> *Lov om aksjeselskaper (aksjeloven)*, LOV-1997-06-13-44.



#### 6.4.1 Ráðstöfun 4 & 5 - leigusamningar gerðir frá 2007 til 2017 og leigusamningurinn frá 2019

##### 6.4.1.1 Inngangur

- 111) Við málsmeðferðina í aðdraganda ákvörðunarinnar um að hefja rannsókn héldu norsk stjórnvöld því fram að leigusamningarnir væru hluti af yfirstandandi aðstoðarkerfi. Í ákvörðuninni um að hefja rannsókn var það bráðabirgðaniðurstaða eftirlitsstofnunarinnar að leigusamningar sem gerðir voru frá 1999 til 2017 teldust ekki aðstoðarkerfi. Norsk stjórnvöld hafa ekki mótmælt þessari bráðabirgðaniðurstöðu eftirlitsstofnunarinnar í athugasemdum sínum við ákvörðunina um að hefja rannsókn. Í ljósi þess sem að framan greinir og með vísan til mats eftirlitsstofnunarinnar í kafla 5.1 í ákvörðuninni um að hefja rannsókn er það niðurstaða eftirlitsstofnunarinnar að leigusamningarnir frá 1999 til 2017 teljist ekki aðstoðarkerfi.
- 112) Norsk stjórnvöld hafa haldið því fram að leigusamningarnir gerðir 2007 til 2017, auk leigusamningsins frá 2019, séu í samræmi við markaðskjör og feli því ekki í sér ávinning í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 113) Réttarkerfi EES er hlutlaust að því er varðar skipan eignarréttinda og takmarkar ekki á nokkurn hátt rétt EFTA-ríkjanna til þess að gegna hlutverki rekstraraðila. Hins vegar fellur það undir ríkisaðstoðarreglur EES-réttar þegar opinber yfirvöld stunda viðskipti af hvaða tagi sem er, beint eða óbeint. Viðskipti opinberra aðila (þ.m.t. opinberra fyrirtækja) hafa ekki í för með sér ávinning fyrir gagnaðila og teljast því ekki aðstoð ef þau eiga sér stað í samræmi við eðlilegar markaðsaðstæður <sup>(82)</sup>.
- 114) Norsk stjórnvöld hafa bent á að í ljósi mismunandi stærðar, búnaðar, hönnunar og staðsetningar annarra mótsstaða af sama tagi í Noregi sé ekki hægt að benda á mótsstað í Noregi sem er fyllilega sambærilegur við Trondheim Spektrum <sup>(83)</sup>. Hins vegar hafa norsk stjórnvöld veitt upplýsingar um aðra mótsstaði sem leigðir eru í svipuðum tilgangi og býr að baki leigu sveitarfélagsins af TS, sem og aðra mótsstaði í Noregi, til þess að færa rök fyrir því að leigusamningarnir hafi verið í samræmi við markaðskjör.

##### 6.4.1.2 Samanburðarmat sem norsk stjórnvöld hafa lagt fram

- 115) Sveitarfélagið hefur veitt upplýsingar um hvernig verðlagning TS til þriðja aðila er í samanburði við aðra mótsstaði og upplýsingar um verð á leigu á salarymi til íþróttaiðkunar og afþreyingar á öðrum mótsstöðum.
- 116) Norsk stjórnvöld hafa útskýrt að Trondheim Spektrum hafi til umráða tvo sali sem séu stærrí en 2 000 m<sup>2</sup> (salur D og salur F), og sem henti sérstaklega fyrir stærrí sýningar, tónleika, ráðstefnur og svípaða viðburði. Verðlagning TS er frá 70 000 NOK til 85 000 NOK á dag fyrir sal D sem er sá stærrí (u.þ.b. 7 230 EUR til 8 780 EUR), eftir því um hvers konar viðburð er að ræða, og 59 000 NOK til 70 000 NOK fyrir sal F sem er aðeins minni (u.þ.b. 6 100 EUR til 7 230 EUR).
- 117) Norsk stjórnvöld gerðu samanburð við leigu á þess konar aðstöðu á öðrum mótsstöðum í Þrándheimi. Stúka frímúrara í Þrándheimi, svo dæmi sé nefnt, innheimtir daglegt gjald sem nemur frá 15 000 NOK til 18 000 NOK (u.þ.b. 1 550 EUR til 1 860 EUR). Um er að ræða talsvert minni mótsstað sem getur tekið á móti 600 manns, á meðan salur F í Trondheim Spektrum getur tekið á móti yfir 1 000 manns.
- 118) Samkvæmt norskum stjórnvöldum setja mótsstaðir í norskum borgum af sambærilegri stærð upp svípað verð. Í Stavanger kostar leiga á aðstöðu sem er álíka stór og salur F rúmlega 200 000 NOK í fjóra daga en Grieghallen í Bergen tekur u.þ.b. 300 000 NOK fyrir fjóra daga (u.þ.b. 20 100 EUR og 31 000 EUR). Verð TS er aðeins lægra en verðið í Bergen <sup>(84)</sup>.

<sup>(82)</sup> Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð (NoA), mgr. 73 og 74.

<sup>(83)</sup> Skjal nr. 859501, bls. 17.

<sup>(84)</sup> Skjal nr. 859501, bls. 17. Norsk stjórnvöld hafa einnig vísað til viðtals við stjórnendur Trondheim Messeselskap AS, fyrirtækis sem skipuleggur sýningar víðs vegar í Noregi, þar sem sveitarfélagið fékk þær upplýsingar að Trondheim Spektrum teldist ekki á sérstaklega viðráðanlegu verði sem mótsstaður. Norsk stjórnvöld hafa vísað til þessa viðtals varðandi frekari ítarupplýsingar um verðsamanburð.

- 119) Einnig hafa norsk stjórnvöld vísað til Sotra Arena sem er staðsett í sveitarfélaginu Fjell, eða í 25 mínútna fjarlægð frá Bergen, mótsstaðar þar sem yfir 12 000 m<sup>2</sup> rými er til afnota innandyrna. Árið 2016 var mótsstaðurinn nýttur fyrir vörusýningar og kostaði u.þ.b. 100 000 NOK til 125 000 NOK í þrjá daga (u.þ.b. 10 300 EUR til 12 900 EUR) fyrir afnot af u.þ.b. 5 000 til 7 000 m<sup>2</sup>.
- 120) Í ljósi þessa samanburðar taka norsk stjórnvöld fram, að svo virðist sem verð TS fyrir afnot af salarrými, þegar um er að ræða útleigu til þriðja aðila, sé í samræmi við markaðskjör.
- 121) Sveitarfélagið kaupir aðstöðu af TS, íþróttafélögum með eigin aðstöðu, öðrum ríkisstofnunum (í byggingum á borð við framhaldsskóla) og að takmörkuðu leyti af einkaaðilum.
- 122) Gjald sem sveitarfélagið greiðir er frá 350 NOK til 2 046 NOK á tímann (u.þ.b. 36 EUR og 211 EUR). Gjald sem TS fær greitt á klukkustund er 1 174 NOK (u.þ.b. 121 EUR). Samkvæmt nýja leigusamningnum er gjald á klukkustund 1 700 NOK. Norsk stjórnvöld benda á að verðmunurinn skýrist af ýmsum þáttum. Einnig hafi margir þessara mótsstaða verið fjármagnaðir (að hluta) af ríkinu og séu þeir sammingsbundnir til þess að veita afnot (að vissu marki) á föstu verði.
- 123) Aðrir þættir sem kunna að skýra hinn umtalsvert mikla verðmun eru til að mynda, að ekki eru öll afnot að degi til jafn verðmæt og ekki eru allir mótsstaðir jafn nútímalegir, vel útbúnir og staðsettir jafn miðsvæðis og Trondheim Spektrum Hafa norsk stjórnvöld útskýrt að öll framangreind sjónarmið séu ástæða þess að í sumum tilvikum sé aðstaðan sem sveitarfélagið kaupir á öðrum mótsstöðum leigð á tiltölulega lægra verði <sup>(85)</sup>.
- 124) Norsk stjórnvöld hafa gefið dæmi um verð sem Vestlandshallen, íþróttamiðstöð í Bergen, setur upp. Samkvæmt norskum stjórnvöldum er gjaldið sem þessi mótsstaður setur upp fyrir notendur (ekki íþróttafélög) um það bil það sama og sveitarfélagið greiðir TS. Byggist þetta á útreikningum þar sem „salargjald á klukkustund“ í TS er verðið fyrir afnot af 800 m<sup>2</sup> yfirborðsfleti í 60 mínútur. „Fjórðungshluti salarrýmis“ í Vestlandshallen fæli í sér afnot af u.þ.b. 440 m<sup>2</sup> og myndi kosta 940 NOK í 90 mínútur (u.þ.b. 97 EUR). Fræðilega gæti verðið því verið 626 NOK fyrir 60 mínútur og þar með 1 252 NOK fyrir eilítið stærri yfirborðsflöt en sambærilegt í TS (u.þ.b. 65 EUR og 129 EUR).
- 125) Norsk stjórnvöld halda því auk þess fram að borgaryfirvöld Bergen láti notendur sem ekki teljast í forgangi greiða 1 150 NOK fyrir einn klukkutíma í Haukelandshallen, mótsstað sem er sambærilegur Trondheim Spektrum (u.þ.b. 119 EUR). Einnig láti borgaryfirvöld í Tromsø greiða allt að 1 940 NOK fyrir eins klukkutíma afnot af svipuðum yfirborðsfleti og í Tromsøhallen (u.þ.b. 200 EUR).
- 126) Hvað varðar leigusamninginn frá 2019 sérstaklega hafa norsk stjórnvöld útskýrt að nýi leigusamningurinn hafi í för með sér u.þ.b. 50% hækkun á leigu á klukkutíma, úr u.þ.b. 1 200 NOK í 1 700 NOK (u.þ.b. 124 EUR í 176 EUR) <sup>(86)</sup>. Norsk stjórnvöld viðurkenna að um sé að ræða klukkutímagjald í hærri kantinum miðað við þau dæmi sem þau hafa lagt fram (gjald á klukkustund í völdum íþróttahúsum er frá u.þ.b. 350 NOK til 2046 NOK (u.þ.b. 36 EUR til 211 EUR)) <sup>(87)</sup>.
- 127) Eftir endurbæturnar mun Trondheim Spektrum, samkvæmt norskum stjórnvöldum, verða nútímaleg aðstaða sem staðsett er mjög miðsvæðis í einni af stærstu borgum Noregs, sem þar að auki er sú borg sem er í hvað örustum vexti. Að mati norskra stjórnvalda þyrfti tímagjaldið að vera umtalsvert hærri en verðbilið sem sem algengt er á markaði svo eftirlitsstofnunin geti komist að þeirri niðurstöðu að samningurinn feli í sér ávinning <sup>(88)</sup>.

<sup>(85)</sup> Skjal nr. 859501, bls. 18.

<sup>(86)</sup> Tölur frá 2017.

<sup>(87)</sup> Sjá kafla 5.4.2 í þessari ákvörðun.

<sup>(88)</sup> Skjal nr. 1040641, bls. 9.

- 128) Ennfremur hafa norsk stjórnvöld sagt að tímagjaldið fyrir notendur sem nýta Trondheim Spektrum í viðskiptaskyni hafi áður verið hærra (frá 1 000 NOK til 1 800 NOK, u.þ.b. 103 EUR til 186 EUR) en samkvæmt leigusamningnum við sveitarfélagið (1 200 NOK, u.þ.b. 124 EUR). Er búist við að svo verði áfram þar sem tímagjaldið er u.þ.b. 1 700 NOK samkvæmt nýja leigusamningnum (u.þ.b. 176 EUR) og tímagjald fyrir notendur sem nýta aðstöðuna í viðskiptaskyni hærra að sama skapi.
- 129) Að mati norskra stjórnvalda fæli sú niðurstaða, að sveitarfélagið greiddi gjald sem er hærra en markaðsverð óhjákvæmilega í sér að notendur sem nýta TS í viðskiptaskyni gerðu það líka. Að mati norskra stjórnvalda er engin ástæða til að ætla að viðskiptanotendur myndu greiða verð yfir markaðskjörum fyrir leigu á salarrými í Trondheim Spektrum <sup>(89)</sup>.
- 130) Að mati norskra stjórnvalda gæti eftirlitsstofnunin komist að þeirri niðurstöðu að leigusamningarnir feli ekki í sér aðstoð. Til þess að auðvelda eftirlitsstofnuninni að komast að slíkri niðurstöðu hafa norsk stjórnvöld í meginatriðum veitt eftirfarandi upplýsingar:
- Ytri samanburð, þ.e. gjald á klukkustund fyrir salarafnot í sambærilegum fjölnota mannvirkjum.
  - „Innri samanburð“, þ.e. skjöl sem sýna að önnur starfsemi TS skapi nánast sömu tekjur en nýti á sama tíma minni hluta af aðstöðunni.
  - Skjöl sem sýna að TS selji ekki afnot af aðstöðunni til þriðju aðila á tilbúnu undirverði, sem bendi til þess að „viðskiptaleg“ starfsemi þess sé ekki víxlniðurgreidd <sup>(90)</sup>.

#### 6.4.1.3 Mat eftirlitsstofnunarinnar á leigusamningunum

- 131) Svo unnt sé að sýna fram á hvort viðskipti fari fram í samræmi við markaðsaðstæður er hægt að leggja mat þau í ljósi skilmálanna sem hafa gilt í sambærilegum viðskiptum sambærilegra einkaaðila við sambærilegar aðstæður <sup>(91)</sup>.
- 132) Vera kann að samanburðarmat sé ekki rétta leiðin til þess að sýna fram á markaðskjör séu til staðar ef viðmiðin hafa ekki verið skilgreind í samræmi við markaðsleg sjónarmið, eða ef fyrirbyggjandi verði hefur verið raskað að verulegu leyti með opinberri íhlutun <sup>(92)</sup>.
- 133) Enn fremur er til staðar munur í mikilvægum atriðum, eins og norsk stjórnvöld hafa bent á, þegar kemur að samanburði á þessum stöðum, t.d. að því er varðar leigutíma <sup>(93)</sup>, fjölda leigðra klukkustunda, gæði aðstöðunnar og staðsetningu mótsstaðanna innan (eða utan) viðkomandi borga.
- 134) Eftirlitsstofnunin telur að samanburðarmatið sem norsk stjórnvöld hafalagt til grundvallar sé ekki nægilega sambærilegt eða viðeigandi til þess að geta sýnt fram á markaðsverð sem unnt er að nota til beins samanburðar við leiguna sem greidd er samkvæmt leigusamningnum, sjá einnig mgr. 142) til 152) hér á eftir.
- 135) Svo eftirlitsstofnunin geti komist að þeirri niðurstöðu að leigusamningarnir feli í sér aðstoðarþætti og TS hafi þar með ávinning af þeim í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins þarf hún að komast að þeirri niðurstöðu að verðið sem greitt er samkvæmt leigusamningunum víki að nægilega miklu leyti frá markaðsverði til þess að réttlæta slíka niðurstöðu <sup>(94)</sup>.
- 136) Eins og að framan greinir er ekki hægt að sýna fram á nákvæmt markaðsverð í málinu sem hér um ræðir með hefðbundnum aðferðum við samanburðarmat, þar sem engin sambærileg og viðeigandi viðmið eru greinanleg.

<sup>(89)</sup> Skjöl nr. 1040641, bls. 10, og 1054298, bls. 5.

<sup>(90)</sup> Skjal nr. 1085422, bls. 5.

<sup>(91)</sup> Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð (NoA) 98. mgr.

<sup>(92)</sup> Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð (NoA) 99. mgr.

<sup>(93)</sup> Eins og norsk stjórnvöld hafa útskýrt eru ekki öll afnot að degi til jafn verðmæt.

<sup>(94)</sup> Sjá t.d. ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar nr. 305/09/COL frá 8.7.2009 um orkusólusamninga milli sveitarfélagsins Notodden og Becromal Norway AS, bls. 11.

- 137) Enn fremur virðist ekki viðeigandi að sýna fram á verðið með vísan til kostnaðar við að veita þjónustuna samkvæmt leigusamningnum í þessu máli, þar sem erfitt er að leggja mat á, svo marktækt sé, viðeigandi hlutdeild í fjárfestingarkostnaði sem skrifast ætti á leigusamninginn, eða hver þessi kostnaður hefði verið ef ekki væri um að ræða aðra starfsemi TS.
- 138) Eins og norsk stjórnvöld hafa útskýrt var farið út í endurnýjun og stækkun Trondheim Spektrum að hluta til vegna þess að sveitarfélagið skorti nægilega aðstöðu til þess að geta annast stærri íþrótta- og menningarviðburði. Í þessu samhengi hafa norsk stjórnvöld látið þess getið að Þrándheimur muni halda Evrópumeistaramót karla og kvenna í handbolta 2020. Eitt markmið uppfærslunnar hefur því verið að endurnýjaður vettvangur uppfylli kröfur evrópska handknattleikssambandsins og geri aðsókn umtalsverðs fjölda áhorfenda mögulega.
- 139) Að mati eftirlitsstofnunarinnar má gera ráð fyrir að einkaaðili á markaði, sem leigir aðstöðu í því skyni að veita íþróttafélögum fyrir ungt fólk afnot af salarrými til iðkunar, myndi ekki sætta sig við verð sem ákvarðað væri til að mæta umtalsverðum kostnaði við endurnýjun og stækkun og sem ekki væri í hlutfalli við þarfir hans samkvæmt leigusamningnum. Ef slík nálgun væri samþykkt myndi það leiða til fyrirkomulags þar sem sveitarfélagið gæti greitt verð fyrir leigu á aðstöðu í þágu salarrýmis til umráða fyrir íþróttafélög ungs fólks, sem samsvaraði fjárhagslegri þörf fyrir endurbætur á aðstöðunni almennt, án þess að tilkynna slíkt framlag sem ríkisaðstoð <sup>(95)</sup>.
- 140) Bygging mótsstaða til íþróttaiðkunar, og fyrir aðra opinbera viðburði og stuðningur við aðra starfsemi sem almenningur nýtur góðs af, getur talist á ábyrgð ríkisins. Við þær aðstæður væri ríkið ekki í hlutverki aðila á markaði. Það væri í hlutverki opinbers stjórnvalds. Ríkið getur því í vissum tilvikum fjármagnað slíka starfsemi með því að veita ríkisaðstoð. Slík ráðstöfun þyrfti hins vegar að uppfylla öll viðeigandi skilyrði sem sett eru fram í GBER <sup>(96)</sup> svo hópundanþága eigi við, eða að öðrum kosti þyrfti að tilkynna hana og einnig yrði hún að samrýmast c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 141) Í ljósi þess sem að framan greinir þarf eftirlitsstofnunin að reiða sig á aðrar aðferðir við mat á því hvort leigusamningarnir feli í sér aðstoð. Þótt það eigi ekki beint við telur eftirlitsstofnunin að samanburðarmatið sem norsk stjórnvöld hafa lagt fram geti nýst til að sýna verðbilið á markaði svo hægt sé að leggja mat á hvort verðið sem greitt er samkvæmt leigusamningunum víki langt frá því sem virðist vera markaðskjör fyrir svipaða þjónustu.
- 142) Norsk stjórnvöld hafa látið eftirlitsstofnuninni í té yfirlit yfir verð sem sveitarfélagið hefur greitt öðrum mótsstöðum fyrir leigu á salarrými í sama tilgangi og er að baki kaupum sveitarfélagsins á salarrými af TS <sup>(97)</sup>. Að mati eftirlitsstofnunarinnar er þetta sambærilegast við leigusamningana sem mat er lagt á í þessari ákvörðun.
- 143) Eftirlitsstofnunin telur að þessir mótsstaðir eigi betur við til samanburðar á salarrými sem sveitarfélagið leigir en dæmi um verð sem mótsstaðir í öðrum borgum setja upp <sup>(98)</sup>. Tímagjaldið á klukkustund sem gefið er upp fyrir aðra mótsstaði virðist eiga við í tilfellum þar sem staðurinn er leigður út tímabundið og fyrir viðburði af öðru tagi. Þessir mótsstaðir eru einnig frábrugðnir hvað aðstöðuna sjálfa varðar.

<sup>(95)</sup> Norsk stjórnvöld hafa lagt fram skýrslu frá Norion ráðgjöf (skjal nr. 1085426) sem leitast við að sýna fram á hvert tímagjald fyrir leigu ætti að vera ef TS ætti að njóta hæfilegrar ávöxtunar af fjárfestingu sinni. Hins vegar gerir matið ekki greinarmun á mismunandi tegundum þjónustu. Öllu heldur er um að ræða heildarmat sem líkir eftir kostnaðaruppbýggingu annarra mótsstaða. Slík nálgun veitir ekki nauðsynlegar upplýsingar svo leiða megi í ljós hvort tímagjaldið sem sveitarfélagið greiðir TS endurspeglir kostnaðinn við þjónustuna samkvæmt leigusamningunum.

<sup>(96)</sup> Sjá 55. gr. GBER um aðstoð vegna íþrótta og fjölnota tómsbundamannvirkja.

<sup>(97)</sup> Skjal nr. 859501, kafli 3.8.2.

<sup>(98)</sup> Norsk stjórnvöld vísuðu t.d. til Vestlandshallen og Haukelandshallen í Bergen, og Tromsøhallen í Tromsø, auk annarra mótsstaða til samanburðar að því er varðar verð sem TS setur upp gagnvart þriðju aðilum. Sjá enn fremur kafla 1.2.1.2.

- 144) Samanburðarmatið sem norsk stjórnvöld hafa lagt fram þegar sveitarfélagið leigir afnot af salarrými varða einnig fyrirkomulag þar sem fleiri klukkustundir eru leigðar fyrir sömu tegund af þjónustu – þótt ekkert þeirra sé nálægt þeim fjölda klukkustunda sem leigðir eru samkvæmt leigusamningnum milli sveitarfélagsins og TS. Þessir mótstaðir eru einnig í Þrándheimi <sup>(99)</sup>.
- 145) Norsk stjórnvöld hafa sagt að verðið sé á bilinu 350 NOK til 2 046 NOK á klukkustund. Norsk stjórnvöld hafa haldið fram að tímagjaldið sem sveitarfélagið greiðir samkvæmt fjölda þessara samninga sé vissulega undir markaðsverði og því ekki fyllilega sambærilegt, þar sem fjöldi þessara mótstaða hafi að hluta til verið fjármagnaður af ríkinu og séu þeir því samningsbundnir til að veita aðstöðu til afnota gegn föstu gjaldi, auk þess sem samningarnir kunni að ná til dagtíma eða vikutíma sem sé misjafnlega verðmætur <sup>(100)</sup>.
- 146) Enn fremur eru samningar einungis tveggja mótstaða af þeim ellefu leigusamningum þar sem verð liggur fyrir, Heimdal og Utleira, nálægt því verði sem sveitarfélagið greiðir TS <sup>(101)</sup>. Norsk stjórnvöld hafa viðurkennt að gjaldið fyrir þessa tvo mótstaði sé hærra en það sem er greitt fyrir aðra mótstaði sem verð er gefið upp fyrir. Norsk stjórnvöld hafa útskýrt að gjaldið sé mögulega ekki í samræmi við markaðskjör – þar sem sveitarfélagið hafi tekið mið af því við ákvörðun leigugjaldsins hverjir hagsmunir þess væru af því að styðja við starfsemi íþróttafélaga sem byggja á frjálsri aðild. Markaðskjör fyrir þessa mótstaði kunna því að vera örlítið lægri en fram kemur <sup>(102)</sup>.
- 147) Samkvæmt opinberum upplýsingum á vef Heimdal er tímagjald á bilinu 275 til 550 NOK, eftir því um hvers konar samning er að ræða. Því virðist sem gjaldið sem mótstaðurinn setur upp á markaði sé umtalsvert lægra en það sem sveitarfélagið greiðir samkvæmt leigusamningnum.
- 148) Samkvæmt hinum leigusamningunum níu setja þessir mótstaðir upp verð sem er á milli 77% og 242% <sup>(103)</sup> lægra en það sem sveitarfélagið greiðir TS samkvæmt eldri leigusamningum, og 154% til 385% lægra en verðið sem sveitarfélagið greiðir TS samkvæmt leigusamningnum frá 2019.
- 149) Af þeim ellefu mótstöðum sem verð er gefið upp fyrir eru fjórir leigðir af einkaaðilum <sup>(104)</sup>. Verð fyrir þessa fjóra mótstaði er á bilinu 425 til 677 NOK.
- 150) Er það því afstaða eftirlitsstofnunarinnar að samanburðurinn sem norsk stjórnvöld hafa lagt fram leiði frekar í ljós að verð sem sveitarfélagið greiðir á grundvelli leigusamninganna hafi verið umtalsvert hærra en verðið sem greitt hefur verið til annarra og aðrir mótstaðir hafa sett upp, bæði hvað varðar leigusamninga fyrri tíma og, einkum, eftir hækkun á verði fyrir leigu á salarrými samkvæmt leigusamningnum frá 2019.
- 151) Að mati eftirlitsstofnunarinnar er ekki alfarið hægt að útskýra þann mun sem er á tímagjaldi þessara mótstaða og tímagjaldi því sem sveitarfélagið greiðir samkvæmt leigusamningi við TS – sem sveitarfélagið leigir í öllum tilvikum í sama tilgangi – með því að sumir þessara mótstaða kunni að hafa verið fjármagnaðir að hluta af ríkinu, eða kunni að hafa skuldbundið sig til þess að bjóða afnot í einhverjum mæli á föstu verði. Sú staðreynd að samningarnir kunni að varða þá tíma dagsins eða vikunnar sem séu á mismunandi verði eigi við um alla mótstaðina sem norsk stjórnvöld hafa gefið upp sem mögulega geti verið til samanburðar.
- 152) Í ljósi umfjöllunarinnar hér að framan getur eftirlitsstofnunin ekki útilokað að TS hafi haft ávinning af leigusamningunum frá 2007 til 2017 og leigusamningnum frá 2019. Hins vegar, þar eð slík aðstoð væri í samræmi við framkvæmd EES-samningsins skv. c-lið 3. mgr. 61. gr., er ekki nauðsynlegt að komast að endanlegri niðurstöðu um að aðstoð sé fyrir hendi <sup>(105)</sup>.

<sup>(99)</sup> Fjöldi klukkustunda sem leigður er af þessum mótstöðum er frá 6 upp í 344 (upplýsingar veittar um fjölda leigðra klukkustunda 2015).

<sup>(100)</sup> Skjal nr. 1085422, bls. 28-29.

<sup>(101)</sup> Þessir mótstaðir eru Heimdal og Utleira, en uppgengið verð er 2 046 NOK og 1 302 NOK á klukkutíma.

<sup>(102)</sup> Skjal nr. 1096774.

<sup>(103)</sup> Tímagjaldið samkvæmt eldri leigusamningnum var 1 200 NOK og 1 700 NOK, samkvæmt nýja leigusamningnum, samanborið við tímagjald annarra mótstaða sem er á bilinu 350 til 677 NOK.

<sup>(104)</sup> Er um að ræða Autronica-höllina (472 NOK), KVT-höllina (677 NOK), Utleirahallen (600 NOK) og Charlottenlund (425 NOK).

<sup>(105)</sup> Hvað rökstuðning varðar sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2.5.2013, *Uppsala arena*, SA.33618.

6.4.2 Ráðstöfun 6 – hlutafjárúkning í tengslum við nýjan og óvæntan kostnað – GBER

- 153) Norsk stjórnvöld veittu TS heimild til hlutafjárúknunar að upphæð 55 milljónir NOK (u.þ.b. 5,68 milljónir EUR) skv. 55. gr. GBER. Norsk stjórnvöld hafa útskýrt að TS geti ekki mætt viðbótarkostnaðinum með úrræðum sem það hefur nú yfir að ráða, eða með viðbótarfjármögnun á markaði.
- 154) Norsk stjórnvöld telja að TS hafi ekki ávinning af hlutafjárúkningunni. Samkvæmt norskum stjórnvöldum lágu nokkur sjónarmið því til grundvallar að hlutafjárinnspýtingin var talin hagkvæm fyrir sveitarfélagið sem eiganda TS.
- 155) Norsk stjórnvöld hafa sagt að á heildina litið hafi breytingarnar verið líklegar til þess að hafa umtalsverð áhrif á arðsemi TS, einkum þegar litið er til hins gagnstæða, þ.e. ef einstakar breytingar á sætafyrirkomulagi, lyftum og geymslurými hefðu ekki verið gerðar. Allar ráðstafanirnar hefðu leitt til tekjuaukningar/lægri kostnaðar, á meðan aðrir valkostir hefðu haft þveröfug áhrif<sup>(106)</sup>.
- 156) Norsk stjórnvöld hafa enn fremur útskýrt að með hlutafjárúkningunni hafi sveitarfélagið sama sem orðið eini hluthafi TS, sem geri sveitarfélaginu kleift að kaupa þá hluti sem eftir standa án samþykkis núverandi minnihlutaeigenda. Sem eini hluthafinn er sveitarfélagið í hagstæðri stöðu samkvæmt norskum hlutafélagalögnum<sup>(107)</sup>, þar sem það getur ákveðið einhliða hvernig TS skuli starfrækt eftirleiðis.
- 157) Samkvæmt norskum stjórnvöldum hefði aðili á markaði sem stæði frammi fyrir vali milli þessara tveggja aðstæðna líklega farið að dæmi sveitarfélagsins. Hvað sem því líður telja norsk stjórnvöld að ekki liggi fyrir nægilegar vísbendingar til þess að álykta megi að skilyrði markaðsaðilareglunnar séu ekki uppfyllt<sup>(108)</sup>.
- 158) Norsk stjórnvöld hafa haldið því fram að virði hlutabréfa í TS – sem er órjúfanlega tengt mannvirkinu sem er í eigu TS – verði meira þar sem það sé í tengslum við Trondheim Spektrum að framkvæmdum loknum en ef endurbæturnar hefðu verið stöðvaðar. Breytingarnar sem hlutafjárúkningin fjármagnaði munu hafa áhrif á arðsemi TS til framtíðar, draga úr kostnaði og styrkja tekjumöguleika mannvirkisins.
- 159) Auk þess hefur sveitarfélagið aukið hlut sinn í TS umtalsvert. Þýðir það fyrst og fremst aukið virði hlutar sveitarfélagsins. Í meginatriðum keypti sveitarfélagið 18% hlut fyrir 55 milljónir NOK í fyrirtæki sem er eigandi mannvirkis, en stækkun þess ein og sér kostar næstum 600 milljónir. Jafnframt gerir sú staða að vera (sama sem) eini eigandi TS sveitarfélaginu kleift að hafa beinni og tafarlausari áhrif á rekstur og framtíð fyrirtækisins.
- 160) Norsk stjórnvöld benda á að þegar til meðallangs eða lengri tíma er litið sé alls ekki ólíklegt að hægt verði að selja Trondheim Spektrum á verði sem myndi fela í sér viðunandi arðsemi af fjárfestingu vegna hlutafjárinnspýtingarinnar. Verði Trondheim Spektrum ekki selt mun virði eignarhaldsins mjög líklega aukast umtalsvert eftir að stækkuninni er lokið og búið er að hrinda í framkvæmd viðskiptaáætlun og stefnu sem smám saman mun auka tekjur af viðskiptalegri starfsemi.
- 161) Ef ríki heldur því fram að það hafi hagað sér eins og markaðsaðili verður það, ef vafi er fyrir hendi, að leggja fram gögn sem sýna að ákvörðunin um að eiga viðskipti hafi verið tekin á grundvelli efnahagslegra sjónarmiða sem eru sambærileg þeim sem skynsamur rekstraraðili í markaðshagkerfi (með svipaða eiginleika og opinberri aðilinn sem um ræðir) hefði gert við svipaðar kringumstæður, til þess að leggja mat á arðsemi eða efnahagslegan ávinning af viðskiptunum<sup>(109)</sup>.

<sup>(106)</sup> Skjal nr. 1085422, bls. 10.

<sup>(107)</sup> *Lov om aksjeselskaper (aksjeloven)*, LOV-1997-06-13-44.

<sup>(108)</sup> Skjal nr. 1085422, bls. 10 til 15.

<sup>(109)</sup> Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð (NoA) 79. mgr. Sjá dóm í málinu *Commission v EDF*, C-124/10 P, EU:C:2012:318, mgr. 82 til 85. Sjá einnig dóm í málinu *Land Burgenland v Commission*, C-214/12 P, C-215/12 P og C-223/12 P, EU:C:2013:682, mgr. 61.

- 162) Slíkt fyrirframat er á misjafnlega háu stigi, allt eftir því hversu flókin viðkomandi viðskipti eru og virði viðkomandi eigna, og þeirrar vöru eða þjónustu sem um ræðir. Að öllu jöfnu ætti slíkt fyrirframat að eiga sér stað með fulltingi sérfræðinga sem hafa viðeigandi þekkingu og reynslu. Matið verður jafnan að byggjast á málefnalegum forsendum og það má ekki litast af sjónarmiðum sem varða opinbera stefnu. Matsgerðir óháðra sérfræðinga geta ýtt undir trúverðugleika matsins enn frekar.
- 163) Svo sýna megi fram á að ráðstöfun leiði til efnahagslegs ávinnings er nauðsynlegt að líta til þess hvort aðili á markaði, sem er sambærilegur að umfangi og fyrirtækið sem um ræðir, hefði við svipaðar aðstæður lagt til hlutafjárframlag af sömu upphæð, einkum í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga, og fyrirséðrar þróunar þegar fjárfestingin var gerð.
- 164) Markaðsaðilareglan hefur verið útfærð með tilliti til ýmissa tegunda viðskipta. „Markaðsfjárfestareglan“ hefur þróast í dómaframkvæmd dómstóla Evrópska efnahagssvæðisins við mat á því hvort ríkisaðstoð sé til staðar þegar um er að ræða opinberar fjárfestingar (einkum hlutafjárinnspýtingu). Við mat á því, á grundvelli þessarar reglu, hvort fjárfesting opinbers aðila feli í sér ríkisaðstoð er nauðsynlegt að leggja mat á hvort almennur fjárfestir sem er sambærilegur að umfangi og sem starfar við venjulegar aðstæður í markaðshagkerfi hefði við svipaðar kringumstæður farið út í þá fjárfestingu sem um ræðir <sup>(110)</sup>.
- 165) Unnt er að sýna fram á fylgni við markaðsfjárfestaregluna með fyrirbyggjandi viðskiptaáætlun sem lá til grundvallar ákvörðun um fjárfestinguna <sup>(111)</sup>. Ríki getur einungis vísað til hlutlægra og sannreynanlegra þátta sem tekið var mið af fyrir eða á sama tíma og ákvörðun um fjárfestingu var tekin.
- 166) Því verður að sýna fram á að fjárfestingin hafi farið fram á grundvelli efnahagslegs mats sem er sambærilegt því og almennur fjárfestir í sambærilegri aðstöðu hefði annast fyrir slíka fjárfestingu til þess að ákvarða arðsemi hennar til framtíðar.
- 167) Ekki nægir að reiða sig á efnahagslegt mat sem fram fer eftir að (mögulegur) ávinningur hefur orðið til, með afturvirkri niðurstöðu um að fjárfestingin hafi í raun verið arðsöm eða með réttlætingu á seinni stigum á þeim ráðstöfunum sem í raun voru gerðar, til þess að komast að þeirri niðurstöðu að ríkið hafi tekið ákvörðun um fjárfestingu á sama hátt og almennur fjárfestir í markaðshagkerfi <sup>(112)</sup>.
- 168) Sú staðreynd að hlutafjárframlag sé talið nauðsynlegt svo fyrirtæki geti haldið áfram rekstri eða til að tryggja viðunandi fjármögnun starfsemi, í samræmi við varfærnisreglur eða mat á áhættunni sem er til staðar, er ekki nægilegur grundvöllur til þess að komast að þeirri niðurstöðu að markaðsfjárfestareglunni hafi verið fylgt.
- 169) Almennur fjárfestir sem starfar við eðlilegar markaðsaðstæður myndi einungis leggja til slíkt hlutafjárframlag ef væntanleg arðsemi yrði talin nægileg, á þeim tíma er framlagið var innt af hendi, á grundvelli tiltækra upplýsinga og fyrirséðrar þróunar á þeim tíma.

<sup>(110)</sup> Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð (NoA) 74. mgr.

<sup>(111)</sup> Sjá til dæmis dóma í málnum *Commission v EDF*, C-124/10 P, EU:2012:318, mgr. 83 til 85 og 105, *France v Commission (Stardust Marine)*, C-482/99, EU:C:2002:294, mgr. 70 til 72, og *Cityflyer Express v Commission*, T-16/96, EU:T:1998:78, mgr. 76. Sjá einnig ákvörðun í málinu *Shetland Shellfish* (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/226/EB, Stjttð. ESB L 81, 18.3.2006, bls. 36), þar sem framkvæmdastjórnin hafnaði tveimur skýrslum sem stjórnvöld Hjaltlandseyja höfðu lagt fram með rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og fjárstreymisýfirliti samkvæmt spám fyrir árin 2000, 2001 og 2002. Bresk stjórnvöld héldu því fram að úttektirnar hefðu verið gerðar fyrirfram og að forsendurnar sem þær hefðu byggst á hefðu verið „varfærnar og skynsamlegar“, en framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að markaðsfjárfestir hefði talið þær ófullnægjandi þrátt fyrir að einungis væri um að ræða hlutfallslega lágar fjárhæðir.

<sup>(112)</sup> Sjá t.d. dóm í málinu *Commission v EDF*, C-124/10 P, EU:2012:318, mgr. 82 til 86 og 105, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20.3.2013, SA.23420, mgr. 150 til 151.

- 170) Við beitingu markaðsfjárfestareglunnar er gert ráð fyrir því að almennur fjárfestir muni leitast við að hámarka arðsemi sína <sup>(113)</sup>. Eins og Almenni dómstóllinn sagði í málinu *Westdeutsche Landesbank Girozentrale v Commission*, „Almennur fjárfestir er almennt ekki bara sáttur við að fjárfesting leiði ekki til taps eða eða leiði aðeins til takmarkaðrar arðsemi. Hann mun leita eftir hæfilegri hámarksarðsemi fjárfestingar í samræmi við þær tilteknu kringumstæður og mæta hagsmunum sínum til lengri og skemmri tíma, jafnvel þegar um er að ræða fjárfestingu í fyrirtæki þar sem hann er sjálfur þegar hluthafi“ <sup>(114)</sup>.
- 171) Norsk stjórnvöld hafa sagt að sveitarfélagið hafi sem meirihlutaeigandi í Trondheim Spektrum og á grundvelli hlutlægra viðmiðana lagt mat á hvort það ætti að fjárfesta frekar í formi hlutafjárukningar. Einnig voru góðar og markaðslegar ástæður fyrir sveitarfélagið að láta hlutafjárukninguna ganga eftir, einkum í ljósi þess ef hið gagnstæða væri uppi <sup>(115)</sup>.
- 172) Hins vegar, og aftur í samræmi við upplýsingar sem norsk stjórnvöld hafa veitt, virðist sem svo að ekkert efnahagslegt fyrirframat hafi átt sér stað af hálfu sveitarfélagsins áður en ákvörðun var tekin um hlutafjárukninguna. Ekki verður talið nægilegt að rekstraráðili sem stendur frammi fyrir vali milli þess að klára endurbætur og hins gagnstæða hefði líklega gert það sama og sveitarfélagið gerði <sup>(116)</sup> án nokkurs hlutkennds mats á ætlaðri arðsemi fjárfestingarinnar.
- 173) Skýringarnar sem norsk stjórnvöld hafa veitt sýna ekki fram á að fjárfestingin hafi verið nægilega arðsöm fyrir markaðsfjárfesti <sup>(117)</sup>. Á þetta bæði við um nýjan kostnað og kostnað umfram áætlun. Matið getur ekki grundvallast á svo almennum skýringum og þeim sem norsk stjórnvöld hafa veitt. Ekkert mat hefur verið lagt fram t.d. á ráðgerðri aukningu á tekjum vegna viðbótarsæta eða fyrirséðri hagkvæmni af stærri lyftum og auknu geymslurými.
- 174) Eftirlitsstofnunin hefur gefið norskum stjórnvöldum kost á því að leggja fram hvers kyns skjöl í tengslum við viðskiptin. Norsk stjórnvöld hafa ekki lagt fram neitt efnahagslegt mat sem er sambærilegt því og skynsamur almennur fjárfestir í sambærilegri aðstöðu hefði annast fyrir slíka fjárfestingu til þess að ákvarða arðsemi hennar til framtíðar. Því hafa norsk stjórnvöld ekki lagt fram gögn sem sýna að ráðgerð arðsemi til framtíðar hafi verið viðunandi frá sjónarmiði almenns fjárfestis <sup>(118)</sup>. Á þeim tíma er TS óskaði eftir auknu hlutfé átti sveitarfélagið 78% hlutabréfa í TS. Aðrir eigendur TS sýndu því ekki áhuga að taka þátt í hlutafjárukningunni. Þvert á móti samþykktu nokkrir minnihlutaeigendur að framselja sveitarfélaginu hluti sína fyrir 1 NOK.
- 175) Sú staðreynd að aðrir hluthafar vildu ekki taka þátt í hlutafjárukningunni og framseldu reyndar hluti sína til sveitarfélagsins fyrir 1 NOK gæti bent til þess að markaðsaðilar hafi ekki talið viðskiptin hagkvæm.
- 176) Að lokum er það niðurstaða eftirlitsstofnunarinnar að TS hafi ávinning af hlutafjárukningunni, sem nemur heildarupphæð hlutafjárukningarinnar.

#### 6.4.3 Ráðstöfun 7 – fjármögnun kostnaðar vegna grunnvirkja

- 177) Í hvaða formi ráðstöfun er nákvæmlega hefur ekki þýðingu við ákvörðun á því hvort um sé að ræða efnahagslegan ávinning fyrir fyrirtæki. Hvað hugtakið ríkisaðstoð varðar er efnahagslegur ávinningur ekki það eina sem getur haft þýðingu, því ávinningur getur einnig falist í því að efnahagslegri byrði sé aflétt. Hvað hið síðarnefnda varðar er um að ræða breiðan flokk og fellur hvers kyns lækkan kostnaðar sem að jafnaði teldist hluti af rekstraráætlun fyrirtækis þar undir. Öll tilvik þar sem kostnaði sem tilheyrir efnahagslegri starfsemi fyrirtækis er létt af því falla undir hann <sup>(119)</sup>.

<sup>(113)</sup> Sjá dóma í máluum *Italy v Commission*, C-303/88EU:C:1991:136, og *Westdeutsche Landesbank Girozentrale v Commission*, T-228/99 og T-233/99, EU:T:2003:57.

<sup>(114)</sup> Sjá dóm í málinu *Westdeutsche Landesbank Girozentrale v Commission*, T-228/99 og T-233/99, EU:T:2003:57, mgr. 314 og 315.

<sup>(115)</sup> Skjal nr. 1096774.

<sup>(116)</sup> Skjal nr. 1085422, bls. 10 til 15.

<sup>(117)</sup> Sjá t.d. dóm í málinu *Westdeutsche Landesbank Girozentrale v Commission*, T-228/99 og T-233/99, EU:T:2003:57, mgr. 255, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20.3.2013, SA.23420, mgr. 153.

<sup>(118)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20.3.2013, SA.23420, mgr. 150 til 151.

<sup>(119)</sup> Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð (NoA) 68. mgr.



- 178) Hugtakið ávinningur tekur einnig til aðstæðna þar sem rekstraraðilar þurfa ekki að bera kostnað sem aðrir sambærilegir rekstraraðilar myndu þurfa að gera í tilteknu lagaumhverfi, óháð því hvort kostnaðurinn varðar óefnahagslega starfsemi eða ekki <sup>(120)</sup>.
- 179) Bygging grunnvirkis sem nýtt er undir starfsemi sem ríkið hefur með höndum á grundvelli opinberra valdheimilda og sem er ekki nýtt í atvinnuskyni er að meginreglu til undanþegin beitingu ríkisaðstoðarreglna <sup>(121)</sup>.
- 180) Sértekur ávinningur í þágu mannvirkis á borð við það sem mat er lagt á í þessu máli, sem er fjármagnað af opinberu fé og er ekki nýtt í atvinnuskyni, gæti samt sem áður reynst vera fyrir hendi:
- Ef reglurnar sem almennt gilda um verkefnið skylda framkvæmdaraðila til þess að bera hluta kostnaðarins getur verið um að ræða sértekkan ávinning ef framkvæmdaraðilinn greiðir minna en mælt er fyrir um lögum samkvæmt.
  - Ef mannvirkið er ekki almennrar gerðar heldur þjónar einungis einu eða takmörkuðum fjölda fyrirtækja sem vitað er um fyrirfram og er sniðið að þörfum þeirra þannig að fyrirtækið/fyrirtækin hefðu að jafnaði þurft að bera kostnaðinn af mannvirkinu sjálf <sup>(122)</sup>.
- 181) Norsk stjórnvöld halda því fram að mannvirkið sem um ræðir sé opinbert grunnvirki almenns eðlis og að TS hafi ekki greitt minna en skylt er lögum samkvæmt. Fjármögnun grunnvirkis varðar þrennar ráðstafanir.
- 182) Í fyrsta lagi, brúna sem tengir Nidarø-skagann við meginlandið þar sem Ilen kirkjan er staðsett. Samkvæmt norskum yfirvöldum er núverandi brú úrelt. Brúin er að fullu fjármögnuð af sveitarfélaginu. Brúin mun tengja miðhluta borgarinnar og tengja mikilvæg útivistar- og garðasvæði og er því til hagsbóta fyrir alla íbúa og gesti Þrándheims.
- 183) Í öðru lagi, framkvæmdir í Klostergata sem varða vatns- og skólperfi sem sveitarfélagið þurfti að endurnýja hvort eð er. Framkvæmdirnar eiga sér stað á sama tíma og framkvæmdir við Trondheim Spektrum. Samkvæmt áætlun um fráveitu- og vatnsaðstæður 2013–2024, vatnsveituáætlun 2004–2012 og undiráætlun um vatnsveitu 2017–2028 ber sveitarfélaginu að aðskilja skólperfi og yfirborðsvatn og endurnýja gamlar vatnslagnir. Mælt er með því að þessar ráðstafanir verði gerðar innan tíu ára (frá 2014). Sveitarfélagið leitast við að samræma framkvæmdir sínar við framkvæmdir annarra aðila. Vatnslagnir í Klostergata voru lagðar á tímabilinu 1895–1915. Norsk stjórnvöld hafa útskýrt að sveitarfélagið endurnýjar ávallt lagnir af þessu tagi þegar aðrar framkvæmdir fara fram á götunni eða við hana. Hlutur TS mun nema 20 milljónum NOK <sup>(123)</sup>.
- 184) Í þriðja lagi er græna mannvirkinu og almenningsgarðinum ætlað að tryggja að aðlaðandi staðir til athafna og afþreyingar fyrir almenning séu til. Sveitarfélagið ráðgerir að gróðursetja nálægt ánni til þess að skapa gott umhverfi fyrir plöntur og dýralíf. Norsk stjórnvöld hafa útskýrt að græna mannvirkið og almenningsgarðurinn séu ekki nauðsynleg fyrir verkefnið sem slíkt heldur grunnvirki sem muni verða öllum íbúum og gestum Þrándheims til hagsbóta <sup>(124)</sup>.

<sup>(120)</sup> Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð (NoA) 68. mgr.

<sup>(121)</sup> Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8.1.2016, SA.36019, mgr. 36, og greiningarkerfi framkvæmdastjórnarinnar fyrir grunnvirki eins og vegi, brýr, göng og skipengar vatnaleiðir, sem er á eftirfarandi slóð: [https://ec.europa.eu/competition/state\\_aid/modernisation/grid\\_roads\\_en.pdf](https://ec.europa.eu/competition/state_aid/modernisation/grid_roads_en.pdf).

<sup>(122)</sup> Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8.1.2016, SA.36019, mgr. 38 og 46, og dómafordæmin sem vitnað er til þar.

<sup>(123)</sup> Skjal nr. 874440, bls. 24.

<sup>(124)</sup> Skjal nr. 1085422, bls. 15 og skjal nr. 1059170.

- 185) Að því er varðar mat á því hvort ráðstöfunin telst ríkisaðstoð ber eftirlitsstofnuninni að greina áhrif þessara ráðstafana sem um ræðir frekar en markmiðin að baki. Jafnvel þótt grunnvirkjaáætlunin hefði verið samþykkt í tengslum við áætlanir fyrir framkvæmdina sem um ræðir myndi eftirlitsstofnunin þurfa að meta hvort grunnvirkið sé samfélaginu til hagsbóta í heild sinni eða einungis framkvæmdunum sem um ræðir. Einungis í síðara tilvikinu þyrfti framkvæmdaraðili að fjármagna grunnvirkið svo engin aðstoð teldist vera fyrir hendi <sup>(125)</sup>.
- 186) Norsk stjórnvöld hafa útskýrt að ráðstafanirnar sem eru fjármagnaðar (að hluta) af sveitarfélaginu séu ekki í beinu efnislegu sambandi við framkvæmdirnar en séu afleiðing af opinberri stefnu sveitarfélagsins um að aðgengileg grunnvirki af þessu tagi og græn mannvirki séu til staðar á almenningssvæðum <sup>(126)</sup>. Skipulagssvæðið er hluti af þýðingarmiklu afþreyingarsvæði við ána Nidelva þar sem mjög fjölbreytt plöntu- og dýralíf er til staðar. Nidarø er hluti af neti göngustíga sem eru vinsælir meðal íbúa borgarinnar til tómstunda og útiveru <sup>(127)</sup>.
- 187) Í ljósi upplýsinganna sem norsk stjórnvöld hafa veitt er það mat eftirlitsstofnunarinnar að ráðstafanirnar við grunnvirkin sem um ræðir séu til notkunar og hagsbóta fyrir almenning í Þrándheimi. Jafnvel þótt aukin umferð á svæðinu kunni að koma til vegna framkvæmdanna njóta allir íbúar góðs af framkvæmdunum <sup>(128)</sup>.
- 188) Eins og lýst hefur verið að framan gerðu sveitarfélagið og TS þróunarsamning <sup>(129)</sup>. Norsk stjórnvöld hafa útskýrt að engin skylda sé til þess að gera þróunarsamninga, hvorki fyrir sveitarfélagið né framkvæmdaraðilann.
- 189) Þróunarsamningar eru tæki til þess að aðstoða framkvæmdaraðila og sveitarfélögin við að tryggja að kröfur samkvæmt deiliskipulagi og bindandi fyrirkomulag, m.a. vegna almennra ráðstafana varðandi grunnvirki, séu uppfylltar. Þeir geta en verða ekki endilega að fela í sér ákvæði, sem leggja einhverjar af þeim efnahagslegum byrðum á framkvæmdaraðila sem varða almenna grunnvirkjauppbyggingu. Mikilvægt er að hafa í huga að þróunarsamningar eru afrakstur samningaviðræðna milli sveitarfélags og framkvæmdaraðila.
- 190) Engin ákvæði laga krefjast þess að sveitarfélögin leggi slíkan kostnað á framkvæmdaraðila. Hins vegar, ef gerður er þróunarsamningur milli sveitarfélags og framkvæmdaraðilans, setur viðeigandi löggjöf skorður við því hvaða kostnað er hægt að leggja á framkvæmdaraðilann. Rökin fyrir því er valdamisræmið sem er til staðar að því er varðar samningaviðræðurnar og gerð þróunarsamninga, sveitarfélaginu í hag.
- 191) Hvað þetta áhrærir hafa norsk stjórnvöld vísað til nýlegs dóms Héraðsdóms Oslóar þar sem dómstóllinn taldi að: „Rökin að baki gr. 17-3 í skipulags- og byggingarlögum eru m.a. þörfin til að takmarka hvað sveitarfélög geta látið fylgja þróunarsamningi, í ljósi þess að heimildir sveitarfélagsins til þess að leyfa eða banna verkefni setja það í sterka stöðu. Því er með ákvæðinu gerð krafa um nauðsyn, réttmæti og meðalhóf“ <sup>(130)</sup>.

<sup>(125)</sup> Sjá til dæmis ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2.8.2002, *Terra Mítica SA, a theme park near Benidorm*, 2003/227/EC, Stjtuð. ESB L 91, 8.4.2003, bls. 23, mgr. 62–67, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 1.10.2014, *Propapier PM2, SA.36147*.

<sup>(126)</sup> Skjal nr. 1059846.

<sup>(127)</sup> Skjal nr. 874440, bls. 23.

<sup>(128)</sup> Sjá til dæmis ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2.8.2002, *Terra Mítica SA, a theme park near Benidorm*, 2003/227/EC, Stjtuð. ESB L 91, 8.4.2003, bls. 23, mgr. 62–67.

<sup>(129)</sup> Skjal nr. 1059848.

<sup>(130)</sup> Dómur Héraðsdóms Oslóar, 18-132587TVI-OTIR/07, bls. 8. ‘*Bakgrunnen var blant annet et behov for å sette begrensinger for hva kommunene kunne inngå avtale om, da kommunen i kraft av sin myndighet til å gi eller ikke tillatelse har en sterk maktposisjon i forhandlingene. Bestemmelsen oppstiller derfor både et krav om nødvendighet, og krav om rimelighet og forholdsmessighet.*’ Dóminum hefur verið áfrýjað. Norsk stjórnvöld vísa enn fremur til tveggja annarra nýrra dóma Héraðsdóms Oslóar: 18-104016 (Mortensrud) og 18-132587 (universitetet).

- 192) Norsk stjórnvöld hafa útskýrt að svigrúm sveitarfélagsins til athafna takmarkist þar með af lagarammanum og dómaframkvæmdinni sem vísað er til að framan, að því er varðar mælikvarða á nauðsyn og meðalhófi. Samt sem áður reynir sveitarfélagið að leggja eins mikinn kostnað á framkvæmdaraðila og hægt er. Þótt sveitarfélagið hafi beitt meginreglu um fulla yfirfærslu kostnaðar er þessi regla milduð í framkvæmd að einhverju marki af þeim takmörkunum sem innlendir lagarammi hefur í för með sér.
- 193) Engin formúla eða fyrirframákveðnir útreikningar liggja fyrir um kostnaðarúthlutun milli sveitarfélaga og framkvæmdaraðila samkvæmt þróunarsamningi. Samkvæmt norskum stjórnvöldum er slíkra útreikninga ekki heldur krafist í lögum, auk þess sem þeir myndu ekki gagnast í framkvæmd. Verkefnin, framkvæmdaraðilarnir og efnahagslegt umfang ólíkra framkvæmdarverkefna er of sundurleitt til þess að hægt sé að beita stærðfræðilegum líkönum.
- 194) Sveitarfélagið leggur mat á tillögur framkvæmdaraðilans. Með því og í því skyni að tryggja meðalhóf við úthlutun kostnaðar er heildarkostnaður sem leggst á framkvæmdaraðila miðaður við önnur verkefni og framkvæmd (kostnaður við framlag til opinberra grunnvirkja á m<sup>2</sup> BRA (þ.e. miðað við nýtanlegan gólfhlöt)). Við dæmigerðar húsbýggingar, sem eru jafnan mjög ábatasöm þróunarverkefni, telst viðunandi kostnaður á nýtanlegan gólfhlöt, eða m<sup>2</sup> BRA, u.þ.b. 2 000 NOK eða lægri. Samkvæmt norskum stjórnvöldum eru verslunarhúsnæði og verkefni sem tengjast almannaþjónustu ekki jafn ábatasöm og því er kostnaður á nýtanlegan gólfhlöt, m<sup>2</sup> BRA, yfirleitt lægri.
- 195) Samkvæmt þróunarsamningi við TS sem var gerður í samræmi við þessa venju er kostnaður TS sem nemur 2 226 NOK á m<sup>2</sup> BRA <sup>(131)</sup>.
- 196) Í samræmi við beiðni eftirlitsstofnunarinnar hafa norsk stjórnvöld veitt frekari upplýsingar um nýleg, hlutfallslega stór byggingarverkefni í Þrándheimi þar sem þróunarsamningur liggur til grundvallar. Í engu verkefnanna er um að ræða kostnað sem er umtalsvert hærri á m<sup>2</sup> BRA en í verkefni TS. Um er að ræða íbúðarhúsnæði og verslunarhúsnæði/húsnæði undir opinbera þjónustu. Sum verkefnin falla undir einn þessara flokka og sum eru blönduð í eðli sínu.
- 197) Kostnaður lagður á TS samkvæmt þróunarsamningnum er hærri en í flestum af þeim dæmum sem eru nefnd. Norsk stjórnvöld hafa bent á að jafnvel mjög ábatasöm verslunartengd verkefni á borð við stækkun hótels og byggingu verslunarmiðstöðvar eru með lægri eða einungis lítið eitt hærri kostnað en TS á m<sup>2</sup> BRA.
- 198) Í svari við eftirgrennslan eftirlitsstofnunarinnar hafa norsk stjórnvöld sagt að samkvæmt þeirra upplýsingum liggi ekki fyrir tölfræðilegar upplýsingar fyrir landið allt eða Þrándheim um slíkan kostnað á m<sup>2</sup> BRA. Hins vegar liggja fyrir gögn opinberlega sem sýna að kostnaðurinn sem leggst á TS sé í hærri kantinum í samanburði við það sem önnur byggingarverkefni leggja til. Í skýrslu Norsk Eiendom frá ágúst 2018 kemur til að mynda fram, að kostnaður á m<sup>2</sup> BRA í dæmum um nokkrar stórar byggingarframkvæmdir í Osló sé á bilinu 975 NOK til 2 167 NOK, og leggi flest verkefnanna til u.þ.b. 1 400 til 1 500 NOK <sup>(132)</sup>.
- 199) Norsk stjórnvöld taka fram að framlagður samanburður á kostnaði á m<sup>2</sup> BRA sé sambærilegur. Í norskum rétti þarf við mat á meðalhófi að taka sérstakt tillit til efnahagslegrar sjálfbærni kostnaðarúthlutunarinnar. Svo unnt sé að meta hvort þróunarsamningur TS víki frá venjubundinni framkvæmd er hægt að nota íbúðarhúsbýggingar til samanburðar, jafnvel þó að þær geti að jafnaði þurft að bera hærri kostnað en verkefni á borð við TS. Í öllu falli er kostnaður vegna þróunarsamninga fyrir verslunarhúsnæði/húsnæði undir opinbera þjónustu sem sveitarfélögin gera lægri á m<sup>2</sup> BRA en kostnaður TS.

---

<sup>(131)</sup><sup>(132)</sup> Norsk stjórnvöld hafa útskýrt að áður uppgjafinn kostnaður sem nemur 2 081 NOK á m<sup>2</sup> BRA hafi breyst í lokaútgáfu þróunarsamningsins. Endanleg rétt upphæð nemi 2 226 NOK á m<sup>2</sup> BRA.

- 200) Þar að auki gefur viðeigandi löggjöf (þar sem þess er krafist að lagt sé mat á meðalhóf) skýrt til kynna, sem og norskir dómstólar, <sup>(133)</sup>, að sveitarfélagið hefði ekki geta lagt hærri kostnað á TS án þess að það teldist vera í trássi við lög <sup>(134)</sup>.
- 201) Norsk stjórnvöld hafa veitt upplýsingar um venjur í samningaviðræðum um þróunarsamninga í Þrándheimi, auk skýringa á kröfum í innlendum lögum sem við eiga. Upplýsingar sem norsk stjórnvöld hafa veitt benda ekki til þess að samningaviðræður um skiptingu kostnaðar í tilvikum TS hafi verið í trássi við venjur. Samanburðarmatið sem hefur verið lagt fram, þótt um sé að ræða öðruvísi verkefni, bendir ekki til þess að TS hafi greitt minna en venjulega er krafist að því er varðar framlag til opinberra grunnvirkja í tengslum við framkvæmdarverkefni í Þrándheimi.
- 202) Því getur eftirlitsstofnunin ekki sýnt fram á að málið sem hér um ræðir víki frá venjubundinni framkvæmd við skiptingu kostnaðar í opinberum grunnvirkjaverkefnum.
- 203) Eftir að hafa lagt mat á upplýsingarnar sem norsk stjórnvöld hafa veitt getur eftirlitsstofnunin ekki ályktað að TS hafi haft sértækan ávinning af skiptingu kostnaðar vegna grunnvirkja, að því er varðar endurnýjun og stækkun TS. Því er ráðstöfunin ekki talin fela í sér aðstoð og verður þar með ekki lagt frekara mat á hana hér á eftir.

#### 6.5 Sértæk aðstoð

- 204) Svo ráðstöfun teljist aðstoð verður hún að vera sértæk að því leyti að hún ívilnar „ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara“.
- 205) Ráðstafanirnar sem hér um ræðir eru einstakar ráðstafanir sem einungis beinast að TS. Þær eru því sértækar í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

#### 6.6 Áhrif á viðskipti og röskun á samkeppni

- 206) Aðstoðarráðstöfun verður að vera til þess fallin að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli aðilanna að EES-samningnum.
- 207) Sú staðreynd að ráðstöfun styrki stöðu fyrirtækis gagnvart öðrum fyrirtækjum í samkeppni í viðskiptum milli EES-ríkja er talið nægilegt til þess að álykta að ráðstöfunin sé líkleg til þess að hafa áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna og raska samkeppni milli fyrirtækja sem hafa staðfestu í öðrum EES-ríkjum <sup>(135)</sup>.
- 208) TS hefur haft ávinning af hlutafjárinnspýtingunni sem styrkir stöðu þess í samanburði við önnur fyrirtæki sem það keppir við á EES-markaði. Hið sama gildir um allan ávinning fyrir TS vegna mögulegs ríkisaðstoðarþáttar sem leigusamningarnir fela í sér.
- 209) Eftirlitsstofnunin verður að leggja frekara mat á það hvort ráðstafanirnar séu til þess fallnar að hafa áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Hvað þetta varðar hefur Dómstóll Evrópusambandsins úrskurðað að „þegar ríkisaðstoð styrkir stöðu fyrirtækis gagnvart öðrum fyrirtækjum í samkeppni um viðskipti á markaði innan [Sambandsins] verður að líta svo á aðstoðin hafi áhrif á þau fyrirtæki“ <sup>(136)</sup>.
- 210) Trondheim Spektrum hefur bolmagn til þess að halda meðalstóra og stóra alþjóðlega viðburði, sem einnig væri hægt að halda utan svæðisins <sup>(137)</sup>.

<sup>(133)</sup> Ákvæði gr.17-3 í skipulags- og byggingarlögum og dómur Héraðsdóms Oslóar 18-132587TVI-OTIR/07.

<sup>(134)</sup> Skjal nr. 1085422, bls. 15-20.

<sup>(135)</sup> Mál E-6/98 *Norway v ESA* [1999] EFTA Ct. Rep. 76, mgr. 59, og dómur í málinu *Philip Morris v Commission*, 730/79, EU:C:1980:209, mgr. 11.

<sup>(136)</sup> Dómur í málinu *Eventech*, C-518/13, EU:C:2015:9, mgr. 66.

<sup>(137)</sup> Skjal nr. 859501, bls. 22.

- 211) Eftirlitsstofnunin bendir á að áhrif á viðskipti geti ekki einungis byggst á tilgátu eða á líkum. Sýna verður fram á hvers vegna ráðstöfunin raskar eða veldur hættu á röskun á samkeppni og er til þess fallin að hafa áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna á grundvelli fyrirséðra áhrifa af ráðstöfununum <sup>(138)</sup>.
- 212) Eftirlitsstofnunin og framkvæmdastjórnin hafa í fjölda ákvarðana talið að tiltekin starfsemi eða ráðstafanir hafi, í ljósi sérstakra aðstæðna, einungis staðbundin áhrif og þar af leiðandi engin áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Í þessum málum hafa eftirlitsstofnunin og framkvæmdastjórnin einkum gengið úr skugga um að aðstoðarþeginn hafi veitt þjónustu á takmörkuðu svæði í EES-ríki og ólíklegt væri að hann höfðaði til viðskiptavina í öðrum EES-ríkjum og að ekki væri fyrirséð að ráðstöfunin hefði meira en hverfandi lítil áhrif á aðstæður fyrir fjárfestingar yfir landamæri eða staðfestu fyrirtækja. Sumar þessara ákvarðana vörðuðu íþrótta- og tómsundaaðstöðu sem einkum þjónar staðbundnum hópi og ólíklegt væri að hún laðaði að sér viðskiptavini eða fjárfesta úr öðrum EES-ríkjum <sup>(139)</sup>.
- 213) Í málinu sem hér er til umfjöllunar heldur TS einnig viðburði á borð við vörusýningar og aðra alþjóðlega viðburði, sem laða að erlenda viðskiptavini, þó að sum starfsemi TS sé staðbundin í eðli sínu. Enn fremur mun TS halda Evrópumeistaramót í handknattleik 2020 sem gera má ráð fyrir að laði að erlenda viðskiptavini.
- 214) Loks er markaður fyrir skipulagningu alþjóðlegra viðburða opinn fyrir samkeppni milli mótstaða og viðburðaskipuleggjenda, sem að jafnaði stunda starfsemi sem felur í sér viðskipti milli EES-ríkja <sup>(140)</sup>.
- 215) Í ljósi þess sem að framan greinir telur eftirlitsstofnunin að ráðstöfunin sem um ræðir valdi hættu á röskun á samkeppni og sé til þess fallin að hafa áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna.

#### 6.7 Niðurstaða um hvort um aðstoð sé að ræða

- 216) Í ljósi þess sem að framan greinir er niðurstaða eftirlitsstofnunarinnar eftirfarandi:
- Ekki er hægt að útiloka að leigusamningarnir frá 2007 til 2017 (ráðstöfun 4) og ný leigusamningurinn frá 2019 (ráðstöfun 5) feli í sér aðstoð. Eins og sýnt verður fram á hér á eftir væri slík aðstoð í samræmi við framkvæmd EES-samningsins skv. c-lið 3. mgr. 61. gr. og er því ekki nauðsynlegt að komast að endanlegri niðurstöðu um hvort aðstoð sé til staðar,
  - ráðstöfun 6 – hlutfjárinnspýting – felur í sér ríkisaðstoð,
  - ráðstöfun 7 – fjármögnun kostnaðar vegna grunnvirkja – felur ekki í sér ríkisaðstoð,
  - ráðstöfun 9 – lánsamningurinn milli Nordea og TS felur ekki í sér ríkisaðstoð.

### 7 Málmeðferðarreglur

- 217) Skv. 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól: „Tilkynna skal Eftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda. [...] Hlutaðeigandi ríki skal ekki gera fyrirhugaðar ráðstafanir fyrir en endanleg niðurstaða liggur fyrir.“

<sup>(138)</sup> Sjá t.d. dóm í málinu *AITEC and others v Commission*, T-447/93, T-448/93 og T-449/93, EU:T:1995:130, mgr. 141.

<sup>(139)</sup> Sjá t.d. ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar í málum N 258/2000 *Leisure Pool Dorsten* (Stjttíð. ESB C 172, 16.6.2001, bls. 16); 2004/114/EB frá 29.10.2003 um ráðstafanir í þágu hafna sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni og ætlaðar skemmtibátum, Hollandi (Stjttíð. ESB L 34, 6.2.2004, bls. 63); SA.37963 – Bretland – Meint ríkisaðstoð við Glenmore Lodge (Stjttíð. ESB C 277, 21.8.2015, bls. 3); SA.38208 – Bretland – Meint ríkisaðstoð við golfklúbba í eigu breskra klúbbmeðlima (Stjttíð. ESB C 277, 21.8.2015, bls. 4); auk ákvörðunar eftirlitsstofnunarinnar nr. 459/12/COL frá 5.12.2012 um aðstoð við Bømlabadet Bygg AS vegna byggingar vatnsgarðsins Bømlabadet í sveitarfélaginu Bømlø; og ákvörðun nr. 20/19/COL frá 2.4.2019 Leangbukten Båttforenings Andelslag.

<sup>(140)</sup> Sjá hvað þetta varðar ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar nr. 496/13/COL frá 11.12.2013 um fjármögnun tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, mgr. 75.

- 218) Norsk stjórnvöld greina frá því að nýi leigusamningurinn sé með fyrirvara um að hann sé í samræmi við markaðskjör<sup>(141)</sup>. Heimili hann sérstaklega breytingar svo unnt sé að færa skilmálana til samræmis við markaðskjör, geri eftirlitsstofnunin kröfu um það. Í því ljósi er það mat eftirlitsstofnunarinnar að norsk stjórnvöld hafi hlítt kröfunum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 1. mgr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, að því er varðar leigusamninginn frá 2019 að því tilskildu að þætti ríkisaðstoðar sé að finna í samningnum.
- 219) Norsk stjórnvöld tilkynntu ekki leigusamningana sem gerðir voru frá 2007 til 2017 til eftirlitsstofnunarinnar. Því er það niðurstaða eftirlitsstofnunarinnar að stjórnvöld hafi ekki virt skuldbindingar sínar samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 að því er varðar þá ráðstöfun að því tilskildu að leigusamningarnir feli í sér þætti ríkisaðstoðar.

#### 7.1.1 Ráðstöfun 6 – hlutafjárninspýting samrýmist ekki GBER

- 220) Samkvæmt 3. gr. GBER skulu aðstoðarkerfi, stök aðstoð, sem er veitt samkvæmt aðstoðarkerfum, og sérstök aðstoð, samrýmast innri markaðnum í skilningi c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, svo fremi að slík aðstoð uppfylli öll skilyrðin, sem mælt er fyrir um í I. kafla GBER, ásamt sérstöku skilyrðunum fyrir viðeigandi flokk aðstoðar sem mælt er fyrir um í III. kafla GBER.
- 221) Í 1. mgr. 6. gr. GBER segir að reglugerðin skuli einungis gilda um aðstoð sem hefur hvatningaráhrif. Í 2. mgr. 6. gr. GBER segir: „Aðstoð skal teljast hafa hvatningaráhrif ef aðstoðarþegi hefur lagt fram skriflega umsókn um aðstoð hjá hlutaðeigandi aðildarríki ESB eða EFTA-ríki áður en vinnan við verkefnið eða starfseminna hefst. Umsóknin um aðstoðina skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar: a) nafn og stærð fyrirtækis, b) lýsingu á verkefninu, þ.m.t. upphafs- og lokadagsetningu, c) staðsetningu verkefnisins, d) lista yfir kostnaðarliði verkefnisins, e) tegund aðstoðar (styrkur, lán, ábyrgð, fyrirframgreiðsla sem ber að endurgreiða, innspýting hlutafjár eða annað) og fjárhæð opinbers fjármagns sem þarf til verkefnisins.“
- 222) Norsk stjórnvöld greina frá því að ekki sé ljóst hvernig beita skuli 2. mgr. 6. gr. GBER þegar um er að ræða yfirstandandi verkefni sem er breytt, sem eru stækkuð eða þegar óvissa ríkir um verklok. Norsk stjórnvöld hafa sagt að rökrétt virðist að „vinnan við verkefnið“ í 2. mgr. 6. gr. GBER sé ekki endilega upphaf verkefnisins sem slíks heldur geti einnig vísað til síðari tímapunkts við tilteknar aðstæður þar sem „verkefnið“ eða „starfsemin“ felist í raun í breytingu, aukningu eða sambærilegu, og eigi sérstaklega að túlka þannig að taka einnig til aðstæðna þar sem ný „ákvörðunarstaða“ verður til í ferlinu.
- 223) Norsk stjórnvöld hafa sagt að ekki sé óalgengt að verkefnum sé breytt og að fjárhagsáætlanir reynist ófullnægjandi. Hvað grunnvirkjaverkefni varðar sé þetta fremur regla en undantekning.
- 224) Slík túlkun gæti leitt til óafvitandi mismununar milli endurbóta á núverandi grunnvirki og grunnvirki sem verið er að reisa. Enn fremur geti þurft að stöðva eða minnka verkefni umtalsvert, sem þegar hafi notað talsvert af opinberum fjármunum.
- 225) Auk þess hafa norsk stjórnvöld vakið athygli á því að slík túlkun geti haft óviljandi eða óæskilegar afleiðingar í formi varkárni við fjárhagsáætlunargerð sem gæti leitt til þess að hærri aðstoðarfjárhæðir séu veittar.
- 226) Loks benda norsk stjórnvöld á að eftirlitsstofnunin hafi í fjölda mála samþykkt aðstoð sem beitt var eftir að verkefni var hafið. Álíta norsk stjórnvöld að 6. gr. GBER megi túlka með þeim hætti að slík aðstaða geti fallið undir ákvæðið líka<sup>(142)</sup>.

<sup>(141)</sup> Ákvæði 12. gr. nýja leigusamningsins frá 2019 hljóðar svo (á norsku): ‘Denne avtalen forutsettes å være inngått på markedsmessige vilkår. Det tas forbehold om at avtalen vil – forut for og i avtaleperioden – justeres for å tilfredsstille eventuelle føringer/krav fra EFTAs overvåkningsorgan (ESA), og/eller andre offentlige myndigheter. Dette for at avtalen til enhver tid skal tilfredsstille markedsinvestorprinsippet.’

<sup>(142)</sup> Skjal nr. 1085422, bls. 10 til 15.

- 227) Norsk stjórnvöld hafa staðfest að vinna við Trondheim Spektrum hafi byrjað áður en TS fór fram á hlutafjárukninguna frá sveitarfélaginu. Dómstóllinn hefur verið strangur í túlkun sinni á GBER. Hefur niðurstaða dómstólsins verið sú að ef skilyrði GBER séu ekki uppfyllt geti það þýtt að undanþágan frá tilkynningaskyldunni gildi ekki um ráðstöfunina <sup>(143)</sup>.
- 228) Að því er varðar mögulegan síðari byrjunartíma verkefnisins bendir eftirlitsstofnunin á að viðbótarbyggingarkostnaður sem mætt var með hlutafjárinnspýtingunni geti ekki talist aðskilið verkefni frá endurnýjun og stækkun grunnvirkisins. Þessar viðbótarbyggingarframkvæmdir eru framhald af upphaflegri endurnýjun og stækkun Trondheim Spektrum og hefðu ekki verið settar á laggirnar ef ekki hefði verið fyrir upphaflega verkefnið. Er það viðhorf eftirlitsstofnunarinnar að það að meta viðbótarbyggingarframkvæmdir sem „nýja ákvörðunarstöðu“ myndi jafngilda því að telja það sem nýtt „verkefni“. Hvers kyns tillúin aðgreining grunnvirkisverkefnis af því tagi myndi leiða til hættu á að grafið væri undan viðmiðunum fyrir hvatningaráhrif í 6. gr. GBER og væri í andstöðu við markmið GBER.
- 229) Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða eftirlitsstofnunarinnar að hlutafjárinnspýtingin hafi ekki verið veitt í samræmi við GBER. Ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins sem ekki fellur undir GBER fellur áfram undir tilkynningarskylduna. Norsk stjórnvöld tilkynntu eftirlitsstofnuninni ekki um hlutafjárinnspýtinguna. Eftirlitsstofnunin kemst því að þeirri niðurstöðu að norsk stjórnvöld hafi ekki virt skuldbindingar sínar skv. 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól. Aðstoðin sem var veitt 5. desember 2018 var því ólögmat. Hér á eftir mun eftirlitsstofnunin meta samræmi ráðstöfunarinnar með beinum hætti á grundvelli c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

## 8 Samræmi aðstoðaráðstafananna

- 230) Eftirlitsstofnun EFTA getur lýst ríkisaðstoð samrýmanlega framkvæmd EES-samningsins skv. c-lið 3. mgr. 61. gr. að því tilskildu að tiltekin samræmisskilyrði séu uppfyllt.
- 231) Í flestum tilvikum er þessum samræmisskilyrðum lýst í leiðbeiningum eftirlitsstofnunarinnar um ríkisaðstoð. Hins vegar eru engar fyrirbyggjandi leiðbeiningar um ríkisaðstoð sem gilda um ráðstöfunina sem hér um ræðir. Eftirlitsstofnunin mun því leggja mat á leigusamningana (ráðstafanir 4 og 5) og hlutafjárinnspýtinguna (ráðstöfun 6) með beinum hætti á grundvelli c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 232) Mat eftirlitsstofnunarinnar er byggt á hinum sameiginlegu matsreglum:
- að miðað sé að vel skilgreindu sameiginlegu hagsmunamáli,
  - nauðsyn á afskiptum ríkisins,
  - ríkisaðstoð sé viðeigandi stjórnþæki,
  - hvatningaráhrif séu fyrir hendi,
  - aðstoðarfjárhæðin sé hæfileg (aðstoð haldið í lágmarki),
  - komið sé í veg fyrir ótilhlýðileg, neikvæð áhrif á samkeppni og viðskipti, og
  - gagnsæi.

### 8.1 Sameiginlegt hagsmunamál

- 233) Ríkisaðstoð verður að miða að vel skilgreindu markmiði sem lýtur að sameiginlegu hagsmunamáli sem samningsaðilarnir hafa samþykkt.

<sup>(143)</sup> Dómar í málunum *Dilly's Wellnesshotel*, C-493/14, EU:C:2016:577, *Dilly's Wellnesshotel (II)* C-585/17 EU:C:2019:969, *Eesti Pagar*, C-349/17, EU:C:2019:172, og *Bayerische Motoren Werke v Commission and Freistaat Sachsen*, C-654/17 P, EU:C:2019:634.

- 234) Efling íþróttar er nefnd berum orðum í EES-samningnum sem sameiginlegt markmið. Hins vegar má telja eflingu íþróttar þátt í eflingu menntunar, þjálfunar og æskulýðsstarfs, auk félagsmála. Nánari samvinna á þessum sviðum er talið markmið EES-samstarfsins eins og einkum kemur fram í 1. gr. og 78. gr. EES-samningsins. Farvegurinn fyrir þetta nánara samstarf er skilgreindur frekar í bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins. Yfirskrift 4. gr. bókunarinnar er „Menntun, þjálfun, æskulýðsstarf og íþróttir“ og fyrir séð svo dæmi sé nefnt að samningsaðilar taki þátt í Evrópuári menntunar með íþróttaiðkun 2004.
- 235) Undirstrikar þetta nán tengsl milli eflingar íþróttaiðkunar og þeirra markmiða sem sett eru með EES-samningnum. Eftirlitsstofnunin hefur viðurkennt að efling íþróttaiðkunar, m.a. með fjármögnun íþróttamannvirkja, sé sameiginlegt markmið <sup>(144)</sup>.
- 236) Auk íþróttaviðburða verður mótsstaðurinn einnig notaður fyrir menningarviðburði og leggur hann þannig sitt af mörkum til eflingar á menningarlegri fjölbreytni. Í EES-samningnum er ekki að finna ákvæði sem svarar til d-liðar 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Eftirlitsstofnun viðurkennir eigi að síður að hugsanlegt sé að heimila slíka aðstoð á menningarforsendum á grundvelli c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins <sup>(145)</sup>.
- 237) Framkvæmdastjórnin hefur heimilað fjölda aðstoðarráðstafana til stuðnings íþróttum og fjölnota aðstöðu. Framkvæmdastjórnin hefur viðurkennt að bygging og rekstur mótsstaða fyrir íþróttir og aðra opinbera viðburði sem almennings nýtur góðs af geti talist eitt af ábyrgðarhlutverkum ríkisins <sup>(146)</sup>.
- 238) Þar sem Trondheim Spektrum mun tryggja aðgang almennings og iðkun íþróttar, menningar og afþreyingar, ekki síst að því er varðar fjölnotamöguleika hallarinnar og í ljósi skorts á aðstöðu og fullnægjandi innviðum fyrir mismunandi viðburði í Þrándheimi, mun sveitarfélagið uppfylla skyldur sínar gagnvart almenningsi með því að gera slíka aðstöðu tiltæka. Því verður að líta svo á að tilurð Trondheim Spektrum uppfylli stefnumörkun sem varðar sameiginlegt hagsmunamál.
- 239) Enn fremur hefði fjármögnun íþróttamannvirkis og fjölnota aðstöðu getað fallið undir 55. gr. GBER ef tiltekin skilyrði reglugerðarinnar væru uppfyllt. Það sýnir fram á enn frekar að ríkisaðstoð við slíkt grunnvirki getur verið sameiginlegt hagsmunamál.
- 240) Því teljast ráðstafanirnar sem um ræðir í þágu sameiginlegs hagsmunamáls.

## 8.2 Nauðsyn á afskiptum ríkisins

- 241) Til þess að meta hvort ríkisaðstoð sé skilvirk leið til þess að ná skilgreindu markmiði sem varðar sameiginlegt hagsmunamál er nauðsynlegt að greina fyrst þann vanda sem er til umfjöllunar. Ríkisaðstoð ætti að beinast að aðstæðum þar sem aðstoð getur leitt til verulegra framfara sem markaðnum er um megn, t.d. með því að ráða bót á markaðsbresti eða taka á vanda sem varðar réttssýni eða samheldni.
- 242) Norsk stjórnvöld hafa útskýrt að sveitarfélagið hafi ekki nægilega aðstöðu til þess að rúma stærri íþróttar- og menningarviðburði. Trondheim Spektrum mun gera sveitarfélaginu kleift að halda mismunandi viðburði, t.d. Evrópumeistaramót karla og kvenna í handknattleik 2020. Markmiðið varðandi hina sameiginlegu almannahagsmuni sem leitast er við að ná væri ekki möguleiki án ráðstafananna sem um er að ræða.

<sup>(144)</sup> Sjá ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar nr. 225/15/COL frá 10.6.2015 þar sem ríkisaðstoð er ekki andmælt við yfirfærslu lands til Vålerenga Fotball AS; nr. 357/15/COL frá 23.9.2015 um ríkisaðstoð í þágu Sandefjord Fotball AS; nr. 178/15/COL frá 7.5.2015 um aðstoð við sveitarfélagið Tromsø með byggingu sund- og baðstaðar sem nefnist Templarheimen í sveitarfélaginu Tromsø, og nr. 13/18/COL frá 29.1.2018 um aðstoð vegna byggingar og reksturs íþróttaaðstöðunnar Templarheimen.

<sup>(145)</sup> Sjá ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar nr. 496/13/COL frá 11.12.2013 varðandi mat á fjármögnun tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu og leiðbeiningar eftirlitsstofnunarinnar [Guidelines on State aid for films and other audiovisual works](#), mgr. 10.

<sup>(146)</sup> Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2.5.2013, *Uppsala arena*, SA.33618, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15.5.2013, *Multiarena in Copenhagen*, SA.33728.



- 243) Enn fremur hefur íþróttaráð staðarins greint frá umtalsverðum skorti á aðstöðu til iðkunar íþróttar fyrir ungt fólk í Þrándheimi. Fer þetta saman við mat sveitarfélagsins sem hefur leitt í ljós þörf fyrir að minnsta kosti 8 til 22 sali fyrir árin 2030 og 2050, í þeirri röð <sup>(147)</sup>. Þörfin fyrir íþróttaaðstöðu innanhúss fer vaxandi í sveitarfélaginu þar sem starfsemi fyrir börn og ungmenni færast í auknum mæli í þá átt að vera heilsársstarfsemi öfugt við það sem áður tókast þegar iðkunin var árstíðabundnari <sup>(148)</sup>.
- 244) Norsk stjórnvöld greina frá því að það sé vel þekkt að almennur skortur sé á fjárfestingum í mannvirkjum á borð við Trondheim Spektrum. Einkaaðilar geta ekki mætt þörfinni fyrir aðstöðuna þar sem ólíklegt er, í ljósi fjárhagshliðar verkefnisins, að almennur fjárfestir myndi fjárfesta í verkefnum sem myndu uppfylla sams konar þarfir í Þrándheimi <sup>(149)</sup>. TS reyndi að verða sér út um fjármagn frá öðrum hluthöfum en sveitarfélaginu, án þess að eiga erindi sem erfiði.
- 245) Sveitarfélagið hefur markað stefnu um gjaldfrjálsa aðstöðu í þágu íþróttafélaga fyrir ungt fólk í sveitarfélaginu. Hugmyndin að baki þessu er að gera þátttöku í íþróttum mögulega óháð tekjum einstakra fjölskyldna.
- 246) Kaup TS á salarrými af sveitarfélaginu í gegnum leigusamninga og dreifing aðstöðunnar í kjölfarið til íþróttafélaga ungs fólks gerir þessum félögum kleift að bjóða íbúum upp á íþróttastarfsemi án endurgjalds. Þar sem félögin hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að fjármagna þetta framboð á eigin spýtur þyrfti fjárhagslegur kostnaður við að leigja afnot af salarrými að lenda á hinum endanlegu notendum, íbúum sveitarfélagsins.
- 247) Ef hin mögulega aðstoð sem veitt er í gegnum leigusamningana væri ekki til staðar myndi það minnka framboðið umtalsvert og gæti útilokað þátttöku íbúa með takmörkuð fjárráð í áhugaíþróttum. Markaðsöflin ein og sér gætu ekki annast sama framboð á íþróttastarfsemi í Þrándheimi.
- 248) Samkvæmt norskum stjórnvöldum tekur aðstoðin, bæði í formi leigusamninganna (ráðstöfun 4 og 5) og hlutfjárinnspýtingarinnar (ráðstöfun 6), á markaðsbresti. Er það ætlun sveitarfélagsins að veita íbúum aðgang að mannvirkjum sem uppfylla þarfir íbúa Þrándheims <sup>(150)</sup>.
- 249) Norsk stjórnvöld hafa útskýrt að TS muni ekki standa undir sér án leigusamninganna við sveitarfélagið. Leigusamningarnir hafa því grundvallarþýðingu fyrir starfsemi TS. Auk þess hefði ekki verið hægt að ljúka við ráðgerðar endurbætur og stækkun á Trondheim Spektrum án hlutfjárinnspýtingarinnar.
- 250) Því hefur verið sýnt fram á þörf fyrir ráðstafanirnar sem um ræðir og fyrir íhlutun af hálfu ríkisins.

### 8.3 Ríkisaðstoð sem viðeigandi stjórnæki

- 251) Ríkisaðstoð þarf að vera viðeigandi stjórnæki svo unnt sé að ná markmiðinu sem varðar sameiginlegt hagsmunamál. Aðstoðarráðstöfun samræmist ekki framkvæmd EES-samningsins ef sams konar jákvætt framlag til hins sameiginlega markmiðs næst með öðrum stjórnækjum sem hafa minni röskun í för með sér eða aðstoðarformum sem hið sama á við um.
- 252) Með leigusamningunum og hlutfjárinnspýtingunni getur sveitarfélagið boðið íþróttafélögum ungs fólks í Þrándheimi afnot af salarrými í samræmi við ákvörðun sína um að öll íþróttafélög ungs fólks fái gjaldfrjálsan aðgang að íþróttamannvirkjum. Hið sama á við almennt hvað varðar aðgengi fyrir almenning í Þrándheimi að fjölnota mannvirki sem hentar til þess að halda mismunandi íþróttar- og menningarviðburði. Norsk yfirvöld greina frá því að ekkert annað stjórnæki hefði hentað jafn vel í því skyni að hið sameiginlega hagsmunamál næði fram að ganga og haft jafn litla röskun í för með sér.

<sup>(147)</sup> Skjal nr. 1040641, bls. 3.

<sup>(148)</sup> Skjal nr. 859501, bls. 12.

<sup>(149)</sup> Skjal nr. 1054298.

<sup>(150)</sup> Skjal nr. 859501, bls. 24.

- 253) Norsk stjórnvöld hafa sýnt fram á þörfina fyrir aukið salarrými í Þrándheimi og að leigusamningarnir geri ekki meira en að gera TS kleift að standa undir sér. Enn fremur hefði endurnýjun og stækkun Trondheim Spektrum aldrei verið möguleg án hlutafjárinnspýtingar. Eftirlitsstofnunin veur einnig athygli á því að stærstur hluti kostnaðarinnar við uppfærsluna á mannvirkinu sé fjármagnaður með einkaláni.
- 254) Norsk stjórnvöld greina frá því að þótt fjárfestingaraðstoð sé almennt talin hafa minni rökun í för með sér en rekstraraðstoð, hefði fjárfestingaraðstoð ekki átt við kaup af afnotum af salarrými. Leiga á salarrými á verði sem er nálægt markaðsverði var og verður áfram mest viðeigandi, hagkvæmasti, raunhæfasti valkosturinn og sem hefur minnsta rökun í för með sér, svo markmiðið nái fram að ganga.
- 255) Eftirlitsstofnunin veur athygli á að aðstoð í formi fjárfestingar er almennt æskilegri og hefur minni rökun í för með sér en rekstraraðstoð. Hins vegar getur rekstraraðstoð við vissar aðstæður verið nauðsynleg til þess að sameiginlegt hagsmunamál nái fram að ganga <sup>(151)</sup>.
- 256) Aðstoðin sem felst í leigusamningunum getur flokkast sem rekstraraðstoð. Hins vegar er ekki hægt að slá því föstu, eins og norsk stjórnvöld hafa útskýrt, að öll aðstoð yrði eingöngu í formi rekstraraðstoðar. Er þetta vegna þess að tekjur af leigusamningunum geta einnig mætt kostnaði varðandi fjármögnun endurbóta á Trondheim Spektrum (afskrifur, vextir og innborgun lána) <sup>(152)</sup>.
- 257) Eftirlitsstofnunin telur að þótt hugsanleg aðstoð geti formlega séð flokkast sem rekstraraðstoð styðji hún ekki við fjárfestingu í endurnýjun og stækkun mannvirkisins. Ráðstöfunin gerir TS kleift að fjárfesta í þessari byggingu. Áhrif mögulegrar aðstoðar sem felast í leigusamningunum hafa með þessu einkenni fjárfestingaraðstoðar <sup>(153)</sup>.
- 258) Í ljósi þess sem að framan greinir telur eftirlitsstofnunin að slík aðstoð, við þær aðstæður sem eru í þessu máli, sé viðeigandi í því skyni að hið sameiginlega hagsmunamál nái fram að ganga. Enn fremur virðist að hið sameiginlega hagsmunamál – að tryggja aðgang almennings og iðkun íþróttar, menningar og afþreyingar – geti ekki náð fram að ganga í sama mæli með öðrum stjórnáttækjum eða tegundum aðstoðar. Því er það niðurstaða eftirlitsstofnunarinnar að ráðstafanirnar séu viðeigandi stjórnáttæki svo hið staðfesta sameiginlega hagsmunamál nái fram að ganga.

#### 8.4 Hvatningaráhrif

- 259) Ríkisaðstoð verður að hafa hvatningaráhrif svo hún samrýmist framkvæmd EES-samningsins. Hvatningaráhrif verða til þegar aðstoðin stuðlar að því að aðstoðarþeginn breyti hegðun sinni til þess að hið sameiginlega hagsmunamál nái fram að ganga, sem er breyting á hegðun sem ekki hefði átt sér stað ef aðstoðarinnar nyti ekki við.
- 260) Norsk stjórnvöld greina frá því að ef ekki væri fyrir leigusamningana gætu ungliðafélögin ekki boðið félagsmönnum sínum jafn víðtæka og fjölbreytta starfsemi með sömu skilyrðum, í samræmi við framgang hins sameiginlega hagsmunamáls sem ráðstöfunin miðar að. Enn fremur myndi lægri leiguupphæð samkvæmt samningnum líklega hafa sömu áhrif þar sem það stefndi allri starfsemi TS í voða.

<sup>(151)</sup> Sjá ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar nr. 13/18/COL frá 29.1.2018, um aðstoð vegna byggingar og rekstrar íþróttahússins Templarheimen og ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar nr. 145/17/COL frá 25.7.2017 um að andmæla ekki aðstoðarkerfi vegna vetnisáfyllingarstöðva í Akershus.

<sup>(152)</sup> Skjal nr. 1040641, bls. 11.

<sup>(153)</sup> Sjá rökstuðning í þessa veru í dóminum í málinu *Austria v Commission (Hinkley Point C nuclear power station)*, T-356/15, EU:T:2018:439, mgr. 577–586 og mgr. 610–614 og 617. Almenni dómstóllinn sagði einnig í 583. mgr. dómsins: „það er ekkert sem útilokar að aðstoðarráðstöfun, sem þjónar almannahagsmunum og hæfir markmiðinu og er nauðsynleg svo það markmið náist, og sem hefur ekki neikvæð áhrif á viðskiptaskilmála að því marki að það teljist stríða gegn sameiginlegum hagsmunum, og uppfylli þar með skilyrði c-liðar 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sé talin samræmast starfsemi innri markaðarinnar á grundvelli ákvæðisins, burt séð frá því hvort henni verður lýst sem fjárfestingaraðstoð eða rekstraraðstoð. Einnig ber að áréttu að jafnvel rekstraraðstoð getur talist samræmast starfsemi innri markaðarinnar ef þessi skilyrði eru uppfyllt.“ Sjá einnig dóma í *Magic Mountain Kletterhallen v Commission (íþróttamannvirki, klifursalur innanhúss)* T-162/13, EU:T:2016:341, mgr. 116–117, og *Scor SE v Commission* T- 135/17, ECLI:EU:T-2019:287, mgr. 115.

- 261) Þar að auki hafa norsk stjórnvöld sýnt að TS hafi ekki getað fjármagnað endurnýjun og stækkun Trondheim Spektrum án þessa tekjustofns sem ný leigusamningurinn frá 2019 felur í sér <sup>(154)</sup>. Á grundvelli þess sem að framan greinir er það því niðurstaða eftirlitsstofnunarinnar að skilyrði um hvatningaráhrif séu uppfyllt að því er varðar aðstoð sem leigusamningarnir fela í sér.
- 262) Að því er varðar fjárfestingaraðstoð bendir eftirlitsstofnunin á að hlutfjárinnspýtingin sem gerð var 6. júlí 2008 var heimiluð eftir að vinna við endurnýjun og stækkun mannvirkisins hófst sumarið 2017. Norsk stjórnvöld hafa útskýrt að Trondheim Spektrum hefði ekki verið endurnýjað og stækkað, að minnsta kosti ekki í líkingu við þáverandi áætlanir og umfang, án hlutfjárukningarinnar. Því var fyrir hendi skýr og sannanleg mynd af stöðunni sem sýnir að veitt aðstoð hafi haft hvatningaráhrif.
- 263) Þar sem hlutfjárinnspýtingin var heimiluð eftir að vinna hófst við framkvæmdirnar getur eftirlitsstofnunin ekki reitt sig á þá forsendu að hvatningaráhrif hafi verið til staðar áður en vinna við framkvæmdirnar byrjaði <sup>(155)</sup>. Eftirlitsstofnunin hefur í vissum tilvikum samþykkt aðstoðarverkefni þar sem byggingarframkvæmdir hafa þegar verið hafnar, að undangengnu vandlegu mati á aðstæðum <sup>(156)</sup>.
- 264) Eftirlitsstofnun EFTA útilokar ekki hvatningaráhrif aðstoðar við verkefni sem þegar er hafið þegar ótvírætt er að veiting aðstoðar tryggir lok verkefna sem öðrum kosti hefði ekki lokið. Við mat á hvatningaráhrifum aðstoðarinnar í þessu ljósi ber að skoða gaumgæfilega hver staðan væri ef hið gagnstæða ætti við, þ.e. hvað fyrirtækið myndi gera ef aðstoðarinnar nyti ekki við <sup>(157)</sup>.
- 265) Norsk stjórnvöld hafa útskýrt að ætlunin hafi verið að endurnýjun og stækkun Trondheim Spektrum yrði alfarið fjármögnuð með því að sækja fjármagn á skuldamarkaði. Leiddi þetta til hás hlutfalls langtímaskulda þegar litið er til samsetningar skulda og eiginfjár í efnahagsreikningi TS. Hins vegar var talið að á móti áhættunni sem felst í hárrí skuldsetningu kæmu öruggar langtímatekjur af leigusamningunum.
- 266) Sá aukakostnaður sem hlutfjárinnspýtingin mætti yrði ekki greiddur með því að auka skuldsetningu þar sem frekari skuldsetning TS yrði ekki réttlætt fjárhagslega í ljósi áætlaðra framtíðartekna. Auk þess hafði lánveitandi TS, Nordea, kallað eftir endurnýjuðu greiðslumati TS í ljósi þessarar þróunar, og virtist ekki vilja leggja til frekara lánsfé.
- 267) Því fór stjórn TS fram á viðbótarfjármagn frá eigendum sínum, þar sem ekki væru aðrir kostir fyrir hendi til þess að útvega fjármagn og stóð TS frammi fyrir því að geta ekki lokið við endurnýjunina og stækkunina.
- 268) Norsk stjórnvöld hafa haldið því fram að hvatningaráhrif séu til staðar ef verkefnið sem fjárfesting lýtur að gæti ekki orðið að veruleika í æskilegri mynd eða umfangi ef ekki væri fyrir hlutfjárinnspýtinguna.

<sup>(154)</sup> Skjal nr. 1040641, bls. 14, og skjal nr. 1085422, bls. 26–27.

<sup>(155)</sup> Sjá dóm í málinu *HGA and others v Commission*, C-630/11 P to C-633/11 P, EU:C:2013:387, mgr. 106 og áfram.

<sup>(156)</sup> Sjá ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar nr. 178/15/COL frá 7.5.2015, um aðstoð við sveitarfélagið Tromsø vegna byggingar á sund- og baðstað sem nefnist Templarheimen og er í sveitarfélaginu Tromsø, og ákvörðunar í kjölfarið nr. 13/18/COL frá 29.1.2018, um aðstoð við byggingu og rekstur íþróttahússins Templarheimen. Í því máli samþykkti eftirlitsstofnunin fjárhæðina 179 milljónir NOK í formi styrkja til að mæta kostnaði sem ekki var tekinn með í reikninginn í fyrri ákvörðun (nr. 178/15/COL). Um var að ræða óvænta kostnaðaraukningu vegna lokafrágangs sund- og baðstaðar íþróttahússins og nýs kostnaðar við kaffiteríu og byggingu klifursalar sem hluta af íþrótaaðstöðunni. Var það niðurstaða eftirlitsstofnunarinnar að byggingu íþróttahússins hefði ekki lokið ef aðstoðarinnar hefði ekki notið við.

<sup>(157)</sup> Sjá í þessu sambandi dóm í málinu *Kronoply v Commission*, T-162/06, EU:T:2009:2, mgr. 85, staðfestur í kjölfar áfrýjunar í *Kronoply v Commission*, C-117/09 P, EU:C:2010:370. Sjá einnig ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar nr. 110/15/COL frá 8.4.2015 *Finnjord AS*, mgr. 67–68, nr. 178/15/COL frá 7.5.2015 um aðstoð við sveitarfélagið Tromsø vegna byggingar sund- og baðaðstaðar sem nefnist Templarheimen í sveitarfélaginu Tromsø, nr. 13/18/COL frá 29.1.2018 um aðstoð vegna byggingar og rekstur íþróttahússins Templarheimen, og nr. 344/09/COL frá 23.7.2009 um álbræðslu í Helguvík.

- 269) Hvað það varðar minnst norsk stjórnvöld þess að TS hafi lítið sem ekkert fjárhagslegt svigrúm – það muni rétt svo ráða við að fjármagna endurbæturnar en síðan ná jafnvægi með tímanum. Hvers kyns tekjusamdráttur, t.d. vegna leigusamninganna eða aukins kostnaðar – þ.m.t. vegna stærri hlutdeildar í kostnaði vegna grunnvirkja – hefði sett TS í þá stöðu að geta ekki mætt kostnaðinum. Endurnýjun Trondheim Spektrum hefði því ekki getað orðið að veruleika ef ekki hefði verið fyrir þessar ráðstafanir.
- 270) Norsk stjórnvöld benda á að ef ekki hefði verið fyrir hlutfjárinnspýtinguna til að mæta nýjum og óvæntum kostnaði, hefði TS þurft að stöðva endurnýjunina, eða ljúka við verkefnið með lakari og óæskilegri hætti en ella, sem ekki hefði tryggt eða verið til þess fallið að tryggja framgang hins sameiginlega hagsmunamáls, m.a. þörfina fyrir áhugaþróttir af alls kyns tagi, eða markmið sveitarfélagsins að halda viðburði á borð við Evrópumeistaramótið í handbolta. Að mati norskra stjórnvalda nægir þetta til þess að sanna að ráðstöfunin hafi haft hvatningaráhrif <sup>(158)</sup>.
- 271) Á grundvelli upplýsinganna sem norsk stjórnvöld hafa lagt fram, er það mat eftirlitsstofnunarinnar að ef ekki hefði verið fyrir hlutfjárinnspýtinguna hefði TS ekki verið unnt að ljúka við endurnýjun Trondheim Spektrum. Samkvæmt norskum stjórnvöldum gat TS ekki aflað lánsfjár fyrir verkefnið sem hefði þýtt að byggingarframkvæmdir hefðu stöðvast. Því hefði öndverða staðan í málinu verið sú að hætta við endurnýjun og stækkun mannvirkisins. Var það í því ljósi sem norsk stjórnvöld töldu hlutfjárinnspýtinguna nauðsynlega.
- 272) Í því ljósi telur eftirlitsstofnunin að sýnt hafi verið fram á að hlutfjárinnspýtingin hafi leitt til breytinga á framferði TS með þeim hætti að það tókst á hendur frekari starfsemi – að ljúka endurnýjun Trondheim Spektrum – sem það hefði ekki getað gert ef aðstoðarinnar hefði ekki notið við. <sup>(159)</sup>.
- 273) Af þessum sökum uppfylla ráðstafanirnar sem um ræðir skilyrðið um hvatningaráhrif.

## 8.5 Meðalhóf

### 8.5.1 Leigusamningar (ráðstöfun 4 og 5)

- 274) Ríkisaðstoð er hæfileg að umfangi ef hún takmarkast við lágmarkið sem nauðsynlegt er svo hið sameiginlega hagsmunamál nái fram að ganga.
- 275) Eins og fram kemur í mgr. 216) að framan er ekki hægt að útiloka að TS hafi haft ávinning af leigusamningunum frá 2007 til 2017 og leigusamningnum frá 2019. Í þeim tilgangi að meta samræmi þessara ráðstafana verður Eftirlitsstofnun EFTA að mælgreina umfang aðstoðar í ráðstöfununum að nægilegu marki svo hún geti metið hvort meðalhófs sé gætt.
- 276) Norsk stjórnvöld greina frá því að mögulegur aðstoðarþáttur sem felst í leigusamningnum sé lítil og þar með í samræmi við meðalhóf. Leigan sem sveitarfélagið greiðir TS samkvæmt samningnum nægir varla til þess að TS standi undir sér. Ef ekki væri fyrir leigugreiðslurnar gæti TS ekki haldið áfram starfsemi.
- 277) Norsk stjórnvöld halda því einnig fram að þau hafi lagt fram gögn sem sýna að engin víxlniðurgreiðsla eigi sér stað að því er varðar viðskiptalega starfsemi TS. Aðskilið bókhald sem TS hefur tekið upp í rekstrinum er ætlað til þess að slá varnagla við umfangi aðstoðarinnar, og tryggja að hún sé notuð í þágu sameiginlegs hagsmunamáls <sup>(160)</sup>.
- 278) Samkvæmt norskum stjórnvöldum brúa ráðstafanirnar sem um ræðir (leigusamningarnir og hlutfjárinnspýtingin) samanlagt fjármagnshallann, þ.e. rekstrarlegt tap TS. Á þeim grundvelli einum og sér eru ráðstafanirnar nauðsynlegar og meðalhófs gætt. Þessi niðurstaða fær stoð í þeirri staðreynd að u.þ.b. helmingurinn af aðstöðu TS er nýttur af áhugamönnum en atvinnumenn greiða markaðsverð fyrir sín afnot.

<sup>(158)</sup> Skjal nr. 1040641, bls. 14, og skjal nr. 1085422, bls. 26–27.

<sup>(159)</sup> Skjal nr. 930813.

<sup>(160)</sup> Skjal nr. 1040641, bls. 14–15, og skjal nr. 1085422, bls. 27–31.

- 279) Norsk stjórnvöld greina einnig frá því að jafnvel þó að samanburðarmatið sem var lagt fram hentaði ekki til þess að útiloka aðstoð í málinu sanni það að verð leigusamninganna sé innan marka þess sem venjulegt getur talist á þessum markaði í Noregi.
- 280) Leigan samkvæmt samningnum byggist á föstu umfangi aðstöðu árlega sem telur 16 848 klukkustundir og kostar 1 700 NOK á klukkustund. Í fyrri leigusamningi var gjaldið á klukkustund 1 200 NOK og meðalfjöldi klukkustunda árlega 12 000.
- 281) Leigan sem sveitarfélagið greiðir TS er 30 milljónir NOK árlega. Hámarksaðstoð sem unnt væri að veita TS samkvæmt nýja leigusamningnum væri því 30 milljónir NOK samkvæmt þessu. Hins vegar væri með því gengið út frá að markaðsverð fyrir klukkutíma leigu væri 0 NOK. Útreiknuð upphæð aðstoðar í nýja leigusamningnum væri jafngild mismuninum á 30 milljónum NOK og markaðsverði.
- 282) Samanburðarmatið sem norsk stjórnvöld hafa lagt fram getur nýst við áætlun aðstoðarupphæðarinnar sem leigusamningarnir fela í sér, þótt það sé ekki nægilega sambærilegt til þess að útiloka að aðstoð sé til staðar með leigusamningnum <sup>(161)</sup>.
- 283) Samkvæmt upplýsingum sem norsk stjórnvöld veittu er meðaltal tímagjaldsins sem sveitarfélagið greiðir samkvæmt leigusamningunum 11 sem norsk stjórnvöld lögðu fram til samanburðar u.þ.b. 688 NOK. Samningarnir varða hins vegar leigu á aðstöðu í mismunandi mæli og því á betur við að beita vagnu meðaltali, sem er u.þ.b. 908 NOK, í þessum tilgangi <sup>(162)</sup>. Er þetta svipað eigin útreikningum eftirlitsstofnunarinnar.
- 284) Hægt er að nota meðaltalið til þess að áætla hámarksupphæð aðstoðar sem gæti verið um að ræða í tengslum við þessa samninga. Hvað gömlu leigusamningana varðar myndi sú nálgun hafa í för með sér aðstoðarþátt á klukkustund sem nemur  $1\,200\text{ NOK} - 908\text{ NOK} = 292\text{ NOK}$ . Árleg aðstoðarupphæð yrði þá u.þ.b. 3,6 milljónir NOK <sup>(163)</sup>. Hvað nýja leigusamninginn varðar myndi þetta þýða aðstoðarþátt á klukkustund sem nemur  $1\,700\text{ NOK} - 908\text{ NOK} = 792\text{ NOK}$ . Árleg aðstoðarupphæð yrði þá u.þ.b. 17 milljónir NOK.
- 285) Samkvæmt upplýsingum frá norskum stjórnvöldum er árlegur kostnaður og útgjöld TS u.þ.b. 60 milljónir NOK árið 2020. Myndi það jafngilda 28% rekstraraðstoðarhlutfalli.
- 286) Árleg rekstraraðstoð gerir TS kleift að mæta rekstrartapi sínu. Hvers konar skerðing aðstoðar sem leigusamningurinn felur í sér hefði leitt til þess að TS gæti ekki staðið undir sér, hvorki núna né áður.
- 287) Norsk stjórnvöld hafa haldið því fram að tekjur af leigusamningunum fjármagni byggingarframkvæmdir TS að hluta. Norsk stjórnvöld geta ekki heimfært fastan hluta á tiltekinn útgjaldaflokk en telja að hægt væri að heimfæra aðstoðarþátt leigusamningsins í heild á fjárhagsleg útgjöld TS, sem fyrst og fremst varða byggingarframkvæmdalánið frá Nordea. Áætlað er að hann verði milli 19,8 milljónir NOK og 15,3 milljónir NOK á tímabilinu 2020 til 2026, sem þýðir að hann tekur næstum alveg til sín allan aðstoðarþátt sem felst í nýja leigusamningnum <sup>(164)</sup>.

#### 8.5.2 Hlutfjárinnspýting (ráðstöfun 6)

- 288) Eins og segir í mgr. 216) að ofan telur eftirlitsstofnunin að TS hafi ávinning af hlutfjárinnspýtingunni, sem nemur heildarupphæð hlutfjárframlagsins. Auk þess hefur TS fengið NOK 27,5 milljóna

<sup>(161)</sup> Er þetta í samræmi við nálgun eftirlitsstofnunarinnar, t.d. í ákvörðun nr. 225/15/COL frá 10.6.2015 um að hreyfa ekki andmælum við ríkisaðstoð í forni yfirfærslu á landi til Vålerenga Fotball AS, bls. 75.

<sup>(162)</sup> Norsk stjórnvöld hafa lagt áherslu á að tímagjald sem sveitarfélagið greiðir samkvæmt fjölda þessara samninga sé vissulega undir markaðsverði þar sem fjöldi mótstaða hafi að hluta verið fjármagnaður af ríkinu og sé samningsbundinn til að veita aðstöðu til afnota gegn föstu gjaldi.

<sup>(163)</sup> Eins og kemur fram í mgr. 120 í ákvörðuninni um að hefja rannsókn er mat eftirlitsstofnunarinnar í ákvörðuninni takmarkað við mögulega aðstoð í gegnum leigusamningana sem voru gerðir frá 2007 til 2017.

<sup>(164)</sup> Skjal nr. 1040641, bls. 14–15, og skjal nr. 1085422, bls. 27–31.

fjárfestingaraðstoð úr sjóðum norskra getrauna <sup>(165)</sup>. Heildarupphæð fjárfestingaraðstoðar sem TS hefur fengið er því 82,5 milljónir NOK.

- 289) Samkvæmt upplýsingum frá norskum stjórnvöldum hefði endurnýjun og stækkun Trondheim Spektrum aldrei verið möguleg án hlutfjárinnspýtingar. Eftirlitsstofnunin bendir einnig á að stærstur hluti kostnaðarinnar við uppfærsluna á mannvirkinu sé fjármagnaður með einkaláni.
- 290) Eftirlitsstofnunin getur þess enn fremur að skv. 55. gr. GBER er aðstoð við íþróttir og fjölnota tómstundamannvirki talin í samræmi við EES-samninginn og undanþegin tilkynningarskyldu að því gefnu að öll viðeigandi skilyrði reglugerðarinnar séu uppfyllt. GBER gildir hins vegar ekki í þessu máli, eins og útskýrt er í kafla 8.1.1.
- 291) Hins vegar má hafa aðstoðarhlutfallið skv. 55. gr. GBER til hliðsjónar að einhverju marki, til stuðnings mati eftirlitsstofnunarinnar að því er varðar meðalhóf ráðstafananna sem mat er lagt á í þessari ákvörðun.
- 292) Skv. 55. gr. GBER geta bæði íþróttamannvirki og fjölnota tómstundamannvirki notið fjárfestingaraðstoðar sem nemur allt að 30 milljónum EUR (u.þ.b. 315 milljónir NOK) og íþróttamannvirki getur fengið 2 milljónir EUR (u.þ.b. 21 milljón NOK) á ári í rekstraraðstoð. Aðstoð sem ekki er umfram þá upphæð getur að hámarki numið 80% af styrkhæfum kostnaði <sup>(166)</sup>.
- 293) Fjárfestingaraðstoð sem nemur 82,5 milljónum NOK og veitt er TS myndi því vera innan leyfilegra marka samkvæmt GBER að því er varðar fjölnota mannvirki.
- 294) Trondheim Spektrum telst fjölnota tómstundamannvirki og er því ekki rekstraraðstoðarhæft samkvæmt GBER. Hins vegar, eins og fram kemur að ofan, er hámarksupphæð aðstoðar og aðstoðarhlutfall samkvæmt GBER gagnlegt við meðalhófsmatið samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 295) Mat á hvers kyns aðstoðarþætti í leigusamningunum myndi vera innan marka rekstraraðstoðar sem möguleg væri við íþróttamannvirki skv. 55. gr. GBER og næmi minna en 80% styrkhæfs kostnaðar. <sup>(167)</sup> Hið sama myndi gilda um nýja og eldri leigusamninga.
- 296) Samkvæmt því, er það mat eftirlitsstofnunarinnar að ráðstafanirnar sem mat er lagt á – hlutfjárinnspýting (ráðstöfun 6) og öll aðstoð sem felst í leigusamningunum (ráðstöfun 4 og 5) – takmarkist við lágmarkið sem nauðsynlegt er til þess að sameiginlega hagsmunamálið nái fram að ganga og sé því í samræmi við meðalhóf.

#### **8.6 *Komið í veg fyrir ótilhlýðileg, neikvæð áhrif á samkeppni og viðskipti***

- 297) Svo að aðstoð samrýmist framkvæmd EES-samningsins, verða neikvæð áhrif aðstoðarráðstöfunarinnar hvað varðar röskun á samkeppni og áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna, að vera takmörkuð og jákvæð áhrif þess hvað varðar sameiginlegt hagsmunamál að veita þau upp.
- 298) Norsk stjórnvöld greina frá því að Trondheim Spektrum sé í núverandi mynd hornsteinn íþróttar og menningar í Þrándheimi, einkum að því er varðar fjálsar íþróttir áhugamanna, sem sveitarfélagið annast með því að láta íþróttafélögum ungs fólks í té afnot af salarrými án endurgjalds.
- 299) Enn fremur hafa norsk stjórnvöld lagt fram skýrslur sem sýna, með aðskildu bókhaldi vegna starfsemi sem fellur undir leigusamningana og annarrar viðskiptastarfsemi, að hvers kyns aðstoð er notuð til þess að fjármagna starfsemi sem er staðbundin í eðli sínu.

<sup>(165)</sup> Eins og fram kemur í mgr. 90 til 91 í ákvörðuninni um að hefja rannsókn telur eftirlitsstofnunin að fjármunirnir sem TS hlýtur í gegnum fjármögnun norskra getrauna sé yfirstandandi aðstoð. Hins vegar mun eftirlitsstofnunin taka með í reikninginn framlag norskra getrauna við það mat á samræmi sem það kann að gera í tengslum við ráðstafanirnar sem falla undir ákvörðunina um að hefja rannsókn.

<sup>(166)</sup> Svo fremi að heildarkostnaður verkefnis fari ekki yfir 100 milljónir EUR á hvert verkefni í samræmi við lið bb í 1. mgr. 4. gr. GBER.

<sup>(167)</sup> Samkvæmt norskum stjórnvöldum jafngilda rekstrarútgjöld TS u.þ.b. 25 milljónum NOK.

- 300) Norsk stjórnvöld hafa vakið athygli á því að almennar fjárfestingar í aðstöðu á borð við Trondheim Spektrum séu fátíðar og myndu ekki hrökkva til hvað sem öðru liði og því myndi aðstoð ekki geta rutt almennum fjárfestingum úr vegi. Norsk stjórnvöld hafa líka veitt upplýsingar sem sýna að TS vanreiknar ekki gjöld sem viðskiptanotendur þurfa að greiða <sup>(168)</sup>.
- 301) Trondheim Spektrum hefur bolmagn til þess að halda meðalstóra og stóra alþjóðlega viðburði, sem einnig væri hægt að halda utan svæðisins <sup>(169)</sup>.
- 302) Hins vegar bendir eftirlitsstofnunin á að ráðstöfunin takmarkast við að mæta fjármagnshallanum sem er til staðar. Enn fremur er stór hluti aðstöðunnar sem mannvirkið hefur upp á að bjóða tileinkaður því að veita íþróttafélögum ungs fólks frían aðgang að aðstöðu sem hvetur börn og unglinga til þátttöku í íþróttum, óháð tekjum einstakra fjölskyldna <sup>(170)</sup>.
- 303) Trondheim Spektrum mun tryggja aukið aðgengi almennings og iðkun almennings á íþróttum og menningu, einkum þegar litið er til þess að um er að ræða fjölnota mannvirki og til þess skorts á aðstöðu og viðunandi valkostum öðrum fyrir íþrótt- og menningarviðburði í Þrándheimi. Sveitarfélagið mun uppfylla skyldur sínar gagnvart almenningsi með því að gera þetta grunnvirkjaverkefni mögulegt og laða með því menningar-, tónlistar- og íþróttaviðburði til Þrándheims í auknum mæli.
- 304) Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða eftirlitsstofnunarinnar að ráðstafanirnar hafi ekki ótilhlýðileg, neikvæð áhrif á samkeppni og viðskipti.

### 8.7 Gagnsæi

- 305) Norsk stjórnvöld munu birta nauðsynlegar upplýsingar að því er varðar ráðstafanirnar í norsku ríkisaðstoðarskránni: <https://date.brreg.no/rofs/eng>. Með því er skilyrðið um gagnsæi uppfyllt.

## 9 Niðurstaða varðandi samræmi

- 306) Á grundvelli framangreinds mats er það afstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að hlutafjárinnspýtingin sem var heimiluð 5. desember 2018 feli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Aðstoðin er í samræmi við framkvæmd EES-samningsins skv. c-lið 3. mgr. 61. gr. samningsins.
- 307) Á grundvelli framangreinds mats getur Eftirlitsstofnun EFTA ekki útilokað að leigusamningarnir sem voru gerðir frá 2007 og 2017 og nýi leigusamningurinn frá 2019 feli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Slík aðstoð samrýmist hins vegar framkvæmd EES-samningsins skv. c-lið 3. mgr. 61. gr.

### TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

#### 1. gr.

Aðstoð sem felst í leigusamningunum frá 2007 til 2017 og nýja leigusamningnum frá 2019 telst í samræmi við framkvæmd EES-samningsins skv. c-lið 3. mgr. 61. gr. Framkvæmd nýja leigusamningsins frá 2019 er heimiluð í samræmi við það.

#### 2. gr.

Hlutafjárinnspýtingin sem var heimiluð 5. desember 2018 felur í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Aðstoðarráðstöfunin telst samrýmast framkvæmd EES-samningsins skv. c-lið 3. mgr. 61. gr.

#### 3. gr.

Fjármögnun kostnaðar vegna grunnvirkja sem tengist endurnýjun og stækkun Trondheim Spektrum felur ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

<sup>(168)</sup> Skjal nr. 1040641, bls. 15-16, og skjal nr. 1085422, bls. 2731.

<sup>(169)</sup> Skjal nr. 859501, bls. 22.

<sup>(170)</sup> Leigusamningurinn svarar til u.þ.b. 57% notkunar á lausri aðstöðu TS. Skjal nr. 1040641, bls. 7.

4. gr.

Lánssamningurinn milli Trondheim Spektrum AS og Nordea felur ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

6. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 28. nóvember 2019.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Bente Angell-Hansen

*Forseti*

*Stjórnarmaður sem fer með  
málaflokkinn*

Frank J. Büchel

*Stjórnarmaður*

Högni Kristjánsson

*Stjórnarmaður*

Carsten Zatschler

*Meðáritar sem deildarstjóri*

*Lagaskrifstofu*



# EFTA-DÓMSTÓLLINN

## DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2020/EES/17/02

frá 13. desember 2019

í máli nr. E-1/18

Eftirlitsstofnun EFTA

gegn

Konungsríkinu Noregi

*(Tilskipun 2006/54/EB – Atvinna og vinnuskilyrði – Foreldrabætur)*

Hinn 13. desember 2019 kvað dómstóllinn upp dóm í málinu E-1/18, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi – KRAFA þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að með því að fella ekki úr gildi ákvæði á borð við fyrsta, annan og þriðja málslíð gr. 14-13 og fyrsta málslíð gr. 14-14 í lögum um almannatryggingar, þar sem réttur föður til foreldrabóta byggist á stöðu móður á meðan réttur móður byggist hins vegar ekki á stöðu föður, hafi Noregur látið hjá líða að uppfylla skuldbindingar sínar skv. c-lið 1. mgr. 14. gr. lagagerðarinnar sem vísað er til í lið 21b í XVIII. viðauka við EES-samninginn (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/54/EB frá 5. júlí 2006 um framkvæmd meginreglunnar um jöfn tækifæri og jafna meðferð karla og kvenna að því er varðar atvinnu og störf (endurúttefin)). Dóminn skipuðu Páll Hreinsson, forseti, Bernd Hammermann (framsögumaður), og Siri Teigum (settur dómari), og hljóða dómsorð sem hér segir:

Dómstóllinn kveður hér með upp eftirfarandi dóm:

1. Kröfunni er vísað frá.
2. Eftirlitsstofnun EFTA er gert að greiða málskostnað.

**DÓMUR DÓMSTÓLSINS**  
**frá 14. desember 2019**  
**í máli nr. E-1/19**

2020/EES/17/03

**Andreas Gyrre****gegn****norska ríkinu, þar sem barna- og jafnréttisráðuneytið er í fyrirsvari**

*(Tilskipun 2005/29/EB – Óréttmætir viðskiptahættir gagnvart neytendum – I. viðauki – 9. liður – Lýst yfir  
eða gefið til kynna að löglegt sé að selja vöru þegar hið gagnstæða er raunin)*

Hinn 14. desember 2019, kvað dómstóllinn upp dóm í málinu E-1/19, Andreas Gyrre gegn norska ríkinu, þar sem barna- og jafnréttisráðuneytið er í fyrirsvari – BEIÐNI *Borgarting lagmannsrett* (áfrýjunardómstóls Borgarting) skv. 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um túlkun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004, einkum 9. lið I. viðauka hennar. Dóminn skipuðu dómaramenir Páll Hreinsson, forseti, Bernd Hammermann (framsögumaður), og Siri Teigum (settur dómari), og hljóða dómsorð sem hér segir:

**Skýra verður 9. lið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004, þannig að hann taki til aðstæðna þar sem söluaðili lýsir yfir eða gefur til kynna með öðrum hætti, þar sem tekið er mið af þeirri heildarmynd sem miðlað er til almenns neytanda á þeim tíma þegar ákvörðun er tekin um viðskiptin, að löglegt sé að selja vöruna þegar hið gagnstæða er raunin. Hefur það ekki áhrif á matið hvort bann í innlendum lögum, eins og í þessu tilfelli, gildir í EES-ríkinu þar sem salan fór fram eða EES-ríkinu þar sem efndir eiga sér stað eða hvort tveggja. Þá hefur það ekki heldur áhrif á matið hvort viðkomandi bann í innlendum lögum reynist síðan andstætt reglum EES-réttar.**

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2020/EES/17/04

(mál M.9507 – Salini Impregilo/Astaldi)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. mars 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Salini Impregilo S.p.A. („Salini Impregilo“, Ítalíu).
- Astaldi S.p.A. („Astaldi“, Ítalíu).

Salini Impregilo nær yfirlýðingum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Astaldi.

Samruninn á sér stað í tveimur áföngum, í fyrsta lagi verður yfirlýðing náð með samningsbundum réttindum sem stofnast með tilboði sem Salini Impregilo gerði meirihlutaeiganda Astaldi og, hins vegar, með hlutabréfakaupum við lok þrotameðferðar með atbeina dómstóla.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Salini Impregilo: verktaki sem starfar á markaði fyrir byggingarframkvæmdir á heimsvísu, einkum í tíu aðildarríkjum ESB, m.a. Ítalíu, Rúmeníu og Póllandi og í 30 löndum utan EES.
- Astaldi: verktaki sem starfar á markaði fyrir byggingarframkvæmdir á heimsvísu, einkum í fjórum aðildarríkjum ESB, m.a. Ítalíu, Rúmeníu og Póllandi og í 14 löndum utan EES.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB C 90, 19.3.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9507 – Salini Impregilo/Astaldi

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9592 – Freudenberg/Low & Bonar)**

2020/EES/17/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. mars 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Freudenberg & Co. KG („Freudenberg“, Þýskalandi).
- Low & Bonar PLC („Low & Bonar“, Bretlandi).

Freudenberg nær yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir andlagi viðskiptanna, Low & Bonar.

Samruninn á sér stað með opinberu yfirtökuboði sem tilkynnt var 20. september 2019.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Freudenberg: þróun, framleiðsla og sala á breiðu úrvali af vöruflokkum, allt frá pakkningum og óofnum efnum til íhluta í lækningatæki, einnig titringsstjórnunarförur, síur, sérnotaíðefni, heimilislífur, sleipiefni, húðunarefni, hreinsunarþjónusta, þaklagir, einangrun og samsett efni.
  - Low & Bonar: framleiðsla og afhending á óofnum efnum, þrívíðum fjölliðuformum og tæknilegum húðuðum textílefnum.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að tilkynnt viðskipti geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttð. ESB C 91, 20.3.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9592 – Freudenberg/Low& Bonar

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjttð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja****2020/EES/17/06****(mál M.9662 – Generali/Klesia/JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. mars 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Assicurazioni Generali S.p.A. („Generali“, Ítalíu), sem einkum ræður yfir Generali Vie S.A. („Generali Vie“, Frakklandi).
- Einnig Groupe paritaire de protection sociale Klesia („Klesia“, Frakklandi), sem einkum ræður yfir Klesia Prévoyance, CARCEPT Prévoyance, IPRIAC, og gagnkvæma tryggingafélaginu Klesia Mut' (einu nafni „Klesia Prévoyance“, Frakklandi).

Generali og Klesia ná sameiginlegum yfirláðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir lífeyris- og heilbrigðisþjónustustarfsemi Generali Vie og lífeyris- og heilbrigðisþjónustustarfsemi Klesia Prévoyance („JV“).

Samruninn á sér stað með samningi eða eftir hvaða öðrum leiðum sem er.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Generali: tryggingar fyrir einstaklinga og fyrirtæki, m.a. einstakar tryggingar og líftryggingar, auk trygginga sem ætlað er að taka til viðskiptaáhættu og iðnstarfsemiáhættu fyrirtækja, auk endurtrygginga og dreifingar á tryggingavörum.
- Klesia: einkum líftryggingar og tilheyrandi eftirlaunaráðstafanir.
- JV: eftirlaunaráðstafanir og heilsutengd þjónusta í gegnum Generali Vie og Klesia Prévoyance.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB C 86, 16.3.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9662 – Generali/Klesia/JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja****2020/EES/17/07****(mál M.9675 – Apollo Capital Management/Lopesan Group/IFA Faro Hotel/  
IFA Buenaventura Hotel)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. mars 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Apollo Capital Management L.P. („Apollo“, Bandaríkjunum).
- Invertur Helsan, S.L.U. („Lopesan“, Spáni), sem fer endanlega með yfirráð yfir Lopesan Group.
- Hotel Faro, Lopesan Collection Hotel („IFA Faro Hotel“) og Abora Buenaventura By Lopesan Hotels („IFA Buenaventura Hotel“) (einu nafni „Target Hotels“, Gran Canaria, Spáni).

Apollo og Lopesan ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Hotel Faro og Hotel Buenaventura.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum og hótélumsjónarsamningi.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Apollo: fjárfestingar í fyrirtækjum sem fást við ýmiss konar starfsemi um allan heim, m.a. á sviði íðefna, einnig sjúkrahús, öryggismál, tryggingar, fjármálaþjónusta og fasteignastarfsemi.
- Lopesan Group: Spænsk samsteypa með aðsetur á Gran Canaria sem á fyrirtæki sem starfa í byggingarstarfsemi, í ferðaþjónustu, við fasteignaþróun, afþreyingu og landbúnað. Hún er eigandi og rekstraraðili 15 hótela sem staðsett eru á Gran Canaria, í Fuerteventura, Þýskalandi, Austurríki, og Dóminíska Lýðveldinu. Lopesan Group stýrir einnig sex hótélum í eigu þriðja aðila á Gran Canaria,
- „Target Hotels“: fjögurra og fimm stjörnu hótél með herbergi, veitingahús, bari og ráðstefnuaðstöðu í San Barthomome de Tirajana á Gran Canaria, Spáni.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttíð. ESB C 86, 16.3.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9675 – Apollo Capital Management/Lopesan Group/IFA Faro Hotel/IFA Buenaventura Hotel

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9705 – EXOR/GEDI)**

2020/EES/17/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. febrúar 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- EXOR N.V. („EXOR“) (Niðurlöndum).
- GEDI Gruppo Editoriale S.p.A („GEDI“, Ítalíu).

EXOR nær fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir GEDI.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- EXOR: eignarhaldsfélag með fjárfestingar í ýmsum geirum (bílaframleiðsla, framleiðsla á atvinnuökutækjum fyrir landbúnað, endurtryggingar og atvinnumennsku í knattspyrnu).
- GEDI: útgáfa, stafræn samskipti, auglýsingar, útvarp og sjónvarp.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttð. ESB C 89, 18.3.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9705– EXOR/GEDI

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjttð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

## Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2020/EES/17/09

(mál M.9742 – Sinopec Group/Joint Stock Company Novatek/Gazprombank/  
SINOVA Natural Gas Company)

## Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. mars 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Sinopec Gas Company Limited (Kína) („Sinopec Gas“), sem tilheyrir China Petrochemical Corporation („Sinopec Group“).
- Novatek Asia Development Holding PTE. LTD (Singapore) („Novatek Asia“), sem er undir yfirlýðum Joint Stock Company Novatek („Novatek“).
- Joint Stock Company Gazprombank-Asset Management Combined Closed-End Mutual Fund „Gazprombank – Arcturus“ (Rússlandi) („Gazprombank Asset Management“), sem er undir yfirlýðum Joint Stock Company Gazprombank („Gazprombank“).
- SINOVA Natural Gas Company Limited (Kína) („JV“).

Sinopec Gas, Novatek Asia og Gazprombank Asset Management ná í sameiningu yfirlýðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir hinu sameiginlega félagi, JV.

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Sinopec Gas: fæst einkum við verkefni á borð við byggingu og starfrækslu í tengslum við fljótandi jarðgas og jarðgas og sölu á fljótandi jarðgasi og jarðgasi. Sinopec Group er með starfsemi í olíu- og gasiðnaði.
- Novatek Asia: annast einkum hlutabréfaeign í sameiginlegum verkefnum Novatek og fjárfestingar í gas- og orkustarfsemi og/eða grunnvirkjaverkefni í Asíu. Novatek fæst við leit, framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu á jarðgasi og fljótandi vetni í Rússlandi og erlendis.
- Gazprombank Asset Management: fæst einkum við eignastýringu fyrir hönd stofnanafjárfesta. Gazprombank annast vítt svið banka- og fjármálaþjónustum, einkum í geirum á borð við jarðgas, olíu, jarðolúafurðir og orku.
- JV: mun fást við innflutning og útflutning, auk kaupa og sölu á jarðgasi (m.a. eftir leiðslum og fljótandi jarðgas) og fjárfestingu í verkefnum í Kína sem tengjast jarðgasi.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB C 88, 17.3.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9742 – Sinopec Group/Joint Stock Company Novatek/Gazprombank/SINOVA Natural Gas Company

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.



**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9747 – Lagardère Travel Retail/BTA/JV)**

2020/EES/17/10

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. mars 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Lagardère Travel Retail S.A.S. („Lagardère“, Frakklandi), sem er hluti af Lagardère Group (Frakklandi).
- BTA Havalimanlari Yiycek Ve Icecek Hizmetleri A.S. („BTA“, Tyrlandi), sem er hluti af Aéroports de Paris samstæðunni („ADP“, Frakklandi).

Lagardère og BTA ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki sem mun verða stofnað í Jórdaníu.

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Lagardère: ferðaþjónusta og veitingaþjónusta; starfsemi í 39 löndum um allan heim eins og er, m.a. Evrópu og Mið-Austurlöndum. Lagardère dótturfyrirtæki sem óbeint er í heild í eigu Lagardère SCA; endanlegt móðurfyrirtæki French Lagardère Group sem skráð er í kauphöllinni í París.
- BTA: matar- og drykkjarvörur á flugvöllum og siglingaleiðum í níu löndum í Evrópu og Mið-Austurlöndum. Fyrirtækið tilheyrir hópi fyrirtækja Aéroport de Paris SA sem stofnað var í Frakklandi og er skráð í kauphöllinni í París.
- Nýstofnað sameiginlegt fyrirtæki: mun veita matarþjónustu og ferðaþjónustu skv. sérleyfi á flugvöllum í Jórdaníu, einkum Queen Alia International Airport í Amman.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB C 83, 13.3.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9747 – Lagardère Travel Retail/BTA/JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja****2020/EES/17/11****(mál M.9755 – MAIF 2/PSP/AirTrunk)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. mars 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Macquarie Asia Infrastructure Investments 2 Pte. Ltd. („MAIF2“, Singapúr), sem er undir yfirráðum Macquarie Group Limited („Macquarie Group“, Ástralíu).
- Public Sector Pension Investment Board („PSP“, Kanada).
- AirTrunk Cayman Holding Trust („AirTrunk“, Cayman-eyjum)

MAIF2 og PSP ná í sameiningu yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir AirTrunk.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- MAIF2: fjárfestingar í grunnvirkjum og grunnvirkjatengdri starfsemi í Asíu. Það er hluti af Macquarie Group sem veitir þjónustu á sviði bankastarfsemi, fjármálaþjónustu og annast stýringu sjóða um allan heim.
- PSP: stýrir fjárfestingum nokkurra kanadískra lífeyriskerfa og hefur yfir að ráða fjölbreyttu, alþjóðlegu eignasafni, sem m.a. er samsett úr hlutabréfum, skuldabréfum og öðrum verðbréfum með föstum tekjum, ásamt fjárfestingum í óskráðum eignum, fasteignum, grunnvirkjum, náttúruauðlindum og framtaksfjárfestingum.
- AirTrunk: sérhæfir sig í gagnamiðstöðvum með vettvang fyrir viðskiptavinum með tölvuský og efnisveitu, sem og stórfyrirtæki á Asíu-Kyrrahafssvæðinu. Fyrirtækið starfrækir sem stendur tvö gagnaver í Sydney og Melbourne og er að þróa tvö gagnaver til viðbótar í Singapúr og Hong Kong.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB C 83, 13.3.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9755 – MAIF 2/PSP/AirTrunk

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9417 – Volvo Cars/AB Volvo/World of Volvo JV)**

2020/EES/17/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 23. janúar 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9417. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9590 – Oaktree/RAFI)**

2020/EES/17/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 11. desember 2019 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32019M9590. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9642 – Acerinox/VDM)**

2020/EES/17/14

Framkvæmdastjórnin ákvað 25. febrúar 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9642. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9647 – GHT Mobility/Stadtwerke Düsseldorf/CleverShuttle Düsseldorf)**

2020/EES/17/15

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. mars 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9647. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

<sup>(1)</sup> Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja** **2020/EES/17/16**  
**(mál M.9649 – TSR Recycling/Sims Metal Management (Certain Recycling Assets))**

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. mars 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9649. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja** **2020/EES/17/17**  
**(mál M.9665 – General Real Estate/Apleona Real Estate/Property Management JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 5. mars 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9665. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

<sup>(1)</sup> Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9719 – FFHL/OMERS/Riverstone)**

2020/EES/17/18

Framkvæmdastjórnin ákvað 25. febrúar 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9719. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9733 – ENGIE/Mirova/Predica/JV)**

2020/EES/17/19

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. mars 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9733. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

<sup>(1)</sup> Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9740 – ISQ/Rubis/Rubis Terminal)**

**2020/EES/17/20**

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. mars 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9740. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

<sup>(1)</sup> Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar í  
samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins  
(EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu  
Auglýsing um útbod á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir**

2020/EES/17/21

Aðildarríki	Ítalía
Flugleiðir	Comiso-Roma Fiumicino báðar leiðir Comiso-Milano Linate báðar leiðir Comiso-Milano Malpensa báðar leiðir Comiso-Bergamo Orio al Serio báðar leiðir
Samningstími	Frá 1. ágúst 2020 til 31. júlí 2023
Frestur til að skila tilboðum	Tveir mánuðir eftir að tilkynning þessi birtist ( <a href="#">Stjtið. ESB C 82, 12.3.2020, bls. 4</a> )
Unnt er að nálgast texta útbodsauglýsingarinnar, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða opinbera útbodið og almannajónustukvaðirnar	National Civil Aviation Authority (ENAC) Air transport development and licensing department Viale Castro Pretorio, 118 00185 Roma ITALIA Sími +39 0644596515 Netfang: <a href="mailto:osp@enac.gov.it">osp@enac.gov.it</a> Vefsetur: <a href="http://www.mit.gov.it">http://www.mit.gov.it</a> <a href="http://www.enac.gov.it">http://www.enac.gov.it</a>